

Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga 2014–2015



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8,

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Fax: 562 2984

Netfang: info@leiklist.is

Veffang: www.leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Bernharð Arnarson

Gísli Björn Heimisson

Uppsetning efnis:

Vilborg Valgarðsdóttir

Prófarkarlestur:

Gísli Björn Heimisson

Ólöf Þórðardóttir

Salbjörg Engilbertsdóttir

Ylfa Mist Hlegadóttir

Aðstoð og ráðgjöf:

Hörður Sigurðarson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélag Hafnarfjarðar á Ubba kóngi.

Ljósmynd Eddi.

Efnisyfirlit

Leikum áfram, hættum aldrei!	5
Aðildarfélag Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2014–2015	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar	8
Skýrslur nefnda frá aðalfundi 2. maí 2015	10
Skólanefnd	10
Leiklistarvefurinn	11
Handritasafnsnefnd	12
Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2014	13
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	16
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2014-2015	58
Stuttverkahátíð NEATA	60
Leiklistarhátíð NEATA 2014	63
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	68
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	72
Ársreikningur 2014	89
Menningarstefna	98
Allt fyrir andann	98
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	99

Leikum áfram, hættum aldrei!

Þegar þetta er skrifað við lok ágúst mánaðar á því herrans ári 2015, veit undirrituð að um allt land eru leikfélög landsins að vakna eftir sumarfrí. Sum félög starfa reyndar heilmikið á sumrin líka. Stjórnir leikfélaga eru að skipuleggja starf vetrarins og starfið er fjölbreytt. Eigum við að setja upp barnaverk, dramatískt verk, farsa? Verður námskeið, stuttverkadagskrá, jóladagskrá? Eigum við að skrifa verk, spinna, devisa? Á að fara í ferð, fara með leikverk til útlanda? Það er svo margt hægt að gera og fjölbreytileiki í verkefnavali og dagskrá ólíkra leikfélaga um land allt á sér engin takmörk. Þetta endurspeglast í þeim verkefnum sem leikfélögin tókust á við á liðnu leikári. Í júnímánuði fær stjórn Bandalagsins það skemmtilega verkefni að fara yfir umsóknir félaganna um styrki vegna verkefna vetrarins. Fjölbreyntin er ótrúleg og gaman að sjá hversu mikinn þátt félögin taka í að setja svip á sín sveitarfélög með ýmsum hætti. Umsóknir um styrki bárust frá 36 leikfélögum vegna 109 leiksýninga og leikþátta, 17 námskeiða og 38 nemenda í Leiklistarskóla BÍL. Tölur Hagstofunnar um fjölda áhorfenda benda til þess að leikfélögin eigi sé dyggan áhorfendahóp, en tala áhorfenda hefur verið í kringum 35.000 ár hvert undanfarin 15 ár.



*Guðfinna Gunnarsdóttir
formaður Bandalags íslenskra leikfélaga*

Bandalagið er 65 ára í ár og krafturinn og leikgleðin hefur ekki minnkað heldur eflst og dafnað, sem betur fer. Mörg félög eiga í góðu samstarfi við heimasveitarfélög sín, hafa jafnvel gert samstarfssamninga þar sem tryggt er húsnæði fyrir starfsemi þeirra og fleira. Önnur félög standa verr að vígi hvað þetta varðar og eru ekki eins vel í sveit settir varðandi aðgengi að húsnæði. Ég hvet félögin til bera saman bækur sínar og leita ráða hjá hvert öðrum um samstarf og styrki frá sveitarfélögum. Ég hvet ykkur einnig öll til að bjóða ráðamönnum, sveitarstjórnarmönnum, ráðherrum og þingmönnum úr ykkar kjördæmum í heimsókn í leikhúsin ykkar, bjóðið þeim að skoða aðstöðuna, bjóðið þeim á sýningar aftur og aftur og minnið þannig á ykkur.

Starfsemi skrifstofunnar okkar hefur gengið sinn vanagang, en reksturinn verið áfram í járnum. Nú liggur fyrir að stjórn og framkvæmdastjóri þurfa að sækja til sóknar hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og landa góðum samningi um rekstur skrifstofunnar, til að minnsta kosti næstu þriggja ára. Ákveðin óvissa ríkir ávallt í þessum efnunum, sérstaklega þegar litið er til þess að við erum „dottin“ út af föstum fjárlögum og þurfum þess vegna að berjast um bitana. Það er erfitt að bíta í það súra epli að þurfa að sækjast eftir viðurkenningu á því frábæra starfi sem unnið er innan Bandalagsins enn og aftur, starfi sem löngu er búið að sanna sig. Þarna eru um að ræða lágar fjárhæðir sem geta skipt miklu.

Margfeldisáhrifin sem eitt leikfélag hefur í sínu samfélagi eru óumdeilanleg. Mikilvægi starfsins er óumdeilt, afurðirnar frábærar og framlegðin mikil. Við getum alltaf sýnt fram á hagræði í rekstri því rekstrarafkoman, maður minn, mælist ekki í krónum og aurum, heldur þessu óútskýrða, loftkennda ástandi og afli sem við öll vitum að fylgir því að taka þátt í leikhúsi.

En við leikum samt áfram, alltaf áfram, hættum aldrei.

Guðfinna Gunnarsdóttir

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2014–2015

Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar

Borgarbörn, Reykjavík

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Hugleikur, Reykjavík

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Leikfélag Austur-Eyfellinga

Leikfélag Blönduóss

Leikfélag Bolungarvíkur

Leikfélag Dalvíkur

Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Flateyrar

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hofsóss

Leikfélag Hornafjarðar

Leikfélag Hólmavíkur

Leikfélag Húsavíkur

Leikfélag Hveragerðis

Leikfélag Hörgdæla

Leikfélag Keflavíkur

Leikfélag Kópavogs

Leikfélag Mosfellssveitar

Leikfélag Norðfjarðar

Leikfélag Ólafsvíkur

Leikfélag Rangæinga

Leikfélag Reyðarfjarðar

Leikfélag Sauðárkróks

Leikfélag Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

Leikfélag Vestmannaeyja

Leikfélag Þórshafnar

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

Leikfélagið Baldur, Bíldudal

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri

Leikfélagið Óríon, Reykjavík

Leikfélagið Peðið, Reykjavík

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

Leikflokkurinn Hvammstanga

Leikhópurinn Lopi, Árborg

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal

Leikklúbburinn Krafla, Hrísey

Leikklúbburinn Saga, Akureyri

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Snúður og Snælda, Reykjavík

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri

Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskóga-
byggð

Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri

Umf. Reykdæla, Reykholti

Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi
Práinn Sigvaldason
Borgarfirði eystri*



*Varaformaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfóssi*



*Formaður
Þorgeir Tryggvason
Reykjavík*



*Ritari stjórnar
Ólöf Þórdardóttir
Mosfellsbæ*



*Meðstjórnandi
Bernharð Arnarson
Hörgárdal*



*Varastjórn
Gísli Björn Heimisson
Hafnarfirði*



*Varastjórn
Salbjörg Engilbertsdóttir
Hólmavík*



*Varastjórn
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Borgarfirði*



*Varastjórn
Þrúður Sigurðar
Þorlákshöfn*



*Varastjórn
Ylfa Mist Helgadóttir
Bolungarvík*



*Framkvæmdastjóri
Völborg Árný Valgarðsdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík*



*Skólástýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík*



*Skólástýra og
handritasafnsnefnd
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Gísli Björn Heimisson
Hafnarfirði*



*Skólanefnd
Herdis Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ*



*Lésherra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík*



*Handritasafnsnefnd
Örn Alexandersson
Reykjavík*



*Handritasafnsnefnd
Ármann Guðmundsson
Reykjavík*



*Fulltrúi í NEATA-youth
María Björt Ármannsdóttir
Reykjavík*

Skýrsla stjórnar

Lögð fram á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga á Melum í Hörgárdal 2. maí 2015

I – Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Porgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, varaformaður

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, ritari

Bernharð Arnarson, Hörgárdal, meðstjórnandi

og Þráinn Sigvaldason, Borgarfirði eystri,

meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Embla Guðmundsdóttir Umf.

Reykðæla, Gísli Björn Heimisson, Leikfélagi

Hafnarfjarðar, Salbjörg Engilbertsdóttir, Leikfélagi

Hólmavíkur, Ylfa Mist Helgadóttir, Leikfélagi

Bolungarvíkur, og Þrúður Sigurðardóttir, Leik-

félagi Ölfuss.

Framkvæmdastjóri og allt í öllu í Þjónustumiðstöðinni er sem fyrr Vilborg Árný Valgarðsdóttir.

Stjórn hélt fjóra fundi á starfsárinu. Einn í Vestmannaeyjum að afloknum aðalfundi en hina þrjá í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík. Fjarfundabúnaður var nýttur til að koma Þráni í samband við fundi í tvö skipti og gafst vel.

Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað fyrir góða og vinnusama fundi á starfsárinu.

II – Starfsemi félaganna

38 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 110 leiksýningar og leikþætti, 20 námskeið og 30 skólanemendur fyrir leikárið 2013–14. Fullur styrkur reyndist vera 256.301 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 57 talsins.

II – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Eftir umbrotatíma í rekstrar- og fjármálum miðsvöðvarinnar virðist nú loksins vera komið á jafnvægi, eins og reikningar sem framkvæmdastjóri skýrir síðar á fundinum mun leiða betur í ljós.

Um skólann og vefinn munu fulltrúar viðkomandi nefnda fjalla í sínum skýrslum.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 16.2 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 5 milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem gildir til loka ársins 2015. Samning okkar við mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að endurnýja á næstu mánuðum og höfum við óskað eftir að funda með ráðuneytisfólki við fyrsta tækifæri. Ljóst er að við munum leita eftir hækkuðum framlögum til að koma starfseminni á þann kjöl sem hann þarf að vera til framtíðar. Á síðasta stjórnarfundum var ákveðið að fara fram á að styrkur til starfsemi Bandalagsins verði sambærilegur og hann var fyrir hrun eða 8,5 milj.

Um baráttu fyrir hækkun styrks til starfsemi leikfélaganna er það að segja að ríflega árgamalli beiðni okkar um fund með ráðherra hefur ekki verið svarað.

Sérverkefni ársins

Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi 4. október 2014.

Það var komið ískyggilega nærri hátíðinni þegar skipulagsnefndin fór í vettvangsferð í Hlégarð þar sem til stóð að halda hátíðina. Strax varð ljóst að það myndi kosta ófá handtök að gera sýningar- aðstöðuna nothæfa fyrir hátíð af þessu tagi. Ákveðið var á staðnum að kanna aðra möguleika og stuttu síðar lá fyrir að Leikfélag Kópavogs gæti hýst hátíðina í Leikhúsinu sínu. Leikfélag

Mosfellssveitar tók eftir sem áður að sér að sjá um hátíðarkvöldverð sem þau gerðu með miklum bravör.

Það reyndist mikið heillaspor að fá inni hjá LK. Þar ráða ríkjum miklir skipulags- og tæknimeistarar og tóku þeir til óspilltra málanna að undirbúa, kalla eftir upplýsingum og gera kerin klár. Enda var útkoman hreint afbragð. Fullur salur, en engum þurfti að vísa frá, snurðulaust flæði á öllu og dýrðlegur kynnrir úr röðum Kópavogsmanna, trúðurinn Sessa sem fór á kostum. Sýningarnar urðu á endanum 15, 3 frá Færeyjum og 12 frá 7 íslenskum leikfélögum. Allar afbragð, um það voru áhorfendur og gagrýnendur sammála. Sem og tveir gestir hátíðarinnar frá systursamtökum Bandalagsins í Danmörku, sem fóru heim fullir eldmóðs og áforma um að hefja stuttverkavæðingu vorrar gömlu herrapjóðar hið snarasta. Bandalag íslenskra leikfélaga færir Leikfélagi Mosfellssveitar og Leikfélagi Kópavogs séstakar þakkir fyrir frábæra og óeigingjarna vinnu og framlag við þessa frábæru hátíð.

IV – Önnur mál

Hugleikur varð hlutskarpastur í samkeppni Þjóðleikhússins um Athyglisverðustu áhugaleik-sýningu síðasta árs og sýndi Stund milli stríða eftir Þórunni Guðmundsdóttur á stóra sviðinu 7. júní. Í ár eru sýningarnar átján sem valið verður milli og mun fulltrúi Þjóðleikhússins tilkynna um það undir borðum hér í kvöld.

Af erlendum vettvangi má geta þess að fulltrúar okkar á NEATA-hátíðinni í Porvoo síðasta sumar var Leikfélagið Sýnir sem bauð upp á hreint magnaða sýningu á Sjö samúræjum, með dyggri aðstoð skógarguða Finnlands sem smíðuðu ótrúlega þénuga leikmynd. Vilborg og Þorgeir sóttu hátíðina á eigin vegum og sátu ársfund NEATA. Næsti stóri fundur er í sumar, þegar IATA/AITA alþjóðahátíðin verður haldin í Belgíu. Þar mun Ísland eiga fulltrúa, en sýning Hugleiks, Hin einkar hörmulega ópera um grimman dauða Píramusar og Þispu, var valin til sýningar. Þátttakendur í sýningunni munu sitja ársfund NEATA og aðalfund IATA/AITA fyrir hönd Bandalagsins, á eigin kostnað að venju.

Að gefnu tilefni hafa mál tengd höfundarétti komið til umræðu hjá stjórn í tengslum við

ólöglegar uppsetningar á verkum, þó sérstaklega söngleikjum. Ólöglegar, segjum við vegna þess að engu leikfélagi er heimilt að setja upp leikverk án þess að vera búíð að tryggja sér sýningarrétt og greiða fyrir höfunda- og þýðendalaun. Stjórn hefur sent bæði aðildarfélögum og Félagi leikstjóra skilaboð, þar sem það er áréttað að styrkveitingar haldist í hendur við sýningarrétt. Það er rangt og ábyrgðarlaust af aðstandendum leik-sýninga að leggja af stað í uppsetningu án þess að búíð sé að tryggja og greiða fyrir sýningarrétt. Ljóst er að slíkir gjörningar setja ljótan blett á gott og faglegt starf okkar félaga sem vanda til verka. Þetta getur leitt til leiðinda togstreitu og Bandalagið bendlað við vond vinnubrögð fárra. Við verðum öll að standa vörð um rétt höfunda og þýðenda.

Eins og glöggir fundarmenn hafa áttað sig á er formaður Bandalagsins fjarri þessu góða gamni. Þorgeir er staddur í Berlín og biður fyrir góðar kveðjur, og þessi lokaorð:

„Ég hef nú setið sem formaður Bandalagsins í fjögur kjörtímabil og hef ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi setu. Tímabært að breyta til, bæði fyrir mig og hreyfinguna. Þetta hafa verið erfið ár í sögu Bandalagsins. Fjárhagslegar þrengingar, húsnæðis-sviptingar og grófur niðurskurður á opinberum stuðningi hafa einkennt þennan tíma og það er annarra að dæma um hversu vel okkur hefur gengið að spyrna við fæti og vinna úr þeim afleitu spilum sem við höfum haft á hendi, oftast nær.

Mig langar að þakka því frábæra fólki sem barist hefur með mér í stjórn og varastjórn fyrir framúrskarandi samstarf. Einnig hinum öflugum fagnefndum og Lénsherranum sérstaklega. Og síðast en ekki síst starfsfólki okkar. Hörmulegt var að missa Ármann úr liðinu og nánast óhugsandi, nema fyrir þann ótrúlega klett sem við eigum í Vilborgu. Takk fyrir samstarfið mín kæru.

Þó illa ári í peningum og umgjörð er leiklistin söm við sig. Ekkert hemur sköpunarkraft fólksins, þess sjáum við endalaus dæmi um allt land, og höfum alltaf séð. Meðan svo er höfum við engar áhyggjur, nema rétt svona til að brýna okkur til góðra verka og endurreisnar.

Leikum núna!

*Þorgeir Tryggvason og Guðfinna Gunnarsdóttir.
Guðfinna flutti skýrsluna.*

Skýrslur nefnda frá aðalfundi 2. maí 2015

Skólanefnd

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 2. maí 2015:

Í júlí árið 2014 kvöddum við Gunnhildi Svönu Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Leiklistarskóla Bandalagsins og nefndarkonu í skólanefnd. Við sem þekktum hana hugsum alltaf til hennar með miklum söknuði en um leið djúpu þakklæti fyrir allt hennar ómetanlega starf í þágu skólans, vináttu og kærleik. Þekking Gunnhildar og reynsla af áhugaleiklist og almennu skólastarfi, kjarkur hennar, metnaður, skipulagshæfileikar, jákvæðni og hlýja átti ríkan þátt í að skólinn varð að veruleika í þeirri mynd sem hann hefur starfað til þessa. Allir sem hafa komið að leiklistarskólunum þekkja þann skólaanda sem Gunnhildur átti svo ríkan þátt í að móta og framlag hennar verður aldrei fullþakkað. Gunnhildur var skólastýra ásamt Sigríði Karlsdóttur fyrstu 10 starfsár skólans og var þá jafnframt formaður skólanefndar bandalagsins. Hún sat áfram í skólanefndinni eftir að hún hætti sem skólastýra og við sem störfuðum þar með henni nutum reynslu hennar og mannkosta. Hún starfaði með okkur til hinsta dags þrátt fyrir erfið veikindi enda var Gunnhildur kona sem kunni þá list að fanga og njóta lífsins líðandi stunda.

Eftir fráfall Gunnhildar var Gísli Björn Heimisson skipaður í skólanefnd og hefur unnið ásamt mér, Dýrleifi Jónsdóttur, Herdísi Þorgeirsdóttur og Hrund Ólafsdóttur. Sem fyrr ber skólanefndin höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka öllu samnefndarfólki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 18. sinn þann 14. júní 2014 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Þar var tekið vel á móti hópnum. Eins og undanfarin ár lögðum við staðinn undir okkur og unnum í öllum hornum frá morgni til kvölds í lærdóm og leikaraskap.

Skólann árið 2014 sóttu alls 49 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist I – kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Leikritun II – kennari Karl Ágúst Úlfsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara – kennari Rúnar Guðbrandsson.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til almennrar ánægju með skólastarfið.

Þegar hafist var handa við undirbúning skólaársins 2015 kom í ljós að Húnavatnshreppur hafði auglýst eftir nýjum rekstraraðila að Húnavöllum. Okkur var mjög létt þegar við höfðum náð viðunandi samningum við nýjan rekstraraðila. Við hlökkum til samstarfsins og vonum að allt gangi að óskum.

Árið 2015 verður leiklistarskólinn settur að Húnavöllum þann 6. júní. Boðið er upp á þrjú námskeið:

- Rúnar Guðbrandsson mun kenna Leikstjórn I – þar eru skráðir 14 nemendur og 2 á biðlista – við erum að skoða hvort þeim verði bætt í hópinn
 - Ágústa Skúladóttir mun kenna Leiklist II – þar eru skráðir 15 nemendur og hægt að taka einn í viðbót
 - Dóra Jóhannesdóttir mun bjóða upp á sérnámskeið fyrir leikara – nánar tiltekið námskeið um langspuna með áherslu á Haraldinn – þar eru skráðir 10 nemendur og pláss fyrir fleiri.
- Þá bjóðum við höfundum að koma í heimsókn til að vinna að skrifum – alls hafa 4 sótt um að koma.

Námskeiðsgjald hækkar aðeins milli ára – var kr. 78.000 kr. en er nú kr. 89.000 kr. Þetta má rekja til almennra hækkana í samfélaginu, t.d. á matarskatti, og fylgir líka samningum við nýjan staðarhaldara sem hefur gert einhverjar breytingar á húsnæðinu. Við treystum því að kostnaði sé haldið í lágmarki og teljum þetta gjald viðunandi.

Hér lýkur þá skýrslu skólanefndar sem hlakkar til skólaársins 2015. Takk fyrir.

Hrefna Friðriksdóttir.

Leiklistarvefurinn

Skýrsla vefnefndar 2015

Lögð fram á aðalfundi BÍL að Melum í Hörgárdal
2. maí 2015

Í vefnefnd sitja undirritaður auk framkvæmdastjóra. Skýrsla vefnefndar hefur verið með svipuðu sniði undanfarin ár. Hún hefur einkennst mjög af barlómi yfir því að ekki hafi fengist fjármagn til að uppfæra Leiklistarvefinn sem er vægast sagt farinn að sýna ellimörk. Ýmislegt hefur þrýst á um uppfærslu m.a. hefur vefurinn dregist mjög aftur úr hvað útlit varðar og einnig hefur hann heldur ekki fylgt framþróun í vefmálum, ekki síst á tímum spjaldtölva og annarra snjalltækja. Þá er mjög farið að slá í hann út frá öryggisjónarmiðum. Það er því löngu tímabært að uppfæra vefinn og eftir nokkurra ára betligöngu vefnefndar, veitti stjórn loks síðastliðið haust viljrði fyrir fjármagni til að ráðast í uppfærslu. Ekki hefur þó gefist tími né aðstaður verið til að ráðast í það verkefni, fyrr en núna. Vefnefnd er það mikið gleðiefni að geta tilkynnt að uppfærsla hefur nú staðið yfir í nokkrar vikur og nýr og betri Leiklistarvefur verður opnaður formlega á þessu þingi.

Gestir munu sjá fljótt að vefurinn hefur fengið nýtt útlit en mesta breytingin er þó undirliggjandi, því sú ákvörðun var tekin að skipta um umsjónar kerfi. Við höfum notast við Joomla-kerfið um margra ára skeið en höfum nú skipt yfir í WordPress sem er sennilega það kerfi sem mestur vöxtur hefur verið í undanfarin ár. Við vorum með ævafora útgáfu af Joomla-kerfinu og það hefði sennilega kostað mun meiri vinnu að uppfæra það í nýjustu útgáfu heldur en að skipta yfir í WordPress. WordPress er auk þess að flestu leyti einfaldara í sniðum, það fullnægir okkar þörfum og það er trú okkar að það sé einfaldara í viðhaldi og umsýslu.

Að efni til verða ekki stórvægilegar breytingar á vefnum. Helstu efnisflokkar eru fluttir óbreyttir yfir og er þar helst að nefna Leikritasafnið sem þurfti þó að endurhanna að nokkru leyti en ætti nú að vera skýrara og aðgengilegra. Við höfum einnig bætt við efnisflokki um leiklistarnám, hérlandis sem erlendis og væntum þess að það muni

nýtast vel þeim mikla fjölda sem leitar að námi í leiklist, hvort sem er styttra eða lengra nám, fyrir fullorðna sem og börn og unglínga. Þessi flokkur er, ásamt öðru, liður í nýrri stefnu vefnefndar sem gengur út á að nýta vefinn betur til að tæla fólk til fylgilags við áhugaleiklistina. Félagsmönnum í áhugahreyfingunni hefur farið fækkandi á undanförnum árum og áratugum. Leiklistarvefinn á að okkar mati að nýta m.a. til að kynna fólki áhugafélögin sem opin félög sem taka fagnandi á móti nýjum og áhugasömum félagsmönnum. Því eru félögin hvött til að senda inn upplýsingar um námskeið sem þau standa fyrir þannig að hægt sé að auglýsa þau á vefnum. Einnig er mikilvægt að félögin gæti þess að upplýsingar um þau á vefnum séu uppfærðar og réttar.

Stærsta breytingin hvað vefinn varðar, sem snýr að gestum, er þó hin nýja Leikhúsbúð, því loks er komin á koppinn almennileg vefverslun þar sem er að finna ítarlegar upplýsingar um vörur og vörflokka. Viðskiptavinir geta skoðað úrvalið en einnig pantað sér vörur á vefnum og valið hvort þeir sækja pöntunina á staðinn eða láta senda. Öll framsetning á vörum er til mikilla bóta og þó það kosti auðvitað vinnu að viðhalda því ætti það einnig að spara vinnu á öðrum sviðum. Kerfið býður auk þess upp á gefa út afsláttarmiða og er stefnt að því að aðildarfélögin fái kóða sem þau geta notað til að fá sinn venjubundna 20% afslátt þótt pantað sé á vefnum. Enn er nokkur vinna eftir í að uppfæra vöruúrvalið í vefversluninni en innan skamms verða allar vörur Leikhúsbúðarinnar tiltækar á vefnum.

Nýr vefur opnar sem sé í dag en það má gera ráð fyrir að þússa þurfi eitt og annað til næstu vikunar og fram eftir sumri. Auðvitað tekur vefnefnd síðan af ljúfmennsku við ábendingum um viðbætur og það sem betur má fara. Þetta er stór dagur fyrir Leiklistarvefinn og þungu fargi létt af Lénsherra sem þarf nú ekki að standa grátandi í pontu á Bandalagsþingi, a.m.k ekki næstu árin.

Ekki er þó ætlunin að slá slöku við, því vefnefnd hefur þegar sett niður næsta verkefni sem yrði félögunum og Þjónustumiðstöðinni til mikila

hagsbóta. Við stefnum að því að gera umsóknar-eyðublöðin fyrir ríkisstyrkinn aðgengileg á vefnum þannig að félögin geti fyllt út og sent inn allar upplýsingar þar. Þetta þýðir í fyrsta lagi að pappírshrúgan minnkar umtalsvert og framkvæmdastjóri vor þarf ekki lengur að sitja sveittur við að slá inn upplýsingar þegar þær fara að berast með vorinu. Þetta þýðir líka að félögin geta á auðveldan máta gengið frá umsóknum fyrir tiltekin verkefni um leið og þeim lýkur og þannig dreift vinnunni yfir lengri tíma. Enn er

þessi hugmynd ekki nema blik í auga Lénsherra og enn nokkuð í að vinna við verkið hefjist. Þessi vinna mun auk þess kosta okkur nokkurt fé og fyrsta skrefið að fá mat á þann kostnað. Ef lausn finnst á fjárhagshliðinni ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að koma þessari hugmynd í framkvæmd á næsta leikári.

*F.h. vefnefndar,
Hörður Sigurðarson, Lénsherra*

Handritasafnsnefnd

*Skýrsla handritasafnsnefndar 2015
Flutt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga 2.
maí 2015*

Nefndina skipa Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson.

Nefndin fundaði einu sinni á leikárinu. Þar var m.a. rædd sú staða sem komin er upp með handritasafnið eftir að skorin var niður staða ritara þjónustumiðstöðvar Bandalagsins en eitt af hans hlutverkum hans var umsjón handritasafnsins og aðföng fyrir það. Þar sem aðdráttur handrita var sérstakt áhugamál fyrrverandi ritara, sem gjarnan stökk á leikskáld og krafði um handrit ef þau áttu erindi í þjónustumiðstöðina, og þar sem öðrum verkum sem hvíla á framkvæmdastjóra fjölgaði við niðurskurðinn, hefur eðlilega dregið úr þeim fjölda handrita sem safninu hefur borist. Eina umtalsverða viðbótin, fyrir utan verk uppsett hjá Bandalagsleikfélögum, var heildarsafn verka eftir leikskáldið Gunnar M. Magnúss sem afkomendur hans afhentu safninu, en Gunnar var ágætlega afkastamikið leikskáld upp úr miðri síðustu öld. Handritasafn Bandalagsins telur nú tæplega 3.800 titla.

Handritasafnsnefnd er sammála um að ástæða sé til að bregðast við þessum minnkandi aðföngum og að það þurfi að gera átak í að afla eldri verka, þar sem hún lítur svo á að markmiðið með safninu eigi að vera að þar séu aðgengileg öll leikhandrit sem sett hafi verið upp hérlendis, þó svo

að vissulega sé það háleitt og fjarlægt markmið eins og staðan er í dag. Með hverju árinu sem líður aukast líkur á að handrit glatist, hvort heldur þau eru aðeins til í pappírs eða á tölvu leikskáldsins. Til þess að slíkt átak sé hægt að gera þyrfti að ráða manneskju í a.m.k. hlutastarf við að hafa upp á leikritum og koma þeim í safnið og þar sem það er dagljóst að Bandalagið hefur ekki fjármagn til frekari mannráðninga yrði það að koma annars staðar frá og því þyrfti að sækja um styrki til slíks verks. Til að gera slíka styrkumsókn sterkari telur nefndin að leita ætti eftir stuðningi frá öllum helstu samtökum og stofnunum íslenskrar leiklistar, þ.m.t. Félagi leikskálda og handritshöfunda, Sjálfstæðu leikhúsunum, stóru leikhúsunum o.fl. aðilum, t.d. í formi áskorunar á stjórnvöld að styrkja þetta verkefni. Einnig mætti hugsa sér að í staðinn kæmi einhvers konar samstarf við Landsbókasafn sem með réttu ætti að hafa það hlutverk með hendi að safna íslenskum leikhandritum en gerir ekki þar sem leikrit eru almennt ekki formlega gefin út og því ekki skilaskylda á þeim líkt og með prentað efni.

Hugmyndir þessar eru ekki mikið lengra á veg komnar og t.d. hefur stjórn Bandalagsins ekki fjallað um þær en það er hugur í handritasafnsnefnd að láta á þær reyna á næsta leikári ef samþykki fyrir því fæst.

*F.h. handritasafnsnefndar
Ármann Guðmundsson*

Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2014

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 18. sinn þann 14. júní 2014 að Húnavöllum í Húnavatns-hreppi og honum slitið sunnudaginn 22. júní. Skólann árið 2014 sóttu alls 49 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist I – kennari Ágústa Skúladóttir.
2. Leikritun II – kennari Karl Ágúst Úlfsson.
3. Sérnámskeið fyrir leikara – kennari Rúnar Guðbrandsson.

Auk kennara og nemenda voru þær skólastýrur Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir á staðnum allan tíman og héldu utan um starfseminu eins og þeim einum er lagið.

Textinn hér á eftir er úr kynningarbæklingi skólans.

Leiklist I - grunnnámskeið Kennari Ágústa Skúladóttir

Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði í list leikarans. Lögð verður áhersla á að leysa úr viðjum frumorku, einlægni og sköpunargleði, samband leikarans við sjálfan sig, meðleikara og áhorfendur. Unnið verður með líkamsbeitingu og texta og einnig verður kíkt á mismunandi leik-aðferðir eða leikstíla eins og t.d. trúðleik, harmleik, Bouffon og melodrama. Nemendur munu takast á við agann sem þarf að vera til staðar í stórum, stílfærðum hópsenum en einnig verður farið í spuna í smærri hópum, tvíleik og stutta einleiki.

Mikilvægi liðsheildar hóps verður ríkjandi þáttur námskeiðsins því þegar hlustun og leikgleði ráða ríkjum getur allt gerst!

Mottó námskeiðsins: Einn fyrir alla – allir fyrir einn!!

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikara og þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I. Næsta sumar verður haldið framhaldsnámskeið sem byggir á þessu námskeiði.



Hrefna Friðriksdóttir



Dýrleif Jónsdóttir


Leiklist – sérnámskeið Kennari Rúnar Guðbrandsson

Á námskeiðinu verða kynntir mismunandi leikstílar og ólíkar aðferðir við að greina og túlka leikverk. Námskeiðið verður að hluta til fræðilegt, en einkum þó verklegt. Þátttakendum verða sendar stuttar senur til að kynna sér (og helst að læra utanað) áður en námskeiðið hefst. Hver dagur hefst síðan á fyrirlestri, fyrirspurnum og umræðum um tiltekinn leikstíl, því næst verður vorksjoppað í nokkra stund, þar sem allur hópurinn vinnur saman með æfingar og hugmyndir tengdar viðkomandi leikstíl.

Seinni partinn vinnur fólk í smærri hópum og þörum með áðurnefndar senur og spreytir sig á að beita þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið. Í lok dagsins verður svo afraksturinn skoðaður og ræddur. Síðustu dagana vinnur svo hver hópur (þör) eina senu í einum tilteknum stíl og flytur hana að lokum fyrir áhorfendur.

Þeir leikstílar sem unnið verður með: Commedia dell'arte. Kerfi Stanislavskys (Stanislavskys system) og ameríska metóðan (The American method, t.d. hugmyndir Lee Strassberg, Stella Adler, Sanford Meisner). Leikstíll Bertolds Brecht (Epíska leikhúsið). Fátæka leikhúsið, (Jerzy Grotowski). Dansleikhús. ... og hugsanlega eitthvað fleira. Auk leikatriðanna munu þátttakendur fá lesefni til fróðleiks og er æskilegt að þátttakendur séu læsir á enska tungu.

Sérnámskeið í leiklist, ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I og II og/eða sambærileg grunnnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af sviðsleik.



Rúnar Guðbrandsson



Ágústa Skúladóttir



Karl Ágúst Úlfsson

Leikritun II - grunnnámskeið Kennari Karl Ágúst Úlfsson

Rifjaðar verða upp helstu grunnreglur leikritsins, en jafnframt farið allnáið í undirbúningsvinnu höfundarins, byggingarefni sögunnar og uppbyggingu lengri verka. Burtséð frá lengd verkanna sem höfundar verða með í smíðum munum við að endingu velja hluta hvers verks fyrir sig til fullvinnslu í samvinnu við leikara og leikstjóra.

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leikritun I eða sambærilegt námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af ritun og vinnslu leiktexta. Einkum eru þeir sem eru með verk í smíðum, hvort sem það er komið langt á veg eða skammt, hvattir til að taka þátt í námskeiðinu og nýta sér jákvætt, skapandi og styðjandi andrúmsloft.

Nemendur Karls Ágúst

Aðalsteinn Jóhannsson
Ármann Guðmundsson
Ásta Gísladóttir
F. Elli Hafliðason
Gerður H. Sigurðardóttir
Gísli Björn Heimisson
Gunnar Sturla Herverarson
Halldór Magnússon
Heiðís Buzgó
Ingveldur Lára Þórðardóttir
Jónheiður Ísleifsdóttir
Ólafur Þórðarson
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
Sigrún Tryggvadóttir
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir
Þórunn Guðmundsdóttir

Nemendur Ágústu

Almar Blær Sigurjónsson
Arney Þyrí Guðjónsdóttir
Askur Kristjánsson
Diana Ellen Hamilton
Fjölur Gíslason
Hafþór Agnar Unnarsson
Jóhanna Fríða Dalkvist
Jónas Ellertsson
Kolbrún Lilja Guðnadóttir
Magnþóra Kristjánsdóttir
María Björt Ármannsdóttir
Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Sigurveig Mjöll Tómasdóttir
Silja Kjartansdóttir
Úlfhildur Örnólfsdóttir
Vera Kristín Jónasdóttir
Viðar Utley
Þráinn Ingólfsson

Nemendur Rúnars

Anna Margrét Pálsdóttir
Arnfinnur Daníelsson
Ármann Ingunnarson
Björgúlfur Egill Pálsson
Erla Dan Jónsdóttir
Erna Björk H. Einarsdóttir
Fanney Valsdóttir
Guðfinna Gunnarsdóttir
Guðlaug Björk Eiríksdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir
Helga Björk Pálsdóttir
Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Sigríður Hafsteinsdóttir
Stefán H. Jóhannesson
Ylfa Mist Helgadóttir



Allur hópurinn spariklæddur fyrir lokakvöldverðinn



Húnavallaskóli í Húnavatnshreppi

Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna



Borgarbörn, barna- og unglingleikhús

Mamma Gje?

Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir
Þátttakendafjöldi: 17
Sýningarfjöldi: 18
Áhorfendafjöldi: 1282

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stjórn skipa: Erla Ruth Harðardóttir formaður, Ragnheiður Hall gjaldkeri, Steinunn Hall ritari, Elfar Elí Schweitz Jakobsson meðstjórnandi og Marólína G. Erlendsdóttir meðstjórnandi.

Borgarbörn, barna og unglingleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var níunda árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk.

Söngleikurinn „Mamma Gje?“ eftir Erlu Ruth Harðardóttur var frumsýndur 30. nóvember 2014 í Iðnó. Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og átti hugmynd að búningum og leikmynd. Sautján leikarar tóku þátt. Að þessu sinni brugðum við út af vananum og vorum með einfalt kast í stað þess að tveir leikarar væru um hvert hlutverk. Sýningar urðu 18 og hlutu góðar móttökur áhorfenda. Þær

Elísa Sif Hermannsdóttir og Karen Ýr Jóelsdóttir báru hitann og þungan af hljóð- og ljóssastjórn, báðar eru þær reyndir Borgarbarnameðlimir og unnu sín störf með mestu þryði. Hljóðmynd sá Ragnheiður Hall um og Rebekka Sif Stefánsdóttir tók að sér söngstjórnina líkt og á síðasta ári. Auður Finnbogadóttir, fyrrum Borgarbarnameðlimur var danshöfundur eins og síðast og á hún hrós skilið fyrir sína vinnu.

Mikil ánægja var meðal stjórnarmeðlima og meðlima Borgarbarna þegar kom í ljós að fjögur síðustu leikar hafa leikritin okkar verið mjög ofarlega á lista yfir mest sóttu áhugaleiksýningar landsins. Sáum ekki betur en að „Jólanótt Viktoríu“ væri í 2. sæti 2013, „Jólaævintýrið“ skipaði 1. sæti 2012. Vorum í 2. sæti 2011 með „Óværuengla“ og 4. sæti 2010 með „Leikfangalíf“. Alltaf ánægjulegt að sjá árangur erfis síns og að almenningur kunni að meta það sem við höfum fram að færa.


Sýning Borgarbarna í desember 2015 verður á tíunda starfsári barna- og unglingleikhússins okkar. Fyrstu tvö árin störfuðum við með Borgarleikhúsinu, en eftir það urðu Borgarbörn formligt áhugaleikhús fyrir börn og unglinga og meðlimir

í okkar ágæta BÍL. Að öllum líkindum, þ.e. ef formaður stendur við stóru orðin, verður uppsetning jólasöngleiksins 2015, sú síðasta.



Ætlunin er að ljúka okkar skemmtilega, oft á tíðum erfiða en þó farsæla starfsferli, með ferskum handritshöfundum. Hingað til hefur undirrituð séð um handritsgerð, sem oft hefur verið unnin út frá hugmyndum leikara og aðstoðarfólks. Nú ætla fjórir fyrrverandi Sönglistarnemendur, kvenkostir á þrítugsaldri, sem allar hafa einnig komið að uppsetningum Borgarbarna, að sjá um handritsgerð. Þetta eru þær stóllur Auður Finnbogadóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Karen Ýr Jóelsdóttir og Katrín Ásta Jóhannsdóttir. Leikstjórn verður sem fyrr í höndum Erlu Ruthar sem einnig verður með yfirumsjón uppsetningarinnar ásamt því að vera faglegur álitsgjafi handritshöfunda. Fagmenntaður söngstjóri mun sjá um sönginn og danshöfundur verður úr röðum handritshöfunda. Búningar og leikmynd verða í höndum leikara, aðstoðarfólks og leikstjóra.

Erla Ruth Harðardóttir formaður



Freyvangsleikhúsið

Fiðlarinn á þakinu

Höfundar: Joseph Stein, Jerry Bock

Þýðandi: Þórarinn Hjartarson

Leikstjórar: Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir

Þátttakendafjöldi: 62

Sýningarfjöldi: 24

Áhorfendafjöldi: 2688

Stjórn skipuðu eftirtaldir:

Ingólfur Þórsson, formaður

Haukur Guðjónsson, varaformaður

Steingrímur Magnússon, gjaldkeri

Anna María Hjálmarsdóttir, ritari

Halldóra Vilhjálmisdóttir, meðstjórnandi.

Úlfhildur Örnólfsdóttir, Þráinn Ingólfsson og

Daníel Freyr Jónsson skipa varastjórn.

Verkefni Freyvangsleikhússins voru sem hér segir :

Í október kom Benedikt Axelsson ljósameistari í heimsókn og hélt helgarnámskeið í leikhúslýsingu. Námskeiðið var vel sótt bæði af okkar fólki og einnig kom fólk frá öðrum leikfélögum á norðurlandi.

Í nóvember kom svo Karl Ágúst Úlfsson og hélt námskeið í leikritun. Takmarkaður fjöldi þátttakenda komst á námskeiðið en sætin fylltust fljótt. Námskeiðið þótti takast mjög vel.

26. febrúar frumsýndi svo leikhúsið „Fiðlarann á þakinu“ í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar og Margrétar Sverrisdóttur. Fiðlarinn var snnkölluð stórsýning, 30 leikarar og 4 manna hljómsveit auk allra annara sem að sýningunni komu, en það voru alls um 60 manns. Sýningin gekk mjög vel og fékk mikið lof. Sýningar urðu 24 og áhorfendur tæplega 2700.



Halaleikhópurinn

Tíu litlir strandaglópar

Höfundur: Agatha Christie
Þýðandi: Hildur Kalmann
Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason
Þátttakendafjöldi: 27
Sýningarfjöldi: 8
Áhorfendafjöldi: 223

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Í stjórn eru:

Formaður Vilhjálmur Jón Guðjónsson
Varaformaður Stefanía Björk Björnsdóttir
Gjaldkeri Sóley Björk Axelsdóttir

Ritari Guðríður Ólafs Ólafíudóttir
Meðstjórnandi Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir
Varastjórn:
Ása Hildur Guðjónsdóttir
Friederike Hasselmann
Kristín M. Bjarnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:
Ásta Dís Guðjónsdóttir
Gunnar Kr. Sigurjónsson

25 stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu. Félagsfundir voru tveir. Send voru út 4 fréttabréf og stjórn hafði samskipti gegnum netið.

Í samráði við Guðjón Sigvaldason var leikritið Tíu litlir strandaglópar (And then there were none), eftir drottningu glæpasagnanna Agöthu Christie, sett á svið í vetur, í leikstjórn Guðjóns. Verkið fékk góða dóma en aðsókn var samt með minna móti.

Haladagur var haldinn í Krika við Elliðavatn í júlí. Jafnframt voru margir tiltektardagar í húsnæði félagsins. Félagar skemmtu sér við leiklestur, spjall og grill.

Námskeið í Sagnalist var haldið í september. Leiðbeinandi var Ólöf Ingibjörg Davíðsdóttir. Að námskeiði loknu var haldinn skemmtun þar sem þátttakendur fluttu sínar sögur fyrir gesti. Jafnframt var námskeið í leikhúslýsingu og var það Benedikt Axelsson ljósameistari sem hélt námskeiðið í október. Óvænt brúðkaup var haldið í húsnæði Halans þann 25. apríl sl. Þar lögðu félagar fram veislukost og viðræður með spunaívafi.

Styrkjanefnd hefur starfað allt tímabilið og haft allar klær úti við að afla peninga fyrir leikfélagið. Send voru út fjöldi bréfa til 100 fyrirtækja og stofnana. Því miður gekk fjáröflun ekki vel. Þó komu stóru styrkir frá ÖBÍ og Reykjavíkurborg.

Á árinu var húsnæði Halans tekið í gegn, málað, eldhús innréttað að nýju og uppþvottavél sett þar inn. Búningsherbergi var fært til og er nú inn af salnum, allt sem var innst tekið burt og keyptar 10 fataslár og Ikea gaf 10 til viðbótar, einnig voru keyptar tvær risahillur. Farið var yfir alla leikmuni og fatnað. Sett var upp skilti utandyra með merki

Halaleikhópsins en því miður fauk það í óveðri í vetur.

Í félaginu eru 79

Í félagið gengu 7

Á árinu létust 2 félagar.

Úr félaginu gengu 3

Teknir af skrá 3.

Þau Vilhjálmur Jón Guðjónsson og Ása Hildur Guðjónsdóttir sóttu aðalfund BÍL.

Stjórn vill þakka félagsmönnum fyrir þáttökuna í verkefnum Halaleikhópsins. Einnig bjóðum við nýja félagsmenn velkomna.

Vilhjálmur Jón Guðjónsson, formaður



Hugleikur

Dah ...

Höfundur: Elísabet Katrín Friðriksdóttir

Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson

Þátttakendafjöldi: 11

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77

Kveðjustund

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir

Leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir

Þátttakendafjöldi: 8

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77

Andinn

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Ólafur Þórðarson

Þátttakendafjöldi: 9

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77



Hjörleifur

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: Hörður Skúli Daníelsson

Þátttakendafjöldi: 9

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77

Salome

Höfundur: Oscar Wilde

Þýðandi: Sigurður Einarsson

Leikstjóri: Margrét Þorgeirsdóttir

Þátttakendafjöldi: 8

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77

Hvað drap asnann?

Höfundur: Ármann Guðmundsson

Leikstjóri: Kristín S. Helgadóttir

Þátttakendafjöldi: 10

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 77

Engin vettlingatök

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir
Leikstjóri: Hjörvar Pétursson
Þátttakendafjöldi: 20
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 77

Þá hló marbendill

Höfundur: Árni Friðriksson
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir
Þátttakendafjöldi: 10
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 77

Sæmundur fróði

Höfundur og leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir
Þátttakendafjöldi: 38
Sýningarfjöldi: 4
Áhorfendafjöldi: 418

**Stóra hangikjöts- Orabauna og rófumálið**

Höfundar: Anna Kristín Kristjánsdóttir, Sigrún Óskarsdóttir og Unnur Guttormsdóttir
Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir
Þátttakendafjöldi: 21
Sýningarfjöldi: 6
Áhorfendafjöldi: 274

Samviskubit

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson
Þátttakendafjöldi: 7
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 38

Sjávarilmur

Höfundur: Júlía Hannam
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 38

Einn góðan veðurdag

Höfundur: Ásta Gísladóttir
Leikstjóri: Björgúlfur Egill Pálsson
Þátttakendafjöldi: 6
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 38

Bestfrend

Höfundur: Heiðís Buzgó
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason
Þátttakendafjöldi: 5
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 38

Skýrsla formanns leikárið 2014-15:

Í stjórn Hugleiks leikárið 2013-2014 sátu Ásta Gísladóttir formaður, Þorgeir Tryggvason varaformaður, Júlía Hannam gjaldkeri, Sigríður Bára Steinþórsdóttir ritari og Ninna Karla Katrínardóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu þau Dýrleif Jónsdóttir, Nanna Vilhelmsdóttir og Sigurður H. Pálsson. Um mitt tímabil hvarf Júlía úr stjórn og Ninna tók við gjaldkerastöðu hennar. Nanna var þá valin í aðalstjórn í hennar stað. Stjórnin fundaði alls ellefu sinnum á leikárinu og þakka ég henni kærlega fyrir góð og samviskusamleg störf.

Fyrsta verkefni leikfélagsins eftir aðalfund var var að klára leikárið með pomp og pragt í Þjóðleikhúsinu. Sýning síðasta vetrar, Stund milli stríða, hafði verið valin athylisverðasta áhugleik-sýningin og var hún sett upp í eitt skipti enn á stóra sviðinu. Aðstandendur sýningarinnar lyftu þar sannarlega grettistaki þegar hún var sett upp og æfð á einum sólarhring og er ekki síst að þakka kröftum innanbúðsmannanna Guðmundar


Erlingssonar og Klæmints Henningssonar Isaksen sem unnu þrotlaust nóttina áður við að setja upp lýsingu og leikmynd. Sýningin sjálf tókst frábærliga vel, salurinn var þétt setinn og virtust allir sælir og sáttir með útkomuna.

Við tók svo verðskuldað frí hjá leikfélaginu og hittist stjórn ekki aftur fyrr en líða tók að hausti. Sú hugmynd hafði fæðst á aðalfundi að setja saman höfundahópa. Í hverjum hóp væri reyndur höfundur sem hefði umsjón með hópnum, sem og 2-3 aðrir höfundar. Hópurinn myndi svo skrifa klukkustundar langt verk sem gæti verið sett upp eftir áramót. 1-2 sýningar eftir afrakstri. Á meðan þessari hugmynd var hrint í framkvæmd var ákveðið að efla leikstjórastarf félagsins og halda námskeið fyrir þá sem hefðu áhuga. Niðurstaðan var 26 tíma námskeið hjá Rúnari Guðbrandssyni og skráðu 13 manns sig á það. Það var gert að kröfu gegn skráningu að allir leikstjórar myndu taka að sér leikstjórn fyrir félagið á stuttverkadagskrá og skilaði sú krafa veglegri dagskrá í nóvember sem bar heitir Hugleikur ýlir. Umfjöllunarefnið var gefið frjálst og voru þar sýndir átta þættir eftir sjö Hugleikara (og Oscar Wilde) í leikstjórn átta leikstjóra. Fjöldi fólks kom að þessari dagskrá sem var sýnd á Eyjarslóð, gekk afskaplega vel fyrir sig og þótti almennt hár gæðastuðull á öllu. Í febrúar var gerð tilraun til að endurtaka leikinn en ekki gekk að fá eins marga til liðs við það tækifæri. Því var hin látlausa en blóðþyrsta dagskrá Kurl sett upp á Eyjarslóð með aðeins fjórum verkum í byrjun mars. Hún fór ekki hátt en gekk vel að öllu öðru leyti.

Rétt eftir áramót var haldið Þrettándapartý. Þar var bolla og dagskrá vetrarins kynnt. Síðan meiri bolla.

Í byrjun árs 2015 kom Þórunn Guðmundsdóttir að máli við stjórn og falaðist eftir samstarfi. Hún hafði skrifað óperu um ævintýri Sæmundar fróða og langaði að stefna saman kröftum Hugleiks og Tónlistarskólans í Reykjavík. Þar sem höfundahugmyndin sem lagt var af stað með um haustið var komin fremur skammt af stað þótti stjórn þetta vera fínt plan og hófust æfingar á óperunni í byrjun febrúar. Frumsýnt var í Iðná 15. mars og var Sæmundur fróði sýndur alls fjórum sinnum. 23 söngvarar tóku þátt sem og 10 hljóðfæraleik-

arar. Þórunn leikstýrði verkinu sjálf af stakri þrýði og fékk Hrafinkel Orra Egilsson sér til fulltyngis en hann útsetti tónlistina og stjórnaði hljómsveit.



Fljótlega eftir að sýningum á Sæmundi fróða lauk var tekið til við að skipuleggja nýja sýningu sem til stóð að sýna í apríl á Eyjarslóð. Sýningin sem um ræddi var Stóra hangikjöts-, Orabauna- og rófumálið: Taðreyktur sakamálatryllir eftir Unni Guttormsdóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Önnu Kristínu Kristjánsdóttur. Þetta verk var það eina sem kom út úr höfundatilrauninni og á Unnur Gutt, stjórnandi hópsins, miklar þakkir skildar fyrir að taka verkefnið svo föstum tökum.

Höfundarnir höfðu hnippt í Árna Hjartarson um að semja við það tónlist sem hann og gerði og hnipptu þær einnig í Hrund Ólafsdóttur til að leikstýra. Einhverjar tafir urðu á samlesturum og þegar til kom gat leikstjórinn ekki hafið æfingar fyrr en eftir páska. Sýningin var svo frumsýnd fjórum vikum síðar, þann 9. maí, á Eyjarslóðinni og var þar sýnd samtals sex sinnum. Fimm leikarar tóku þátt sem og hljómsveit sem samanstóð af tveimur hljóðfæraleikum og leikhópnum. Var fullt út úr dyrum á fimm af sex sýningum og hlaut hún mjög jákvæða dóma.

Á vormánuðum voru fulltrúar stjórnar, og annarra sem tilheyra matshluta 01 að Eyjarslóð 9, kallaðir á húsfund hjá matshluta 02 en tilefnið var hugmynd um að stofna eitt stórt húsfélag fyrir báða matshluta. Nanna Vilhelmsdóttir og undirrituð mættu á þann fund. Matshluti 02 hafði unnið töluverðar viðgerðir á ytra byrði síns hluta og lagði sú stjórn til að matshluti 01 gerði það sama og væri þá kominn grundvöllur til að stofna eitt húsfélag. Þótti aðilum matshluta 01 þetta góð hugmynd og var hafist handa að ræða við nágretta okkar á neðri hæðinni um að fara í utanhússviðgerðir í sumar. Nanna hefur hug á að fylgja því máli í höfn en enn sem komið er eigum við eftir að setjast niður með nágrönnunum og gera fjárhagsáætlun. Mun það þó líklega gerast á næstu vikum. Á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir miklum umsvifum á Grandanum á næstu árum og líklegt að fasteignaverð muni hækka, sérstaklega ef hlúð er að húseignum.

Hugleikarar geta því vel við unað eftir þennan vetur þótt mikil óvissa hafi verið í lofti varðandi verkefnin. Það sem stendur upp úr er aftur þörfin og nauðsyn þess að halda utan um félagslífið og að mynda góða hópa í kringum leiksýningar. Það sannaðist að það skiptir ekki máli hvort hópurinn skiptir tugum eins og í Sæmundi fróða eða sé lítill eins og í Stóra hangikjötsmálinu – þegar allir koma að verki af heilum hug og vel tekst til verður afraksturinn vinnunnar virði. Það sem stendur líka upp úr er að það er orðin brýn þörf á að efla höfundastarf félagsins og finna nýjar leiðir til að virkja höfunda. Það getur verið stórt skref fyrir óreynda höfunda að taka fyrstu skrefin á ritvellinum og þetta félag er í kjöraðstöðu til að aðstoða við það. Metnaðurinn hefur aðeins aukist með árunum og ef við viljum halda áfram á þessari braut ritlistar er kominn tími til að vera svolítið skapandi.

Ásta Gísladóttir formaður

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Heilsugæslan

Höfundur og leikstjóri: Lýður Árnason
Þátttakendafjöldi: 11
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendafjöldi: 500



Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Í janúar 2015 hófust æfingar á leikritinu Heilsugæslunni eftir Lýð Árnason, en hann leikstýrði einnig verkinu. Frumsýnt var 6. mars fyrir fullu húsi. Alls urðu sýningarnar 10 og alltaf sýnt í félagsheimilinu Árnesi. Hlutverkin voru 12 en 10 leikarar úr Hreppum og Skeiðum, sáu um öll hlutverkin. 500 manns sáu sýninguna.

Í leiknefnd eru:

Sigrún Bjarnadóttir Fossnesi formaður
Þóra Þórarinsdóttir Haga gjaldkeri
Sigþrúður Jónsdóttir Eystra-Geldingaholti ritari

Leikfélag A-Eyfellinga

Gullbrá

Höfundur og leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendafjöldi: 17
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 120

Aðfangadagur á háaloftinu

Höfundur: Nina Christoffersen
Þýðandi: Jóna Sigurbjartsdóttir
Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendafjöldi: 17
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 120

Margt er skrítið

Höfundur: Magnús J. Magnússon
Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir
Þátttakendafjöldi: 14
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 140



Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Eftir ævintýrið með Önnu í Stóru-Borg var komin þreyta í mannskapinn svo ekki var sett upp leikrit fyrir fullorðna í ár. En unglíngastarfið hélt sínu striki og setti upp tvær sýningar að vanda. Þá fyrri í lok nóvember. Það var Aðfangadagur á háaloftinu. Í byrjun júní var svo sýnt leikitið Margt skrýtið eftir Magnús J. Magnússon. Leikendur voru 16 og sýnt einu sinni í báðum tilvikum. Áhorfendur samtals á báðum sýningum voru 248. Leiðbeinandi var Margrét Tryggvadóttir. Þátttakendur í leiklistarstarfinu voru á aldrinum 10-13 ára.

Margrét Tryggvadóttir, ritari

Leikfélag Fjallabyggðar

Upplýsingar um sýninguna Brúðkaup eru í Ársriti leikársins 2013-14.

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Á haustdögum 2014 var ákveðið að hefja æfingar að nýju á leikritinu Brúðkaupi eftir Guðmund Ólafsson. En fresta þurfti frumsýningu þann 14. mars 2014 vegna andláts ástkærs leikfélaga Guðmundar Garðarsonar þann 12. mars. Strax eftir göngur, réttir og slátrun hófust þær af fullum krafti. Þónokkrar mannabreytingar urðu í leikhópnum, eins og t.d. brúðurinn sem flutti af landi brott, móðir brúðgumans sem skellti sér í skóla og æskuvinur brúðarinnar þurfti að vinna fjarri firðinum fagra. En nú var gott að hafa marga aukaleikara í hópnum sem voru tilbúnir að hlaupa í skarðið. Þannig að töluverðar tilfæringar urðu í hlutverkaskipan. Frumsýning á Brúðkaupi var svo 17. október og þar með lauk einu lengsta

leikæfingartímabili sem við þessi gömlu munum eftir. Óhætt er að segja að móttökurnar hafi verið frábærar. Já ekki bara frábærar heldur dásamlegar og héldum við á nokkrum sýningum að hláturinn og klappið myndi rífa þakið af Borginni.

Óhætt er að segja að hver og einn einasti leikari hafi skilað sínu hlutverki með miklum sóma. Því margir höfðu það á orði við mig eftir sýningarinnar að það hafi verið alveg sama á hvern var litið allir hafi verið með og leikgleðin skinið úr hverju andliti. Enda ekki annað hægt því litríkari og skemmtilegri leikfléttu eins og í Brúðkaupi er vart hægt að finna.

Færum við Guðmundi Ólafssyni, höfundu og leikstjóra þessa frábæra verks, kærar þakkir fyrir óþreytandi elju í okkar garð.



Þannig að núna erum við búin að vera með tvö frumsaminn verk ár eftir ár. Hvort þetta er það sem koma skal get ég ekki lofað. Þó þetta leik-tímabil sé eitt af þeim erfiðari sem við höfum upplifað þá var það mjög gaman líka og gefandi að geta klárað verkið og haldið þar með minningu Guðmundar á lofti.

Þuríður Sigmundsdóttir formaður

Leikfélag Flateyrar

Allir á svið!

Höfundur: Michael Frayn
 Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson
 Leikstjóri: Víkingur Kristjánsson
 Þátttakendafjöldi: 9
 Sýningarfjöldi: 7
 Áhorfendafjöldi: 213

Skýrsla stjórnar leikárin 2013-15:

Stjórn félagsins er þannig skipuð: formaður er

Berglind Thorarensen, gjaldkeri Soffía Ingimarsdóttir, ritari Ingibjörg Rún Jóhannesdóttir og meðstjórnendur eru Öundur Hafsteinn Pálsson og Róbert Reynisson



Á haustdögum 2013 var ákveðið að fá leikstjórnann Víking Kristjánsson með okkur í lið til að leikstýra Ronju Ræningjardóttur, en vegna karlmanna- og barnleysis var það verk blásið fljótlega af. Þá var hafist handa við að finna annað verk og leist okkur best á verkið Allir á svið eftir Michael Frayn. Reyndar fóru svipuð vandræði og í Ronju að hrjá okkur aftur þannig við neyddumst til að breyta hlutverkunum „aðeins“ og fá karlmenn lánaða úr nærsveitum. Erfitt var að æfa vegna skelfilegs veðurs og var sjaldnast full mæting á æfingar, var það sérstaklega erfitt fyrir leikara að mæta sem bjuggu ekki á staðnum. En það kom svo sannarlega ekki að sök, því sýningin sló í gegn hjá þeim sem komu og sáu hana. Frumsýnt var þann 1. desember 2013 í félagsheimili Flateyrar og sýndar voru 5 sýningar og 2 aukasýningar um páskana 2015. Í heildina komu 213 gestir á sýningarnar, sem þykir ansi gott miðað við veðrið sem geysaði á vestfjörðum á þessum tíma.

Þrátt fyrir endalaus tæknileg vandamál hjá nýja /gamla félaginu, t.d rafmagnsflökt á öllum sýningum nema einni og bilun í ljósum á sviði, tóku gestirnir aldrei eftir því. Enda er þetta handrit þannig að allt getur gerst og allt á að fara úskeiðis. Það frábæra var að sú sýning sem tókst tæknilega best upp, var svo sannarlega ekki

sú fyndnasta, minnsta kosti miðað við dóma og hlátur í sal, því fólk grét og orgaði, því þessir yndislegu leikarar héldu alltaf áfram með farsan sem átti hvort sem er og var endalaus vandræði.

Berglind Thorarensen, formaður

Leikfélag Fljótsdalshéraðs

Þið munið hann Jörund

Höfundur: Jónas Árnason

Leikstjóri: Halldóra Malín Pétursdóttir

Þátttakendafjöldi: 40

Sýningarfjöldi: 11

Áhorfendafjöldi: 979

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stjórn félagsins var þannig skipuð:

Einar Rafn Haraldsson, formaður

Einar Sveinn Friðriksson, ritari

Jörundur Ragnarsson, féhirðir

Fjóla Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Bjarki Hauksson, meðstjórnandi

Varamenn:

Kristrún Jónsdóttir

Borgþór Svavarsson



Eftir að síðasta skýrsla var gerð tók LF þátt í hátíðahöldum 17. júní 2014 með því að sýna atriði úr „Gull í tönn“ á útisamkomu.

Eiginlegt starf hófst í september með stjórnarfundum um val verkefna á komandi vetri. Eftir skoðun nokkurra leikrita varð úr að setja upp „Þið munið hann Jörund“ eftir Jónas Árnason. Halldóra Malín Pétursdóttir var ráðin leikstjóri og æfingar hófust í september í Valaskjálfi. Mikið

var lagt í sýninguna, m.a. voru sönglög verksins endurraddsett fyrir karlakór. Alls komu um 40 einstaklingar að verkinu. Verkefnið gekk mjög vel, þ.e. sýningin og starfið í kringum hana var þátttakendum til sóma og gleði, viðtökur mjög góðar og áhorfendur yfir 1.000 að meðtöldum boðsgestum. Í maí 2015 fór söngsveit Jörundar til Fáskrúðsfjarðar og kom þar fram á tveimur samkomum sama kvöldið.

Félagið stóð fyrir förðunarnámskeiði á æfingartímabili Jörundar. Leiðbeinandi var Gréta Boða. Öllum starfandi leikfélögum á Austurlandi var boðin þátttaka. 8 manns sóttu námskeiðið frá 3 félögum.

LF, sem verður 50 ára 2016, hefur haft aðstöðu í Valaskjálfi til fjölda ára og sveitarfélagið greitt leiguna. S.l. haust var húsið selt einkaaðila og í maí 2015 þurfti félagið að tæma geymslur og æfingaaðstöðu en fékk í staðinn geymsluhúsnæði til bráðabirgða í yfirgefnu íbúðarhúsi sem er á vegum sveitarfélagsins. Vonir standa til að félagið fái varanlegt húsnæði næsta haust og þar verði aðstaða til geymslu muna, smíða og æfinga. Verkefni haustsins hafa þegar verið valin og leikstjórar fengnir en unnið er að viðburðum afmælisársins.

Á aðalfundi 2015 var kjörin ný stjórn. Hana skipa Almar S. Sigurjónsson, Einar R. Haraldsson, Eva S. Kjerúlf, Fjóla Sverrisdóttir og Jörundur Ragnarsson.

*Fellabæ 4. júní 2015,
Einar Rafn Haraldsson, formaður*

Leikfélag Hafnarfjarðar

Fuglaskoðararnir

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjórn: Leikhópurinn
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 58

Möguleikarnir 2014

Höfundur og leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 58



Göngum aftur í Hafnarfirði

Höfundar: Gunnar Björn Guðmundsson og leikhópurinn
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendafjöldi: 8
Sýningarfjöldi: 7
Áhorfendafjöldi: 145

Stengjabrúður og vélmenni

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
Leikstjóri: Kristín Svanhildur Helgadóttir
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Hjálpum þeim

Höfundur: Ólafur Þórðarson
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Milli, míkró, nanó

Höfundur: Inga M. Beck
Leikstjóri: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Örlagavefurinn

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
Leikstjóri: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 65

Börn

Höfundur: Kristín Svanhildur Helgadóttir
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 4
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Ákveðið símtal

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Elva Dögg Gunnarsdóttir
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 65

Lokakeppnin

Höfundur: Halldór Magnússon
 Leikstjóri: Arndís Jóna Vigfúsdóttir
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 70

Boðorðin 10

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 5
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 70

Have yourself a merry little Christmas

Höfundur: Ólafur Þórðarson
 Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 70

Fertugsafmælið

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendaföldi: 4
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 70

Bakherbergið

Höfundur: Gísli Björn Heimisson
 Leikstjóri: Fjölur Gíslason
 Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 45

**Ubbi kóngur**

Höfundur: Alfred Jarry
 Þýðandi: Steingrímur Gautur Kristjánsson
 Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
 Þátttakendaföldi: 13
 Sýningarföldi: 9
 Áhorfendaföldi: 520

Ekkert í kassanum

Höfundur: Ólafur Þórðarson
 Leikstjóri: Sonja Kovacevic
 Þátttakendaföldi: 2
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 45

Nakinn sannleikur

Höfundur: Stefán H. Jóhannesson
 Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson
 Þátttakendaföldi: 5
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 45

María, barn götunnar

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson
 Leikstjóri: Sóley Ómarsdóttir
 Þátttakendaföldi: 4
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 45

Samband

Höfundur: Ingveldur Lára Þórðardóttir
 Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson
 Þátttakendaföldi: 3
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 45

Fiðrildi og flóðhestar

Höfundur: Steinunn Þorsteinsdóttir

Leikstjóri: Ársæll Hjálmarsson

Þátttakendafjöldi: 2

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 45

Den guten herr

Höfundur: Sóley Ómarsdóttir

Leikstjóri: Ólafur Þórðarson

Þátttakendafjöldi: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 45

Hoss í oss

Höfundur: Ólafur Þórðarson

Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir

Þátttakendafjöldi: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 45

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Er ekki orðatiltæki að mótlætið herði mann? Það á allavega vel við um leikfélagið okkar, því þegar þetta leikár byrjaði, þá vorum við búin að standa í baráttu við Gaflaraleikhúsið um tíma í húsinu. En við bættum svo sannarlega úr því á þessu ári. Okkar fyrsta verk á leikárinu var að skrifa undir nýjan samstarfssamning við Gaflaraleikhúsið eftir nokkrar samningaviðræður þar sem flestar af okkar kröfum, helst sem snéri að því að minnka árekstra á milli félaganna, voru samþykktar.

Við tókum þátt í stuttverkahátíð NEATA sem haldin var í Leikhúsinu í Kópavogi í byrjun október. Þar sýndum við tvö verk: Fuglaskoðararnir og Möguleikarnir 2014, sem var seinasti séns á að sýna það verk, annars hefði það þurft að breyta um nafn.

Ákveðið var að ráða Gunnar Björn Guðmundsson sem leikstjóra að haustverki félagsins og fljótlega var ákveðið að fara heldur óhefðbundna leið við verkefnaval. Við semsagt settum upp spunaverkið Göngum aftur í Hafnarfirði, sem var draugaganga í þekktum húsum í bænum. Við fundum fullt af draugum og sýndum alls átta sýningar.

Að draugagöngunni lokinni þá fórum við beint í næsta verkefni; byrjendanámskeið í leiklist og að

því loknu; tvær vikur af Hinu vikulega, þann 6. desember og 13. desember.

Stjórn leikfélagsins hafði um sumarið ráðið Ágústu Skúladóttur til að leikstýra vorverkefni félagsins. Ég og Ágústa vorum búin að hittast nokkrum sinnum og ræða hvaða verkefni væri gaman að ráðast í. Meðal annars skoðuðum við Pétur Gaut, aðallega þann hluta sem aldrei er sýndur í uppsetningum á því verki, en fljótlega þá lagði Ágústa til að sett yrði upp verkið Bubbi kóngur, sem hún hafði lengi haft brennandi áhuga á að setja upp.



Bubbi kóngur, sem varð Ubbi kóngur, var stórt verkefni, stærsta verkefni sem leikfélagið hefur lagt í síðan að Fúsi var frumsýndur. Við vissum að þetta yrði stórt verkefni, við ákváðum að þetta yrði stórt verkefni, og þetta varð stórt verkefni, stórasta verkefnið hjá leikfélaginu. Sem líka þýddi það að Ubbi kóngur myndi ekki koma út í plús fyrir félagið. En við vissum það áður en við settum það upp.

Við sýndum 9 sýningar af Ubba kóngi og komu rúmlega 500 manns á sýninguna.

Þegar að sýningum var að ljúka á Ubba, þá vorum við orðin óþreyjufull að fara í næsta verkefni og var ákveðið að setja upp eina viku af Hinu vikulega í lok leikárs.

Í jólamánuðinum, í seinni vikunni af Hinu vikulega, þá var ákveðið að setja ekki upp eitt verk sem ekki var talið henta. Það fjallaði um vírherðatré og eitthvað fleira.

Þess vegna var ákveðið að setja upp Hið vikulega sem bannað væri börnum og vissu höfundar það, þegar þeir settust niður til að skrifa. Síðastliðinn laugardag frumsýndum við átta stuttverk, og voru þau misgróf og fóru um víðan völl á tilfinninga-skalanum. Hlátur, grátur og allt þar á milli.

Á leikárinu sýndum við 22 verk eftir 13 höfunda og leikstýrt af 15 leikstjórum, og leikið var í 1470 mínútur, eða rúman sólarhring.

Á morgun fer stór hluti okkar í Bandalagsskólann að læra leikstjórn, spuna, leiklist og að skrifa. Við erum níu sem nú sækjum skólann, í fyrra vorum við átta sem sóttum skólann, þannig að við erum að bæta við okkur.

Ég er farinn að hlakka til næsta leikárs. Við byggjum á því sem við gerðum á þessu ári og gerum meira og stærra á því næsta. Leikum og lifum.

Gísli Björn Heimisson, formaður



Leikfélag Hofsóss

Sveitapiltsins draumur, eða bara martröð

Höfundar: Einar Þorvaldsson, Sigmundur Jóhannesson, Margrét B. Einarsdóttir og Jóhanna Traustadóttir

Leikstjórar: Margrét B. Einarsdóttir og Jóhanna Traustadóttir

Þátttakendafjöldi: 18

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 250

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss árið 2014 var haldinn þann 24. nóvember og var mæting á fundinn í góðu meðallagi. Hin venjulegu aðalfundarstörf voru afgreidd og rætt um starfsemi næsta leikárs.

Samkvæmt þeirri hefð sem skapast hefur undanfarin ár að setja upp leikrit á tveggja ára fresti var ekki á stefnuskrá að setja upp leikrit á þessu leikári en ákveðið var að skipa nefnd sem skoða ætti möguleika á að halda kvöldvöku með léttu yfirbragði og var kosin þriggja manna nefnd til að annast þau mál.

Eftir að Einar Þorvaldsson, tónlistarkennari, hóf máls á samstarfi leikfélagsins við Sönglög á Sæluviku var ákveðið að ráðast í að semja og setja upp verk sem samanstæði af leiknu og sungnu efni og skyldi eitt af markmiðum uppsetningarinnar vera að fagna 40 ára vígsluafmæli Félagsheimilisins Höfðaborgar.

Kvöldvökunefnd leikfélagsins, skipuð þeim Jóhönnu Sveinbjörgu Traustadóttur, Margréti Berglindi Einarsdóttur og Sigmundi Jóhannessyni, ásamt Einari, tók að sér að semja leikrit og var þekkt dægurlagatónlist felld inn í söguþráðinn. Hlaut verkið nafnið Sveitapiltsins draumur, eða bara martröð. Tíu leikarar tóku þátt í uppsetningunni ásamt fjórum hljóðfæraleikurum og fjórum ungum og efnilegum söngvurum. Um leikstjórn sáu þær Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir og Margrét Berglind Einarsdóttir en um tónlistarstjórn og æfingar sáu þeir Einar Þorvaldsson og Stefán R. Gíslason. Afraksturinn var svo sýndur á skírdagskvöld og var húsfyllir í Höfðaborg og vel það og er óhætt að segja að vel hafi tekist til.

Leikfélagið átti einnig sinn fasta sess á Jónsmessuhátíð og sá að vanda um atriði á kvöldvöku.

Stjórn félagsins skipa:

Fríða Eyjólfadóttir, formaður

Kristján Jónsson, ritari

Sigmundur Jón Jóhannesson, gjaldkeri

Helgi Thorarensen, meðstjórnandi

Haukur Freyr Reynisson, meðstjórnandi.

Fríða Eyjólfadóttir, formaður

Leikfélag Hornafjarðar**Love me do**

Höfundur og leikstjóri: Stefán Sturla

Sigurjónsson

Þátttakendafjöldi: 34

Sýningarfjöldi: 7

Áhorfendafjöldi: 548

**Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:**

Starfsemi Leikfélag Hornafjarðar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í ársbyrjun 2015 var sett upp leikritið Love me do. Höfundur og leikstjóri var Stefán Sturla Sigurjónsson. Þetta er söng-leikur þar sem lögum Bítlana eru fléttað inn í söguþráðinn. Frumsýning var 19. febrúar. Aðsókn var mjög góð en milli 600 og 700 manns komu á þær 7 sýningar sem við vorum með.

Ingólfur Baldvinsson

Leikfélag Hólmavíkur**sMal**

Höfundur: Arnar Sæberg Jónsson

Leikstjóri: Jón Jónsson

Þátttakendafjöldi: 7

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 165

Útskriftarferðin

Höfundur: Björk Jakobsdóttir

Leikstjóri: Esther Valdimarsdóttir

Þátttakendafjöldi: 9

Sýningarfjöldi: 5

Áhorfendafjöldi: 173

**Sweeney Todd**

Höfundur: Christopher Bond

Þýðandi: Davíð Þór Jónsson

Leikstjóri: Eyvindur Karlsson

Þátttakendafjöldi: 31

Sýningarfjöldi: 6

Áhorfendafjöldi: 285

Hlauptu, týnstu

Höfundur: Bergur Ebba Benediktsson

Leikstjórar: Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson

Þátttakendafjöldi: 6

Sýningarfjöldi: 5

Áhorfendafjöldi: 186

Jóladagatalið

Höfundar: Jón Jónsson, Ester Sigfúsdóttir, Einar

Andrésson, Arnlín Óladóttir og Ásmundur

Vermundsson

Leikstjóri: Jón Jónsson

Þátttakendafjöldi: 10

Sýningarfjöldi: 1

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn í Félagsheimilinu 19. október 2014. Nokkuð margir mættu á fundinn og var hann hefðbundinn. Í skýrslu stjórnar kom fram að ýmislegt var gert á síðasta starfsári. Þar ber hæst uppsetning á Skilaboðaskjóðunni í samstarfi við Grunn- og tónskólann á Hólmavík. Ný stjórn og varastjórn var kosin og eftirfarandi hlutu kosningu:

Í aðalstjórn: Salbjörg Engilbertsdóttir, Ásta Þórisdóttir og Eiríkur Valdimarsson. Í varastjórn: Kristín Lilja Sverrisdóttir og Ingibjörg Emilsdóttir. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Ásta varð formaður, Salbjörg gjaldkeri og Eiríkur ritari. Á aðalfundinum komu fram ýmsar óskir um verkefni og sérstaklega frá yngri kynslóðinni. Þar bar e.t.v. hæst sú hugmynd um að setja upp einhversskonar hryllingsverk. Ný stjórn tók við þessum tillögum og hafði þær á bak við eyrað þegar hún reit dagskrá vetrarins og valdi verk til uppsetningar.

Starfsárið 2014-2015 var býsna viðburðaríkt þar sem leikfélagið setti á svið mörg og ólík verk, miðlaði þeim með ólíkum hætti, auk þess að taka virkan þátt í bæjarhátíðum og öðrum viðburðum í sveitarfélaginu. Starfsemi leikfélagsins hefur líkt og áður vakið athygli fyrir mikla og metnaðarfulla virkni, en sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá allt hið unga fólk sem tók þátt í verkefnum leikfélagsins. Hér verður útlistað í stuttu máli hvað rak á fjórum leikfélagsins þetta starfsárið.

Bókavík

Leikfélagið tók þátt í Bókmennta- og ljóðavíku sem Strandabyggð hélt utan um en það var frumkvöðlaverkefni nokkurra nemenda í Grunnskólanum á Hólmavík sem fram fór vikuna 17. – 23. nóvember. Í tengslum við hátíðina stóð leikfélagið fyrir dagskrá á Galdrasafni þann 19. nóvember, sem var um Stein Steinarr. Þar flutti Þjóðfræðingurinn (og ritari leikfélagsins) Eiríkur Valdimarsson dagskrá og nemendur úr Grunnskólanum á Hólmavík sýndu vídeó við upplestur ljóðsins „Tíminn og vatnið“.

Þá var leikfélagið með leikritalestur blóðugra leikrita í Grunnskólanum þann 17. nóvember, auk þess að lesa upp úr bókum á Héraðsbókasafninu sama dag. Þá var áframhaldandi samlestur leikrita á Finna Hóтели 22. nóvember.

sMal

Leikfélagið setti upp einþáttunginn og gamandramað sMal eftir Arnar S. Jónsson og frumsýndi á Sviðaveislu í Sævangi 25. október og sýndi verkið aftur 21. nóvember 2014 á sérstöku skemmtikvöldi þar sem sagðar voru ýmsar sögur frá fyrri uppsetningum leikfélagsins.

Jóladagatalið

Þá setti það upp leikritið Jóladagatalið sem útvarps- eða netleikrit. Leikritið, sem er eftir Ester Sigfúsdóttur, Jón Jónsson, Arlínu Óladóttur, Ásmund Vermundsson og Einar Indriðason, var frumflutt árið 1989 en hefur verið leikið nokkrum sinnum síðan. Verkið var flutt á netinu í 13 hlutum fyrir jól, einn á dag og í lokin í heild sinni.

Sweeney Todd

Strax eftir áramót var byrjað að undirbúa uppsetningu á Sweeney Todd, eftir Christopher Bond í þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar. Haldinn var kynningarfundur fyrir áhugasama þátttakendur með leikstjóra 7. janúar og þá fór allt að gerast. Samtals 17 leikarar tóku þátt í þessari uppfærslu og fjölmargir aðrir komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Leikstjóri var Eyvindur Karlsson. Alls var verkið sýnt sex sinnum. Frumsýnt var þann 21. febrúar á bæjarhátíðinni Hörmungardögum. Sýningar voru síðan eftirfarandi: 2. sýning 23. febrúar, 3. sýning 28. febrúar, 4. sýning 29. mars, en þá var gert mánaðarhlé á sýningum og þær þrjár síðustu voru 29. mars, 3. apríl og lokasýning á páskadag 5. apríl.

Uppistandsnámskeið

Leikfélagið stóð fyrir námskeiði í uppistandi sem Eyvindur Karlsson leiðbeindi á. Námskeiðið stóð yfir í fjögur kvöld, 7., 8., 14. og 15. febrúar og sóttu um 8 manns það.



Þjóðleikur

Leikfélagið tók þátt í Þjóðleik í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík og Ungmennahúsið Fjósið. Haldið var tækninámskeið á vegum verkefnisins á Hólmavík. Kennarar námskeiðsins

voru Rebekka Ingimundardóttir, Vigdís Jakobsdóttir og Ólafur Ágúst Stefánsson, allt þrautþjálfaðir starfsmenn Þjóðleikhússins og héldu leikstjórnar-, ljósa-, búninga- og leikmyndarnám-skeið dagana 28. febrúar og 1. mars. Fjölmargir þátttakendur verkefnahópanna tóku þátt, sem og leikstjórar. Esther Ösp Valdimarsdóttir leikstýrði leikhópnum „Kvalurinn og dvergarnir 7“, sem var heiti leikdeildar Grunnskólans á Hólmavík. Þau settu upp leikverkið Útskriftarferðin eftir Björk Jakobsdóttur.

Leikhópur Fjóssins setti upp verkið Hlaupu, týnstu! eftir Berg Ebba og leikstýrðu þeir Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson því. Saman sýndu þessir leikhópar verkin samtals þrisvar sinnum á Hólmavík, 29. apríl, 3. og 7. maí og tvær sýningar þann 3. maí á Þjóðleikshátíðinni í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Önnur verkefni

Leikfélag Hólmavíkur sendi þrjá fulltrúa á aðalfund og þing Bandalag íslenskra leikfélaga sem haldið var á Melum í Hörgárdal. Fulltrúar leikfélagsins voru þau Salbjörg Engilbertsdóttir, Ásta Þórisdóttir og Svanur Kristjánsson og var Salbjörg áfram kosin í varastjórn BÍL.

Nokkrir óformlegir fundir stjórnar hafa verið haldnir í vetur í kringum ákveðin verkefni, en einnig hafa verið haldnir vinnudagar þar sem unnið hefur verið í leikmynd eða tiltekt auk þess sem klárað var að setja upp drappingar sem var verkefni síðasta árs. Í mars var gerður nýr samstarfssamningur við sveitarfélagið Strandabyggð þar sem leikfélagið m.a. skuldbindur sig til að mála svið Félagsheimilisins, vera með viðburði á annarri hvorri bæjarhátíð Strandabyggðar auk þess að bæta fasta lýsingu á sviði í Félagsheimilinu og fleira.

Ásta Þórisdóttir, formaður

Leikfélag Húsavíkur

Brennuvargarnir

Höfundur: Max Frich

Þýðandi: Bjarni Jónsson

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendafjöldi: 40

Sýningarfjöldi: 9

Áhorfendafjöldi: 592



Karíus og Baktus

Höfundur: Thorbjörn Egner

Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir

Leikstjóri: Sigurður Illugason

Þátttakendafjöldi: 18

Sýningarfjöldi: 7

Áhorfendafjöldi: 628

Stjórn LH:

Auður Jónasdóttir, formaður

Ása Gísladóttir, gjaldkeri

Anna Ragnarsdóttir, ritari

Dómhildur Antonsdóttir

Einar Halldór Einarsson

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Við settum upp tvær leiksýningar sem er nokkuð óvenjulegt hjá okkur. Brennuvargarnir voru frumsýndir 7. febrúar og gekk sú sýning alveg ágætlega. Hún var samt ekki barnvæn svo okkur langaði að sinna þeim áhorfenda hópi okkar og skelltum okkur í Karíus og Baktus, sem hafði lengi verið draumur innan LH. Þeir voru frumsýndir 12. maí og sýndir á hverjum degi í viku við mikla lukku yngri kynslóðarinnar.

Í júlí var opnuð Sögusýning Leikfélags Húsavíkur. Þar var á ferð allsherjar sýning á myndum, leikmunum og búningum LH. Sýningin var sett upp í leikhúsinu og gátu gestir skoðað alla innanstokksmuni þar.

Saga LH nær 115 ár aftur í tímann og allar myndir sem teknar hafa verið eru komnar á rafrænt form, en við fengum styrk til að skanna inn allar myndir

LH og þær eru varðveittar á Safnahúsi Þingeyinga, þannig að þær eru gríðarmikil menningarverðmæti og stórkostleg saga leiklistar í bænum. LH hefur góða aðstöðu fyrir búninga og leikmyndir og því eigum við marga merkilega gripi sem gaman var að sýna. Sýning var mjög vel sótt þá fáu daga sem hún opin og vakti upp minningar þeirra sem starfað hafa með LH og fræðslu og fróðleik til hinna sem komu til að sjá.

Auður Jónasdóttir, formaður



Leikfélag Hveragerðis

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Höfundur: Marc Camoletti
Þýðandi: Sigurður Atlason
Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir
Þátttakendafjöldi: 6
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendafjöldi: 510

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Síðasta sýningin á Mjallhvíti og dvergunum sjö var 7. maí 2014. Var hún styrktarsýning haldin fyrir Aron Edvarð Björnsson og fjölskyldu. Fullt hús var á sýningunni og öll sala á aðgöngumiðum fór til Arons Eðvarðs og fjölskyldu. Einnig lagði mikill fjöldi fólks inn á reikning leikfélagsins til styrktar fjölskyldunni. Færum öllum bestu þakki fyrir.

Á 17. júní fóru nokkrir ungir leikarar og sýndu Héradansinn úr Mjallhvíti og dvergunum sjö bæði á Eyrarbakka og Hveragerði.

Þegar fór að vetra var farið að líta í kringum sig eftir leikstjóra til að leikstýra eftir áramótin. Var ákveðið að ráða Ingrid Jónsdóttur.

Aðalfundur var haldinn 4. nóvember og þar var kosin ný stjórn.

Formaður: Jóhann Tr. Sigurðsson
Varaformaður: Hjörtur Már Benediktsson
Gjaldkeri: Berglind Soffía Blöndal
Ritari: Kristín Ólafsdóttir
Meðstjórnandi: Elías Óskarsson

Varastjórn:

Elín Hrönn Jónsdóttir
Hrafnhildur Faulk
Hrefna Ósk Jónsdóttir

Í jólamánuðinum var mikið að gera hjá jólasveinunum sem þjónusta Leikfélagið. Þeir voru viðstaddir þegar kveikt var á jólatré Hveragerðis-bæjar, báru út pakka til barna í Hveragerði á aðfangadag jóla, þjónusta sem vex ár frá ári. Þátttaka hefur aldrei verið eins mikil og um þessi jól. Jólasveinarnir komu fram á jólaballi Lions á Hótel Örk á annan í jólum. Var salurinn troðfullur af prúðbúnum börnum og fullorðnum. Höfðu jólasveinarnir Kertasníkir og Hurðaskellir á orði að þeir hefðu ekki séð eins mikið af fólki í salnum áður. Einnig heimsóttu þeir Listasafnið í Hveragerði.

Í byrjun janúar voru haldnir fundir með Ingrid Jónsdóttur leikstjóra og í framhaldi af þeim varð gamanfarsinn Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan fyrir valinu sem verkefni á nýju ári. Leikarar voru 6 talsins.

Eftir að búið var að velja í hlutverk hófust æfingar, smíði leikmyndar, uppsetning lýsingar og allt það sem fylgir því að setja upp leiksýningu.

Frumstýnt var laugardagskvöldið 7. mars fyrir fullu húsi. Skemmti fólk sér vel og var mikið hlegið.

Á tíundu sýningu 4. apríl gerðist það óhapp að einn leikarinn, Hjörtur Már Benediktsson, sleit hásin í vinstra fæti og varð að vera í gífsi næstu þrjár vikur og gat þar af leiðandi ekki stigið í fótinn og síðan í eins konar gífsstígvéli næstu 40

daga þar á eftir. Þetta gerðist í síðasta atriði fyrir hlé en hann kláraði sýninguna með glæsibrag á Parkodín forte, með vafinn fót og á hækjum. Þannig að sýningar urðu ekki fleiri að sinni. Ekki er útilokað að sýningin verði tekin upp aftur þegar vetra tekur.

Það er stefna Leikfélagsins að auka nýtingu á Leikfélagshúsinu, þegar ekki er hefðbundin starfssemi í því. Það hefur verið leigt nokkrum sinnum á starfsárinu.

Sjálfstæðisflokkurinn í Hveragerði var með kosningamiðstöð sína í húsinu fyrir bæjarstjórnarkosningarnar.

Ein fermingarveisla og ein matarveisla var haldin í húsinu.

Myndlistarsýning á Blómstrandi dögum í ágúst. Hjörtur Már Benediktsson með grænmetismarkað frá júní til september.

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu. Stjórnin notaði tölvupóstana óspart í samskiptum, og eru þeir örugglega taldir í hundruðum eða jafnvel meira. Leikarar í sýningunni og starfsfólk í kringum hana var með lokaða síðu á Facebook og var hún mjög mikið notuð í samskiptum manna á millum. Við þetta sparaðist mikill símakostnaður og reyndist þægilegur samskiptamáti.

Leikfélag Hveragerðis færir öllum þeim mikla fjölda fólks sem lagði því lið á liðnu starfsári sínar innilegustu þakkir .

Jóhann Tr. Sigurðsson, formaður.

Leikfélag Hörgdæla

Verksmiðjukrónikan

Höfundar: Saga Jónsdóttir og Stefanía E.

Hallbjörnsdóttir

Leikstjóri: Saga Jónsdóttir

Þátttakendafjöldi: 38

Sýningarfjöldi: 17

Áhorfendafjöldi: 1140

Þöggun

Höfundur og leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson

Þátttakendafjöldi: 9

Sýningarfjöldi: 10

Áhorfendafjöldi: 422



Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Hér verður stiklað á stóru í starfi Leikfélags Hörgdæla leikárið 2014 – 2015. Stjórnin hittist reglulega auk þess að vera í mjög góðu síma- og tölvupóstssambandi. Við byrjuðum leikárið af krafti með uppsetningu á Verksmiðjukrónikunni, nýju íslensku verki eftir Sögu Jónsdóttur og Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur í leikstjórn Sögu Jónsdóttur. Verkið var frumsýnt 16. október, sýndar voru 17 sýningar fyrir c.a 1200 áhorfendur.



Eftir áramót var sett upp nýtt íslenskt verk, Þöggun eftir Jón Gunnar Þórðarson sem jafnframt leikstýrði, frumsýnt var 27. mars og sýndar voru 10 sýningar allar fyrir nánast fullu húsi. Þessi sýning var sýnd á loftinu í Leikhúsinu á Möðruvöllum sem hæfði henni mjög vel.

Leikfélagið tók þátt í dagskrá í Möðruvallarkirkju á föstudaginn langa.

Í byrjun maí sáum við um aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga, fundurinn var á Melum og gist var í Skjaldarvík. Óhætt er að segja að hann hafi tekist mjög vel, þáttaka var með besta móti og allir skemmtu sér mjög vel.

Þrír sóttu Bandalagsskólann þetta árið.

Haldinn var dansleikur fjórða árið í röð um verslunarmannahelgina og tókst hann með ágætum.

Þegar þetta er skrifað er búið að ráða Odd Bjarna Þorkelsson og Margréti Sverrisdóttur til að leikstýra næsta vetur en ekki er endanlega búið að ákveða hvað verður sett upp.

Stjórn Leikfélags Hörgdæla er þannig skipuð.

Axel Vatnsdal, formaður

Þóroddur Ingvarsson, varaformaður

Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri

Áslaug Ólöf Stefánsdóttir, ritari

Fanney Valsdóttir, meðstjórnandi.

Axel Vatnsdal, formaður



Leikfélag Keflavíkur

Með ryk í auga

Höfundar: Arnar Ingi Tryggvason, Jón Bjarni Ísaksson, Arnór Sölvason, Gustav Helgi Haraldsson, Ómar Ólafsson og Júlíus Freir Guðmundsson

Leikstjóri: Hjálmar Hjálmarsson

Þátttakendafjöldi: 30

Sýningarfjöldi: 12

Áhorfendafjöldi: 1015

Killer Joe

Höfundur: Tracy Letts

Þýðandi: Stefán Baldursson

Leikstjóri: Davíð Guðbrandsson

Þátttakendafjöldi: 13

Sýningarfjöldi: 6

Áhorfendafjöldi: 512

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Um leið og fráfaramandi stjórn tók við fyrir ári síðan voru allir sammála um að það væri kominn tími á revíu. Strax í upphafi sumars var höfundahópur settur saman úr ýmsum meðlimum leikfélagsins og hugmyndavinna fór í gang og stóð yfir allt sumarið.

Atriði úr Ávaxtakörfunni, sem við settum upp vorið áður, voru sýnd á ýmsum uppákomum eins og á Barnahátíð, á hátíð í Galtalækjarskógi og svo má áfram telja. Framlag okkar til 17. júní og Ljósanætur var atriði úr Ávaxtakörfunni og einnig mættu nokkrir meðlimir unglingadeildarinnar á báðar hátíðir í hlutverki hinna ýmsu furðuvera og fígúra.

Við bættum við ljósabúnaði á sviðið, keyptum fimm „róbota“ sem gefa okkur möguleika á mjög fjölbreyttri og glæsilegri lýsingu.

Um haustið var handrit að revíunni að byrja að taka á sig mynd. Í henni voru tekin fyrir ýmis málefni eins og HSS, gamla og nýja bæjarstjórnin, lögreglustjórinn og margt fleira. Revían fékk nafnið „Með ryk í auga“ og leikstjóri var grínistinn Hjálmar Hjálmarsson. Revían var frumsýnd þann 31. október við góðar undirtektir. Sýningararnar urðu alls 12 og heildaraðsókn á sýninguna var góð.

Á þrettándanum voru óvenju margir sem vildu taka þátt í að leika púka á hátíðarsvæðinu, sem er frábært, en því miður var þrettándagleðinni aflýst vegna veðurs og ekkert varð úr því.

Við fórum óhefðbundna leið með vorverkefni ársins. Við vildum prófa eitthvað annað en grín og glens og völdum aðeins alvarlegra verk. Fyrir valinu var leikritið Killer Joe eftir Tracy Letts. Leikritið fjallaði um fjölskyldu í Texas sem tók þá misgáfulegu ákvörðun að stunda viðskipti við Killer Joe. Til þess að leikstýra verkinu fengum við Davíð Guðbrandsson. Á meðan verkið var æft stóðu yfir framkvæmdir frammi í biðsal. Barinn og salurinn fengu glæsilega og tímabæra andlitslyftingu sem við erum mjög ánægð með. Leikfélagið fékk rausnarlegan styrk frá kvennastúku Oddfellow félagsins í mars og við fórum á fund hjá félaginu, tókum við styrknum og fluttum í

leiðinni skemmtiatriði sem var byggt á okkar hugmyndum um starfsemi Oddfellow. Killer Joe var frumsýnd 13. mars við mjög góðar undirtektir og fannst mörgum að um tímamótaverk væri að ræða hjá leikfélaginu. Sýningar urðu alls 6 en aðsókn var ekki nógu góð.

Eins og undanfarin ár lánuðum við listahátíðinni „List án landamæra“ húsið undir árlegu leiksýninguna þeirra.

Unglingadeildin hefur legið í dvala stóran hluta leikársins og það er ósk mín að ný stjórn muni endurvekja deildina og keyra hana af fullum krafti á næsta ári.

Sæmundur Már Sæmundsson, formaður



Leikfélag Kópavogs

Elskhuginn

Höfundur: Harold Pinter
Þýðandi: Ingunn Ásdísardóttir
Leikstjóri: Örn Alexandersson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 6
Áhorfendafjöldi: 297

Strandaglópar

Höfundar: Guðmundur L. Þorvaldsson og leikhópurinn
Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson
Þátttakendafjöldi: 6
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 103

Leikboðinn

Höfundur: Örn Alexandersson
Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 105



Óþarfa offarsi

Höfundur: Paul Slade Smith
Þýðandi og leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 10
Sýningarfjöldi: 12
Áhorfendafjöldi: 623

Bæn

Höfundur: Fernando Arrabal
Þýðandi: Bryndís Schram
Leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 105

Man það ekki alveg í augnablikinu ...

Höfundur: Nick Zagone
Þýðandi og leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 105

Á stofunni (AKA Á lagernum)

Höfundur: Bjarni Guðmarsson
Leikstjóri: Stefán Bjarnason
Þátttakendafjöldi: 4
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 105

Áttu íbúfen, ég er með svo mikla trúðaverki

Höfundar: Fjölur Gíslason og Jón Gunnar Garðarsson
Leikstjóri: Fjölur Gíslason
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 105

Ást í hraðbanka

Höfundur: Bjarni Guðmarsson
Leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

Á veröndinni einn bjartan vormorgun

Höfundur: Alex Dremann
Þýðandi og leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

**Bóksalinn**

Höfundur: Örn Alexandersson
Leikstjóri: Stefán Bjarnason
Þátttakendafjöldi: 2
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

Líflína

Höfundur: Douglas Craven
Þýðandi og leikstjóri: Hörður Sigurðarson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

Meindýr

Höfundur: Bjarni Guðmarsson
Leikstjóri: Guðmundur L. Þorvaldsson
Þátttakendafjöldi: 3
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 110

*Stytt skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:**Leiklistarskólinn nemendur*

Í júní 2014 sóttu 8 félagsmenn námskeið í Leiklistarskóla BÍL. Þar sem aðalfundur er haldinn seinna í ár en venjulega er einnig hægt að upplýsa að í ár sóttu 3 félagsmenn námskeið í skólanum. Það hefur verið stefna félagsins að reyna að styrkja félagsmenn með smá framlagi til að sækja sér menntun í skólanum og mun svo verða áfram.

Götuleikhúsið

Götuleikhús Kópavogs fékk inni í húsinu samkvæmt venju í júní og júlí í fyrra. Gekk þar allt með prýði eins og ávallt. Hópurinn er svo kominn inn að nýju nú í sumar og skemmtilegt frá því að segja að umsjónarmenn eru báðir fyrrverandi meðlimir í unglingsdeild leikfélagsins.

Elskhuginn

Fyrsta leikverk leikársins fór í vinnslu þegar síðastliðið sumar. Þar var á ferð ekkert minna en Elskhuginn eftir Nóbelskaldið Harold Pinter. Örn Alexandersson stýrði Arnfinni og Önnu Margréti í þessu margslungna verki. Frumsýnt var í byrjun október og var sýnt 6 sinnum við ágæta aðsókn og góðar undirtektir. Gagnrýnandi sagði m.a. að hér væri á ferðinni „... prýðileg sýning sem áhugafólk um leiklist og leikhús ætti ekki að missa af.“

Stuttverkahátíð NEATA

Óvænt barst félaginu beiðni um að halda Stuttverkahátíð NEATA laugardaginn 4. október. Fyrirvarinn var aðeins nokkrir dagar en samhentur hópur þeirra Skúla, Klæmint og Harðar skipulagði og sá um sviðssetningu 15 leikþátta, þriggja frá Færeyjum og 12 frá Íslandi. Trúðurinn Sessa, góð vinkona Ernu Bjarkar sá um kynningar og uppistand á milli sýninga við mikinn fögnuð gesta. Fékk félagið almennt mikið hrós fyrir snurðulausa og fagmannlega framkvæmd hátíðarinnar.

Barna- og unglínganámskeið

Hefðbundin starfsemi unglíngadeildar fór fram september til nóvember. Eins og árið áður voru tveir hópar að störfum, 11-12 ára og 13-16 ára. Leiðbeinandi var Guðmundur L. Þorvaldsson og honum til halds og trausts var Helga Björk Pálsdóttir.

Yngri hópur mætti vikulega í 1 klst. í senn, 10 sinnum alls. Í lokin var foreldrum og aðstandendum boðið að sjá afrakstur námskeiðsins sem var hið skemmtilega frumsamda leikverk Hótel Paradís.

Eldri hópur hittist einnig vikulega en í 2 klst. í senn. Að afloknu námskeiði hófust æfingar á leikverkinu Strandaglópum sem Guðmundur leiðbeinandi samdi í samvinnu við hópinn. Verkið fjallaði um hóp fólks sem lendir í skipsskaða og skolar upp á eyðieyju. Sýnt var tvisvar sinnum við ágæta aðsókn og undirtektir.

Stjörnuljósakvöld og Trú, von og trúðleikur

Stjörnuljósakvöld, árleg innanfélagsskemmtun LK var haldin fyrsta laugardag ársins skv. venju. Þar voru sýndir 6 leikþættir, þar af 4 frumsýndir. Þættirnir voru Leikboðinn eftir Örn Alexandersson, Bæn eftir Fernando Arrabal, Man það ekki alveg í augnablikinu... eftir Nick Zagone, Charlie eftir Fjölmi Gíslason, Áttu íbúfen, ég er með svo mikla trúðverki eftir Fjölmi Gíslason og Jón Gunnar Garðarsson og Á stofunni eftir Bjarna Guðmarsson. Auk þess voru tónlistaratriði á dagskránni sem lukkaðist vel. Leikdagskráin var síðan sýnd aftur síðar í vikunni undir heitinu Trú, von og trúðleikur.

Óþarfa offarsi

Í lok nóvember var samlestur á stóra verkefni vormisseris sem var nýr bandarískur farsími er nefndist Óþarfa offarsi á íslensku. Hörður Sigurðarson leikstýrði og þýddi. Kastað var í hlutverk og æfingar hafnar en síðan var gert hlé yfir jólahátíðina. Frumsýnt var að lokum 21. febrúar, öllu síðar en áætlað var. Ástæðan fyrir því var mikil afföll í leikarahópnum en um miðjan janúar kom í ljós að þurfti inn nýjan leikara fyrir Friðfinn sem forfallaðist vegna hásinarslits. Héðinn stökk inn fyrir hann með miklum glæsi-brag. Rúmri viku fyrir frumsýningu heltist síðan Arnfinnur úr lestinni en til allrar hamingju áttum við hark í horni þar sem Örn Alexandersson er

en hann vílaði ekki fyrir sér að stökkva inn þó svo skömmu fyrir frumsýningu væri. Þess má geta að þegar ráðist var í aukasýningar í apríl þurfti Anna Margrét að draga sig í hlé en Hrefna kom inn fyrir hana. Það hefur því nær helmingur upphaflegs hóps þurft að draga sig út úr sýningunni sem hlýtur að vera einhverskonar met.



Offarsinn var sýndur 12 sinnum og var aðsókn góð. Valinn maður var í hverju rúmi utan sviðs sem innan enda báru ummæli gesta þess vitni. Sérstaklega verður þó að nefna frábæra vinnu þeirra Klæmint og Nicolaj við leikmyndina sem gerði mikið fyrir sýninguna. Áhorfendur voru duglegir að tjá sig um sýninguna á samfélagsmiðlunum og notuðu sumir hástemmd lýsingarorð. Leyfum gagnrýnanda Leiklistarvefsins þó að eiga síðasta orðið um sýninguna en m.a. sagði hann „... í stuttu máli er uppsetning Leikfélag Kópavogs á Óþarfa offarsi hreint út sagt æðisleg.“

Kvikmyndaskólinn

Kvikmyndaskólinn fékk inni í húsinu í desember samkvæmt venju. Samkvæmt venju var samstarfið gott og umgengni og samskipti eins og best verður á kosið. Því miður urðum við hinsvegar að neita skólanum um aðstöðu í vor. Ástæðan er einfaldlega sú að starfsemi félagsins leyfir ekki lengur að

láta húsnaðið á þessum tíma í útleigu. Þó það sé í sjálfsögðu gleðilegt að starfsemi okkar sé orðin svo mikil, þykir okkur miður að geta ekki hýst skólann sem hefur verið einn af okkar dyggustu og bestu leigjendum frá upphafi.

Þess má geta að skólinn fékk inni í Bæjarbíói í Hafnarfirði og gekk það að sögn vel.

Leikfélag MK

Sorgarsagan með Leikfélag MK hélt áfram á leikárinu. Ekki verður sú saga rakin í smáatriðum en látið nægja að nefna að eftir að bæjarritari hafði milligöngu um samkomulag kom leikhópurinn inn í húsið í mars. Í stuttu máli var samkomulagið margsvikið með einstökum glæsibrag og umgengni og viðskilnaður jafn slæmur og undanfarin ár. Stjórn ræður nú ráðum sínum með þetta leiðinda mál.

Leiklistarnámskeið

Í apríl hélt Hörður Sigurðarson leiklistarnámskeið og var það aðallega hugsað fyrir félagsmenn sem verið höfðu áður á námskeiði eða höfðu einhverja leikreynslu. 6 þátttakendur hófu námskeiðið en voru 5 þegar því lauk. Námskeiðið var samtals 18 klst.

Ást í meindýrum - 5 leikþættir

Í lok apríl hófst vinna við leikdagskrá sem frumsýna átti í lok maí. Fimm leikþættir voru sviðsettir undir stjórn 3ja leikstjóra, þeirra Guðmundar L. Þorvaldssonar, Stefáns Bjarnarsonar og Harðar Sigurðarsonar. Níu leikarar léku í eftirfarandi þátt-um: Ást í hraðbanka eftir Bjarna Guðmarsson, leikstjóri Hörður Sigurðarson, Á veröndinni einn bjartan vormorgun eftir Alex Dremann, leikstjóri Hörður Sigurðarson, Bóksalinn eftir Örn Alexandersson, leikstjóri Stefán Bjarnarson, Líflína eftir Douglas Craven, leikstjóri Hörður Sigurðarson og Meindýr eftir Bjarna Guðmarsson, leikstjóri Guðmundur L. Þorvaldsson. Frumsýnt var 28. maí og önnur sýning var 30. maí. Dagskráin var ágætlega sótt og góður rómur að henni gerður.

Vinnudagur og leikárslokagrill

Sú hefð hefur skapast að ljúka leikárinu í júní með vinnudegi í leikhúsinu og grillveislu um kvöldið. Slíkt var gert á síðasta leikári og verður endurtekinn leikurinn nú laugardaginn 20. júní.

Hnýtir það slaufu á afar viðburðaríkt og að flestu leyti vel heppnað leikár hjá Leikfélagi Kópavogs.

Hörður Sigurðarson, formaður



Leikfélag Mosfellssveitar

Ronja ræningjadóttir

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðendur: Þorleifur Hauksson og Böðvar Guðmundsson

Leikstjóri: Agnes Wild

Þátttakendafjöldi: 42

Sýningarfjöldi: 24

Áhorfendafjöldi: 3600

Egilssaga og fornleifar í Mosó

Höfundur og leikstjóri: Birgir Sigurðsson

Þátttakendafjöldi: 8

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 300

Kvenfélagið

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Agnes Wild

Þátttakendafjöldi: 15

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 300

Fimm mínútur í tímavélinni

Höfundar: Sveinn Óskar Ásbjörnsson og leikhópurinn
 Leikstjóri: Sveinn Óskar Ásbjörnsson
 Þátttakendaföldi: 6
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 106

Draugurinn Siggi

Höfundar: Sveinn Óskar Ásbjörnsson og leikhópurinn
 Leikstjóri: Sveinn Óskar Ásbjörnsson
 Þátttakendaföldi: 12
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 106

Doktor Jójó & co

Höfundar: Sveinn Óskar Ásbjörnsson og leikhópurinn
 Leikstjóri: Sveinn Óskar Ásbjörnsson
 Þátttakendaföldi: 6
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 106

Fjögur stuttverk

Höfundar: Agnes Wild, Sigrún Harðardóttir og leikhópurinn
 Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir
 Þátttakendaföldi: 6
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 120

Skrípakóngur

Höfundar: Leikhópurinn
 Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir
 Þátttakendaföldi: 13
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 110

Brúðuleikur

Höfundar: Leikhópurinn
 Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir
 Þátttakendaföldi: 8
 Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 110

Ævintýrakóngurinn

Höfundar: Leikhópurinn
 Leikstjórar: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir
 Þátttakendaföldi: 14

Sýningarföldi: 1
 Áhorfendaföldi: 110

Leikfélag Rangæinga**Fullkomið brúðkaup**

Höfundur: Robin Hawdon
 Þýðandi: Örn Árnason
 Leikstjóri: Ármann Guðmundsson
 Þátttakendaföldi: 15
 Sýningarföldi: 11
 Áhorfendaföldi: 714

**Leikfélag Sauðárkróks****Emil í Kattholti**

Höfundur: Astrid Lindgren
 Þýðandi: Vilborg Dagbjartsdóttir
 Leikstjóri: Páll Friðriksson
 Þátttakendaföldi: 40
 Sýningarföldi: 12
 Áhorfendaföldi: 909

Barið í brestina

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
 Leikstjóri: Þróstur Guðbjartsson
 Þátttakendaföldi: 30
 Sýningarföldi: 10
 Áhorfendaföldi: 567



Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Nýtt leikár hófst formlega 1. júní 2014 og var aðalfundur haldinn 9. júní 2014.

Ný stjórn var kosin og á fyrsta stjórnarfundum skipti nýskipuð stjórn með sér verkum:

Formaður: Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir

Varaformaður: Saga Sjöfn Ragnardóttir

Gjaldkeri: Agnes Skúladóttir

Ritari: María Dagmar Magnúsdóttir

Meðstjórnandi: Gísli Þór Ólafsson

Varastjórn: Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og Ragnar Heiðar Ólafsson

Á fyrstu fundum stjórnar var væntanlegt hauststarf rætt. Talað var við Páll Friðriksson um að leikstýra barnaleikritinu Emil í Kattholti.

Fyrsti fundur var 25 ágúst og fljótlega hófust æfingar, æfingatímabilið byrjaðu óvenjulega snemma en var ákveðið að byrja fyrr en vanalega til að æfingar og sýningar væru búnar þegar FNV færi inn í Bifröst með sitt leikverk. Æfingatímabilið gekk vel og var frumsýnt laugardaginn 11. október 2014. Sýningar urðu alls 12 og aðsókn var mjög góð en alls sáu 909 manns sýninguna.

Leikfélagið er ennþá með aðstöðu í Gamla barnaskólanum og þangað voru allir búningar fluttir en ennþá á eftir að bjarga leikmunum og handritum

úr Leikborg. Í vetur tóku nokkrir leikfélagar sig til og héldu tiltektardag í barnaskólanum, þrifu og hengdu alla búninga upp, virkilega vel gert.

28. október 2014 fór 16 manna hópur úr Emil leikhópnum í leikhúsferð á Ólafsfjörð á leikritið Brúðkaup hjá Leikfélagi Fjallabyggðar eftir Guðmund Ólafsson, þetta var mjög skemmtileg og velheppnuð ferð og í henni kviknaði smá hugmynd af sæluvikuverkefninu 2015.

Á unglingslandsmóti UMFÍ sem haldið var hér á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina sá hópur frá LS um barnakvöldvöku á laugardagskvöldi þar sem fram komu á milli brandara frá kynnum atríði með trúðum, persónum úr Dýrunum í Hálsaskógi og Ávaxtakörfunni og svo var endað á Landsmótslaginu.

Á sunnudagsmorgni var svo leiksmiðja í Árskóla. 12 krakkar tóku þátt og var hitað upp með leikjum. Síðan var skipt í þrjá hópa og voru leikritin Rauðhetta, Grísirnir 3 og Búkolla æfð og sýnd í lok leiksmiðjunnar.

Fyrsti fundur vegna sæluvikustykkis 2015 var haldinn 9. febrúar, búið var að ráða Þröst Guðbjartsson sem leikstjóra og búið velja leikritið Barið í brestina. Leiklestur hófst fljótlega og 16. febrúar var búið að skipa í hlutverk og æfingar

hófust. Æfingatímabilið var með nýju sniði í þetta skipti, æft var í 4 vikur, síðan komu 3 vikur þar sem leikstjórinn var í burtu og þá var kallað inn á söng og dansæfingar, unnið í sviðsmynd og í síðustu vikunni voru æfingar. Síðan voru 2 vikur af æfingum og frumsýnt var 26. apríl 2015.

Æfingar og sýningar gengu vel og alls urðu sýningar 10 og áhorfendur alls 567. Sýningin fékk góða dóma en áhorfendur voru færri en verið hefur og hefðu gjarnan mátt vera fleiri.

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS til að þátttaka fólks verði góð, því án ykkar er þetta ekki hægt.

Að lokum viljum við þakka leikstjóra og leikhóp fyrir gott og skemmtilegt samstarf, sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu, styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn.

Sigurlaug Dóra formaður

Leikfélag Selfoss

Bót og betrun

Höfundur: Michael Cooney
Þýðandi: Hörður Sigurðarson
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Þátttakendafjöldi: 29
Sýningarfjöldi: 18
Áhorfendafjöldi: 1219

Hlauptu, týnstu

Höfundur: Bergur Ebba Benediktsson
Leikstjórar: Guðfinna Gunnarsdóttir og Íris Árný Magnúsdóttir
Þátttakendafjöldi: 11
Sýningarfjöldi: 2
Áhorfendafjöldi: 140

Rósa fær Jólaköttinn í heimsókn

Höfundur og leikstjóri: F. Elli Hafliðason
Þátttakendafjöldi: 6
Sýningarfjöldi: 1
Áhorfendafjöldi: 30



Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Nýkjörin stjórn Leikfélags Selfoss tók til starfa á sínum fyrsta fundi þann 5. maí 2014 undir forystu Sigríðar Hafsteinsdóttur formanns. Skipti stjórn með sér verkum með eftirfarandi hætti: F. Elli Hafliðason varaformaður, Finnur Hafliðason ritari, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri og Krístrún Jónsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu Lilja Jóna Halldórsdóttir, Viktor Ingi Jónsson og Stefán Ólafsson. Alls voru haldnir 33 stjórnarfundir á leikárinu enda mikið um að vera.



Sigríður formaður, Elli varaformaður, Lilja Jóna Halldórsdóttir og Gerður Halldóra Sigurðardóttir sóttu aðalfund BÍL fyrir hönd Leikfélags Selfoss sem haldinn var í Vestmannaeyjum að þessu sinni 3.-4. maí. Erfið fjárhagsstaða Bandalagsins var helsta umræðuefnið á fundinum auk þess sem leiðir til að gera Bandalagið sýnilegra voru ofarlega á baugi. Einnig var stofnuð félsbóarsíða til að tengja betur saman áhugaleikhúsfólk út um allt land og hefur síðan sannarlega staðið fyrir sínu og skilað tilætluðum árangri. Einnig funduðu nokkur leikfélög af SV-horninu við þetta tækifæri og lögðu grunn að afsláttarsamkomulagi milli leikfélaga. Samkomulagið felst í því að félögin veita hvort öðru 50% afslátt á leiksýningar sínar. Fjórar ungar dömur tóku að sér andlitsmálningu fyrir hönd leikfélagsins á Sunnlenska sveitadeginum 3. maí 2014. Stóðu þær sig með mikilli þryði og viðhöfðu fagleg og vönduð vinnubrögð.

Leikfélag Selfoss endurnýjaði samning sinn við Sveitarfélagið Árborg 20. maí 2014. Styrkur sveitarfélagsins hafði verið skertur verulega árin eftir efnahagshrunið en með nýjum samningi hækka þau aftur í fyrra horf og er það vel. Einnig var

endurnýjuð ábyrgð sveitarfélagsins varðandi viðhald á Litla leikhúsinu. Var stjórn leikfélagsins mjög ánægð með hinn nýja samning og sérstaklega samskipti sín við Braga Bjarnason tengilið menningar- og frístundafulltrúa.

Hugarflug var haldið 28. maí 2014. Þátttaka var góð og tókst vel til. Alls voru flutt 6 fjölbreytt atriði, þar af voru fjögur ný verk frumflutt. Þátttakendur voru á öllum aldri en yngri kynslóðin stóð sig sérstaklega vel að vanda. Alls komu rúmlega 30 áhorfendur og skemmtu sér vel.

Haldin voru þrjú leikhúsnámskeið fyrir börn sumarið 2014. Þátttaka var mjög góð að vanda og færri komust að en vildu. Alls tóku 63 kátir krakkar þátt í námskeiðunum. Leiðbeinendur voru Sigríður Hafsteinsdóttir, Sigrún Sighvatsdóttir og Erla Dan Jónsdóttir. Sumarnámskeiðin eru orðin mjög mikilvægur þáttur í starfi leikfélagsins sem og samfélagsins á Selfossi.

9 félagar úr Leikfélagi Selfoss sóttu Leiklistarskóla BÍL 14. – 22. júní 2014 að Húnavöllum. Er það mesta þátttaka frá leikfélaginu frá upphafi. Þrjú félagar fóru á ritunarnámskeið, fjórir fóru á sérnámskeið í leiklist og tveir fóru á grunnnámskeið í leiklist.

Miklar endurbætur voru gerðar á lagnakerfi Litla leikhússins í lok ágúst 2014. M.a. var skipt um ofna í mestöllu húsinu og flestar lagnir endurnýjaðar. Voru endurbæturnar kærkomnar enda lagnakerfið komið mjög til ára sinna.

Haldinn var haustfundur 17. september 2014 þar sem dagskrá vetrarins var kynnt. Mætingin var góð bæði af nýjum félögum og gömlum. Helst bar til tíðinda að ný heimasíða var kynnt og sett í loftið en sú gamla hafði verið óvirk í nokkur ár. Leikfélag Selfoss tók þátt í NEATA-stuttverkahátíð 4. október 2014 sem haldin var í húsakynnum Leikfélags Kópavogs. Leikfélagið sýndi tvö verk á hátíðinni, Ostakökuna eftir Aðalstein Jóhannsson og Fyrir eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Leikarar voru bræðurnir Hafsteinn Óskar Kjartansson og Hlynur Þór Róbertsson í Ostakökunni en Halldóra Ósk Eiríksdóttir Öfjörð og Rakel Ýr Stefánsdóttir fluttu Fyrir. Stóðu þau sig mjög vel og voru leikfélaginu til mikils sóma.

Haldið var byrjendanámskeið í leiklist helgina 29. – 30. nóvember 2014. Leiðbeinendur voru Sigríður Hafsteinsdóttir og F. Elli Hafliðason. Þátttakendur voru 12 kátir unglingar og voru þeir mjög ánægðir með námskeiðið sem tókst í alla staði vel.

Jóla kvöld var haldið 16. desember 2014 enda orðinn fastur og ómissandi liður í starfi félagsins. Mæting var mjög góð og stemningin ljúf og góð. Frumsýnt var nýtt stuttverk, Rósa fær Jóla köttinn í heimsókn, eftir F. Ella Hafliðason og vakti það mikla lukku. Auk þess var flutt ný jólasaga um Jóla köttinn og spiluð tónlist.


Fastir liðir áttu sinn stað á haustmánuðum. Laugardagskaffið var á sínum stað en auk þess voru tveir viðburðir endurvaktir í starfi félagsins. Nokkur höfundakvöld voru haldin þar sem ritþyrstir gátu hist og skrifað saman leikverk að list. Einnig voru söngkvöld leikfélagsins endurvakin eftir margra ára pásu. Mæting hefði þó mátt vera betri á tvo síðastnefndu viðburðina.



Vorið 2014 ákvað stjórn leikfélagsins að ráða Jón Stefán Kristjánsson til að leikstýra stóra verki leikársins en það er í fimmta sinn sem hann leikstýrir hjá Leikfélagi Selfoss. Lesin voru nokkur gamanverk um sumarið og tekin ákvörðun um að setja upp farsann Bót og betrun eftir Michael Cooney. Æfingar hófust 3. janúar 2015 og frumsýnt var 27. febrúar 2015. Sýningin sló rækilega í gegn og aðsókn var frábær sem og ritdómar og orðrómur götunnar. Hafði stjórn um tíma miklar áhyggjur af því að áhorfendur ættu í erfiðleikum með að lifa sýninguna af sökum gleði og hláturs. Sýningar voru 18 talsins en alls voru áhorfendur 1219.

Í janúar 2015 ákvað stjórnin að taka þátt í leiklistarhátíðinni NoBa en hátíðin er ný af nálinni og ætluð fyrir áhugaleikfélög í smábæjum. Hátíðin fer fram 4. – 10. júlí í Thisted í Danmörku. Alls fer 11 manna hópur frá leikfélaginu með verkið Kjánar og kynlegir kvistir sem er byggt upp á fjórum þjóðlegum stuttverkum sem öll hafa verið sett upp á Hugarflugum í gegnum tíðina. Æfingar hófust 5. maí undir leikstjórn F. Ella Hafliðasonar.

Leikfélag Selfoss var með opið hús á Sumardaginn fyrsta 23. apríl 2015 í tilefni af Vor í Árborg hátíðinni. Boðið var upp á vöflur, gestum leiðbeint um húsið og myndum úr starfinu varpað á vegg. Einnig fóru nokkrir leikfélagar í hlutverkum Bakkabræðra, Grýlu og Jóla kattarins á flakk um bæinn við mikla gleði nærstaddra. Mikill fjöldi sótti leikhúsið heim og þykir stjórninni alltaf vænt um hversu margir hafa áhuga á leikfélaginu.



Leikfélag Selfoss tók þátt í leiklistarhátíðinni Þjóðleik sem er hátíð ætluð leikurum á aldrinum 13 – 20 ára. Sett var upp verkið Hlaughtu, týnstu eftir Berg Ebba Benediktsson. 6 ungir og efni- legir leikarar tóku þátt undir leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur og Írisar Árnýjar Magnúsdóttur. Sýndar voru tvær sýningar 30. apríl og 1. maí

2015 og komu um 140 manns að sjá verkið. Þóttu leikararnir standa sig einstaklega vel og fengu mikið hrós sem og leikstjórnarnir.

Sigríður formaður, Elli varaformaður, Gerður Halldóra Sigurðardóttir og Jónheiður Ísleifsdóttir sóttu aðalfund BÍL 1. – 3. maí 2015 fyrir hönd leikfélagsins. Fundurinn var haldinn að Melum í Hörgársveit. Þar bar helst til tíðinda að Guðfinna Gunnarsdóttir, fyrrverandi formaður Leikfélags Selfoss var kjörin formaður BÍL. Einnig var rætt um fyrirhugaða stuttverkahátíð í haust sem og siðareglur og öryggisreglur innan leikfélaga og aukið samstarf í tæknimálum.

Það er því ekki hægt að segja að leikfélagar hafi setið með hendur í skauti þettað leikárið. Stöðug dagskrá allan veturinn sem mun teygja sig langt inn í sumarið með mjög spennandi utanlandsferð á leiklistarhátíð. Einn skugga ber þó á þetta öfluga og viðburðaríka ár. Góður félagi okkar Kristinn Pálmason féll frá langt um aldur fram í janúar 2015. Kveðjum við hann með miklum söknuði enda öflugur félagi til margra ára í starfi félagsins. Við vonum að hann njóti sín vel á sínu nýja leiksviði.

Stjórnin vill að lokum þakka öllu því frábæra fólki sem hefur unnið með okkur í liðnu leikári sem og öllum þeim sem hafa notið ávaxta erfiðisins sem áhorfendur og gestir. Við hlökkum til að hitta ykkur öll á nýju leikári.

Stjórn Leikfélags Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Á bak við myrkrið

Höfundur og leikstjóri: Ágúst T. Magnússon
Þátttakendafjöldi: 13
Sýningarfjöldi: 3
Áhorfendafjöldi: 170

Leikfélag Sólheima

Blíðfinnur

Höfundur: Þorvaldur Þorsteinsson
Leikstjóri: Þorný Björk Jakobsdóttir
Þátttakendafjöldi: 42
Sýningarfjöldi: 5
Áhorfendafjöldi: 354



Leikfélag Vestmannaeyja

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjörn Egner
Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk
Leikstjóri: Jón St. Kristjánsson
Þátttakendafjöldi: 25
Sýningarfjöldi: 10
Áhorfendafjöldi: 1085

Litla hryllingsbúðin

Höfundar: Howard Ashman og Alan Menken
Þýðandi: Magnús Þór Jónsson
Leikstjóri: Stefán Benedikt Vilhjálmsson
Þátttakendafjöldi: 32
Sýningarfjöldi: 12
Áhorfendafjöldi: 1157

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stjórnarkjör

Á fyrsta fundi leikársins var stjórninni skipt niður í eftirfarandi stöður:

Unnur Guðgeirsdóttir, formaður
Alma Eðvaldsdóttir, varaformaður
Viktor Rittmüller, gjaldkeri
Elvar Þór Eðvaldsson, meðstjórnandi
Zindri Freyr Ragnarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt reglulega fundi allt leikárið. Engar breytingar urðu á stjórnarmönnum á árinu og hefur samstarfið gengið vel.

Verkefni leikársins

Félagið var mjög virkt þetta árið. Strax um haustið var ráðist í uppsetningu á Dýrunum í Hálsaskógi í leikstjórn Jóns Stefáns Kristjánssonar. Margir úr félaginu þekktu til Jonna því hann leikstýrði hjá okkur Móglí árið 2006. Skemmtileg hefð hefur skapast að setja upp þetta verk á 10 ára fresti. Þetta var nú í þriðja skiptið sem þetta sígilda verk er sett upp hjá okkur, en það var einnig sýnt 1994 og 2004. Æfingar á Dýrunum hófust um miðjan september og var frumsýnt 8. nóvember. Sýningin heppnaðist afar vel og var vel sótt.



Vorverkefni félagsins var síðan Litla Hryllingsbúðin. Við auglýstum eftir leikstjóra á leiklist.is. Stefán Benedikt Vilhelmsson var meðal umsækjenda og var ráðinn í starfið rétt fyrir áramót. Æfingar hófust síðan um miðjan febrúar. Mikið var sérstaklega lagt í sviðsmynd að þessu sinni sem var einstaklega glæsileg. Það var m.a. dustað rykið af hringsviðinu okkar og byggt á það hallandi gólf, sem er ekta leikhús. Mikið var einnig lagt í búninga, tónlistarflutning og söng og tókst okkur að æfa þetta upp á einungis sjö vikum. Frumsýnt var 27. mars og gengu sýningar mjög vel.

Leikfélagið tók síðan þátt í verkefninu Þjóðleikur í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Nemendur úr efri bekkjum grunnskólans gátu valið um að vera með og settu upp verkið Útskriftarferðin eftir Björk Jakobsdóttur. Sýndar voru nokkrar sýningar hér og síðan á hátíðinni á Stokkseyri í maí. Það var skemmtilegt og öðruvísi að taka þátt í svona

verkefni og getum við vel hugsað okkar að vera aftur með næst.

Að venju tók leikfélagið þátt í ýmsum viðburðum í bænum. Meðal annars má nefna þar figúrur og skemmtiatriði á 17. júní, sjómannadeginum og þegar kveikt var á jólatrénu. Einnig er félagið farið að taka að sér útleigu á hljóð og ljósakerfi fyrir t.d. kvöldvöku á TM-mótinu og Orkumótinu í Vestmannaeyjum og fyrir stærri tónleika eins og Skonrokk í Höllinni.

Að lokum viljum við enn og aftur þakka öllum þeim sem lögðu krafta sína í félagið á þessu leikári.

Viktor Rittmüller, gjaldkeri



Leikfélag Ölfuss

Enginn með Steindóri

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Þátttakendaföldi: 9

Sýningarföldi: 12

Áhorfendaföldi: 445

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:
(1. maí 2014-30. apríl 2015)

Stjórn LÖ 2014-2015

Á aðalfundi sem haldinn var 10. júní 2014 urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Magnþóra Kristjánsdóttir var kjörin formaður og með henni í stjórn voru kjörin: Árný Leifsdóttir, varaformaður, Hulda Gunnarsdóttir, ritari, Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir, gjaldkeri og Aðalsteinn Jóhannsson meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir þau Þrúður Sigurðar og Hákon Svavars-son.

Bandalagsskólinn

Ákvörðun stjórnar frá því 2011 um að greitt verði fyrir allt að 3 nemendur í Bandalagsskólann var og er áfram í gildi. Sumarið 2014 fóru þrír meðlimir LÖ í skólann, þau Aðalsteinn Jóhannsson á leikritun 2 undir leiðsögn Karls Ágústs Úlfssonar og þær Magnþóra Kristjánsdóttir og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir á leiklist 1 undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Nú í sumar fara fjórir meðlimir félagsins í skólann, þrír á leikstjórn 1 hjá Rúnari Guðbrandssyni, þau Aðalsteinn Jóhannsson, Árný Leifsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir og ein á leiklist tvö hjá Ágústu Skúladóttur, Oddfreyja H. Oddfreysdóttir. Samkvæmt áðurnefndri samþykkt greiðir LÖ sem nemur þremur skólagjöldum og deilist upphæðin milli þessara fjögurra nemenda í ár.

Verkefni félagsins á leikárinu

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar fyrir síðasta leikár var haldið leiklistarnámskeið fyrir unglinga á vormánuðum og fékk félagið Guðmund Lúðvík Þorvaldsson til liðs við sig. Sett var upp verk sem nefnist Loki Laufeyjarson eftir Gísla Björn Heimisson, Guðrúnu Sóleyju Sigurðardóttur og Guðmund Lúðvík Þorvaldsson og var það sýnt við upphaf Hafnardaga eða 26. maí. Sjö ungir og hæfileikaríkir leikarar tóku þátt í sýningunni. Þrír Bergheimabjálfar stóðu fyrir almennum fífla- gangi á vorhátíð Leikskólans Bergheima laugar- daginn 17. maí en það voru þær Hulda, Magnþóra og Oddfreyja sem báru ábyrgð á fíflalátunum.

Eftir aðalfundinn 10. júní fór stjórn á fullt í að finna leikstjóra fyrir komandi vetur. Ákveðið var að ráðast í að setja upp leikverkið Einn rjúkandi kaffibolla sem er afurð Aðalsteins Jóhannssonar eftir dvöl hans á leikritunarnámskeiðum á Húna- völlum. F. Elli Hafliðason (Don Ellione) var ráðinn til að leikstýra verkinu og var fyrsti sam- lestur haldinn 4. september. Fljótlega varð ljóst að ekki tækist að manna í öll hlutverk og var brugðið á það ráð að skipta um leikverk. Fyrir valinu varð gamanleikurinn Enginn með Steindóri eftir Nínu Björk Jónsdóttur og hófust æfingar á því 17. september. Frumsýnt var 25. október og sýndar



voru 12 sýningar fyrir 445 áhorfendur. 15 manns komu að sýningunni, þar af 9 leikarar sem komu víða að, frá Þorlákshöfn, Selfossi, Hveragerði og Reykjavík. Fékk sýningin góðar undirtektir og fína umfjöllun í hinum ýmsu miðlum.

LÖ sendi eitt stuttverk á stuttverkahátíð NEATA sem haldin var í Kópavogi 4. október. Um var að ræða stuttverkið Laugardagsmorgun eftir Oddfreyju H. Oddfreysdóttur en hún lék í verkinu ásamt Aðalsteini Jóhannssyni. Leikstjóri var Magnþóra Kristjánsdóttir. Í kjölfar þátttöku á þessari hátíð kviknaði áhugi meðal nokkurra félagsmanna á að vinna meira með stuttverkaformið og var ákveðið að hittast reglulega eftir áramót og skrifa. Hugmyndin var að halda síðan stuttverkahátíðina Stutt og laggott um miðjan mars og leita samvinnu við Lúðrasveit Þorlákshafnar við uppsetningar og útfærslur og var vel tekið í þá hugmynd.

Höfundakvöldin hófust um miðjan janúar og hefur góður kjarni hittst síðan þá, nánast vikulega og hafa fæðst ófá stuttverk á þessum tíma. Ekkert varð úr uppskeruhátíð í mars en ákveðið var að halda þó áfram að hittast og skrifa. Hluti þessara spánnýju leikrita var svo sýndur á aðalfundi Sambands sunnlenskra kvenna þann 18. apríl við góðan orðstír. Hluti þessara nýju stuttverka voru síðan færð í búning fyrir útvarp til flutnings í Útvarpi Hafnardögum í vikunni fyrir sjómanna-dag.

Eins og undanfarin ár sáu félagar í LÖ um að redda jólasveinum við tendrun jólaljósanna á Ráðhústorginu á fyrsta degi aðventu. Gekk það afar vel og hressir jólasveinar sáu um sprell og dans með kátum krökkum. Þrír trúðar gengu berserksgang undir tónlist Lúðrasveitar Þorlákshafnar-ar á nýrárstónleikum þann 17. janúar en það voru þau Aðalsteinn, Hákon og Oddfreyja. Var hrein unun á að hlýða og horfa. Eftir að hafa auglýst eftir fulltrúa LÖ fyrir þorablót þó nokkrum sinnum án árangurs ákvað Ottó Rafn Halldórsson að slá til og gerði það af svo mikilli alvöru að hann endaði í gifsí. Tókst þorablótið vel og voru skemmtiatriði með nokkuð breyttu sniði í ár. Farið var þess á leit við LÖ að taka að sér að halda utan um listasmiðju fyrir Hafnardaga í byrjun júní. Ásta Margrét Grétarsdóttir og Júlía

Káradóttir tóku að sér verkefnastjórn fyrir hönd LÖ. Svo má að lokum geta þess að nokkrir félagar tóku sig saman og tóku lagið til heiðurs Ingólfi Arnarsyni á fimmtugsafmæli hans í lok mars.



Verkefni næsta leikárs

Fyrir komandi leikár er búið að ráða Don Ellione til starfa og nú er stefnan sett á að klára þar sem frá var horfið og setja upp Einn rjúkandi kaffibolla eftir Aðalstein Jóhannsson. Æfingar hefjast í lok ágúst. Nú er að duga eða drepast og skorar stjórn á alla sem vettlingi geta valdið, jafnt karla sem konur að taka þátt þar sem Leikfélag Ölfuss á 10 ára afmæli á þessu hausti en það var stofnað haustið 2005. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram til að halda upp á tímamótin og má þar nefna sýningu undir stiganum í september þar sem stiklað verður á því helsta sem félagið hefur fengist við á þessum 10 árum. Árný Leifsdóttir mun halda utan um sýninguna. Einnig verða skrifaðir pistlar í blöð og aðra miðla og myndir og myndbönd sett á netið svo eitthvað sé nefnt. Það er einnig brýnt verkefni að taka aðstöðu LÖ í Indriða í gegn en þar þarf að setja upp viðunandi lausnir fyrir búninga þannig að auðvelt sé að

ganga um húsið. Það er verkefni sem má ekki bíða mikið lengur. Farið er að þrengja allnokkuð að okkur í Indriða og húsið í niðurnislu og ljóst að í nánustu framtíð þarf að fara að horfa til annarra lausna varðandi aðstöðu félagsins. Áframhaldandi stuttverkavinna er á borðinu sem og þátttaka í þeim leiklistarhátíðum sem í boði verða í kringum okkur.

BÍL þing

Bæði stjórn og varastjórn, Aðalsteinn, Árný, Hákon, Hulda, Magnþóra, Oddfreyja og Þrúður, brunaði norður í land þarsíðustu helgi á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldinn var að Melum í Hörgársveit 2.-3. maí. Þrúður sat einnig fundinn sem varamaður í stjórn Bandalagsins en þar hefur hún setið um nokkurt skeið og var kjörin til áframhaldandi setu. Skemmst er frá því að segja að þingið gekk ákaflega vel fyrir sig og eru Hörgdælir höfðingjar heim að sækja. Gist var á dásamlegu gistiheimili að Skjaldarvík sem óhætt er að mæla eindregið með hyggi fólk á gistingu fyrir norðan. Guðfinna Gunnarsdóttir var kjörin nýr formaður Bandalags íslenskra leikfélaga og tekur hún við keflinu af Þorgeiri Tryggvasyni sem setið hefur í allnokkur ár við stjórnvölinn. Ný heimasíða leiklist.is hefur verið opnuð og geymir hún meðal annars vefverslun þar sem hægt er að panta ýmsar leikhúsvörur. Nokkur óvissa ríkir enn varðandi styrki frá Menntamálaráðuneytinu en þeir hafa farið lækandi ár frá ári. Rekstur skrifstofu Bandalagsins hefur verið í járnnum frá hrúni og hefur verið klipið af styrkuppþæðinni til félaganna nú í nokkur ár til að láta enda ná saman í rekstrinum og verður það einnig raunin í ár. Það er ákaflega mikilvægt að rekstur þjónustu-miðstöðvar Bandalagsins gangi þar sem það er nauðsynlegt fyrir félögin að hafa aðgang að þeirri þjónustu sem þar er í boði, t.d. leikritasafninu, Leikhúsbúðinni og ráðgjöf í hinum ýmsu málum er varða uppsetningar sýninga. Ýmislegt fleira var til umræðu á þinginu og hvet ég félagsmenn til að fylgjast með á heimasíðu Bandalagsins, leiklist.is og kynna sér starfsemina betur og lesa fundargerð aðalfundarins þegar hún verður birt. Einnig vil ég benda félagsmönnum á að skrá sig á facebookhópin Landsnet áhugaleikfélaga á Íslandi en þar er hægt að eiga samskipti við fólk í leikfélögum víðsvegar um landið. Einnig er vert að geta þess að leikfélögin á suðvesturhorninu hafa

gert með sér samning um 50% afslátt af miðaverði milli leikfélaga. Um er að ræða eftirtalin félög: Halaleikhópurinn, Hugleikur, Leikfélag Hafnarfjarðar, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Mosfells-sveitar, Leikfélag Selfoss og Leikfélag Ölfuss. Sér-samningur er þó í gildi milli Leikfélags Selfoss og Leikfélags Ölfuss en þar fá félagar beggja leikfélaga frítt á sýningar hvort hjá öðru.

Verkefni stjórnar og nefnda

Á síðasta leikári var ákveðið að kaupa nýtt ljósa-borð. Benedikt Axelsson aðstoðaði okkur við kaupin og var fjárfest í notuðu ETC Express ljósa-borði sem þegar hefur fengið nafnið Skepnan. Enn vantar þó millistykki til að það passi við dimmerana sem félagið á.

Gengið var frá samningum við Menningarfulltrúa Ölfuss og húsvörð Versala um ókeypis afnot af húsinu á leikárinu og gilda þar reglur sem settar hafa verið í húsinu varðandi bókanir og umgengi. Bókanir LÖ á æfingum og sýningum standa nema eitthvað óvænt komi upp á s.s. erfidrykkja. Sveitarfélagið Ölfus fjárfesti í færanlegum áhorf-endabekkjum fyrir Versali í haust og var það mikil bylting fyrir LÖ að þurfa ekki lengur að hlaða upp brettum og færa út og suður á sýningatímabilinu. Skrifað var undir samstarfssamning við Sveitarfélagið Ölfus um miðjan október en hann felur í sér að LÖ útvegar jólasveina við tendrun jólaljósa og fær greitt fyrir ákveðna upphæð, að þessu sinni kr. 180.000 kr. Sótt var um ýmsa styrki á leikárinu og gerir styrkjanefnd frekari grein fyrir því. Þann 6. febrúar var formaður boðaður á fund á skrifstofu Hafnarness/Vers. Þar voru samankomnir fulltrúar frá íþróttafélögum bæjarins, leikfélaginu og lúðrasveitinni og tilefnið var að afhenda styrki frá fyrirtækinu að upphæð 100.000 krónur fyrir hvert félag. LÖ þakkar kærlega fyrir veglegan styrk. Hann mun koma sér vel við að efla enn frekar starfsemi Leikfélags Ölfuss svo það geti áfram lagt sitt af mörkum við að auka menningarflóru sveitarfélagsins. Send var inn umsókn til Þjóðleikhússins um athyglisverðustu áhugaleik-sýninguna eins og undanfarin ár en sýningin Ronja ræningjadóttir frá Leikfélagi Mosfells-sveitar hreppti hnossið að þessu sinni.

Formlegir stjórnarfundir voru ekki ýkja margir á árinu þar sem stjórn fundaði mikið í lokuðum

hópi á facebook. Það auðveldar samskipti óháð tíma- og staðsetningum stjórnarmanna.

Magnþóra Kristjánsdóttir, formaður



Leikfélagið Baldur

Rommí

Höfundur: D. L. Coburn

Þýðandi: Tómas Zoega

Leikstjóri: Elfar Logi Hannesson

Þátttakendafjöldi: 10

Sýningarfjöldi: 2

Áhorfendafjöldi: 150

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Leikfélagið Baldur hefur að undanfögnu legið niðri vegna þess hve fáir hafa verið á staðnum síðustu ár. Hins vegar var ákveðið á þessu leikári að taka aftur upp starfsemi og því var ákveðið að setja upp leikverkið Rommí eða The Gin Game eftir D.L. Coburn í þýðingu Tómasar Zoega. Leikstjóri var Elfar Logi Hannesson og átti að frumsýna verkið þann 17. maí 2014 eins og fram kemur í leikskrá. Hins vegar komu upp aðstæður þann 15. maí í samfélaginu sem urðu til þess að fresta varð frumsýningunni. Þess í stað var ákveðið að frumsýna verkið laugardaginn 18. október 2014 og 2. sýning var sýnd 2. nóvember. Sýningarnar urðu tvær í heildina og var aðsókn ágæt. En samtals á báðar sýningar mættu um 150 manns.

Þá var ákveðið að halda hina árlegu jólatónleika Baldurs en það hefur verið gert síðastliðin 15 ár. Tónleikarnir voru auglýstir snemma í desember á Facebook síðu félagsins og átti að halda þá sunnudaginn 21. desember. En tónleikarnir eru ávallt með sama sniði. Þá eru fengnir tónlistarmenn af

staðnum sem koma upp og syngja og spila hin ýmsu þjóðþekktu jólalög. Kom svo í ljós þegar á leið að ekki var hægt að halda tónleikana, í fyrsta skipti síðan þeir voru haldnir fyrst, vegna dræmrar þátttöku tónlistarmanna. Að lokum var ákveðið að aflýsa tónleikunum sem var mjög sorglegt.

Þar sem sett var upp eitt leikverk var ákveðið að sækja um inngöngu í BÍL því nú sjáum við fram á að Leikfélagið Baldur sé að lifna við aftur. Stefnt er að því að setja upp barnasýningu á næsta leikári og verður spennandi að sjá hvernig það tekst til.

Signý Sverrisdóttir, gjaldkeri

Leikfélagið Grímnir

Beðið í myrkri

Höfundur: Frederick Knott

Þýðandi: Loftur Guðmundsson

Leikstjóri: Hinrik Þór Svavarsson

Þátttakendafjöldi: 10

Sýningarfjöldi: 6

Áhorfendafjöldi: 122



Leikfélagið Hallvarður súgandi

Herra Kolbert

Höfundur: David Gismann

Þýðandi: Bjarni Jónsson

Leikstjóri: Víkingur Kristjánsson

Þátttakendafjöldi: 8

Sýningarfjöldi: 3

Áhorfendafjöldi: 180

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stjórn skipa: Kolbrún Elma Schmidt formaður,

Elías Guðmundsson gjaldkeri, Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Ingibjörg Torfadóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir meðstjórnendur.

Leikfélagið Hallvarður Súgandi á Suðureyri frumsýndi 1. apríl 2015 hinn drepfyndna gamanleik Hr. Kolbert eftir þýska leikskáldið David Gieselmann, í Félagsheimili Súgfirðinga. Herra Kolbert er kolsvartur og hættulega fyndinn gamanleikur þar sem blóðið flýtur og tiramisu kökusneiðar slettast í andlit og vegg. Sýningin var bönnuð innan 16 ára. Önnur sýning var 3. apríl og þriðja sýning var mánudaginn 6. apríl. Sýningar gengu svakalega vel og hver einasti salur var góður og vel tekið í grínið og glensið.

Fyrsti samlestur var 2. febrúar 2014 á heimili frú formans og leikstjórans. Æfingar hófust í vikunni á eftir í Félagsheimili Súgfirðinga. Mikið var að gerast í húsinu þetta leiktímabil. Leikarar og leikstjóri þurftu að sýna mikla biðlund og sveigjanleika.

Meðan á æfingarferli stóð fór fram í húsinu fjölskyldubingó, Góublót, skólaskemmtun Grunnskóla Suðureyrar, starfsmannafagnaður Íslands sögu og Klofnings og erfidrykkja.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga veittu okkur góðan meðbyr þegar okkur bauðst að vera frítt í húsnæði þeirra hér í Súgandafirði. Svo æfingar gátu haldið ótrauðar áfram.

Leikarar:

Ástrós Þóra Valsdóttir.
Bergrós Eva Valsdóttir.
Jóhann Daníelsson.
Magnús Traustason.
María Dögg Þrastardóttir.

Smiðir:

Hörður Ragnarsson.
Guðmundur Leó Skjaldarson.

Sýningarstjóri

Einar Ómarsson.

Props og framkvæmdarstjóri

Kolbrún Elma Schmidt.

Kolbrún Elma Schmidt formaður

Leikfélagið Óríon

Næstum sjö

Höfundar: Leikfélagið Óríon

Leikstjóri: Viktor Ingi Guðmundsson

Þátttakendafjöldi: 15

Sýningarfjöldi: 4

Áhorfendafjöldi: 181

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Leikárið 2014-2015 var atburðaríkt fyrir Leikfélagið Óríon en félagið setti upp tvær sýningar



með stuttu millibili, Næstum sjö og Sjö börn gyðinga. Sjö börn gyðinga var frumsýnt þann 28. ágúst í Bæjarbíó og sýnt þrisvar sinnum. Sjö börn Gyðinga er leikrit eftir Caryl Churchill skrifað sem viðbrögð við neyðarástandinu á Gaza árið 2009. Leikritið fjallar um Gyðinga og fjölskyldur þeirra á sjö tímamunktum í sögunni frá 1939. Leikritið dæmir aðgerðir Ísraels á Gazasvæðinu harðlega og er skrifað sem styrktarsýning fyrir MAP. Allur ágóði sýningarinnar rann óskiptur til MAP. Við byggingu verksins eins og við gerum það skoðuðum við að miklu leyti áhrif ástandsins á börn, ásamt því að vinna með tengsl milli leikja og raunveruleika.

Næstum sjö var frumsýnt þann 5. september í Gaflaraleikhúsinu og sýnt fjórum sinnum. Næstum sjö er spunaverk sem fjallar um tvær íslenskar fjölskyldur sem bindast örlagaböndum í gegnum klæki huldumanns. Tveir auðjöfrar þurfa að gifta börnin sín til að tryggja auðæfi sín til æviloka, en sá hængur er á að á meðan stúlkan er tæplega tvítug er drengurinn næstum sjö. Það flækir málið og leiðir af sér skrautlega atburðarás sem nær hámarki á Breiðafirði - eða eins og eyja-skeggjar kalla hann - í Hringeyjameningunni. Sýningin var unnin af leikhópnum í samstarfi við leikstjóran okkar, Viktor Inga Guðmundsson. Ferlið byggðist að miklu leiti á karaktersköpun. Úr spunum komu tengingar milli persónanna og á endanum varð úr heilsteypt verk með djúpum og litríkum persónum.

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Á írskum dögum var Leikfélagið með götuleikhús í samvinnu við Vinnuskólann, þátttakendur voru 15. Samningur milli Leikfélagsins og Akraneskaupstaðar var undirritaður í byrjun október, þar með er leikfélagið aftur komið með fastan samastað, nú á neðstu hæð fyrrum skrifstofubýggingar Sementsverksmiðjunnar á Mána-braut.

Félagið tók þátt í Stuttverkahátíð á vegum Bandalags íslenskra leikfélaga í Kópavogi 4. október, þar sýndum við 4 stuttverk, 7 þátttakendur voru með í því.

Einnig tókum við þátt í hátíðardagskrá í Hörpu 3. nóvember í tilefni af 150 ára afmæli Einars

Benediktssonar skálds. Leitað var til leikfélagsins með þátttöku og 8 manns æfðu og tóku þátt í dagskránni sem Forsætisráðuneytið og afkomendur Einars stóðu fyrir.

Vökudagar í nóvember. Þá vorum við með útileik-sýningu í Krossnesvitanum „Stúlkan í turninum“, þátttakendur voru 6.

Stuttverkadagskrá var haldin í Tónbergi þ. 7. mars sl. Þar var einleikur, leikþáttur, sagnakona og söngatriði. Dagskráin var klukkustundar löng og áhorfendur voru um 70 talsins. Aðgangur var ókeypis.

Á listadegi Tónlistarskólans 20. mars var kynning á leikfélaginu og leiklestur.

Leikfélagið flutti dagskrá í tengslum við 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi, sú dagskrá var flutt 17. júní og var unnin í samvinnu við Héraðsbókasafnið. Dagskráin hét „Hvaða kellingar?“ og var fjallað um 5 merkiskonur sem settu svip sinn á mannlíf á Akranesi á síðustu öld. Gengið var um Neðri-Skagann þar sem þessar konur bjuggu og/eða störfuðu. Það voru um 70 manns sem mættu í gönguna.

Leikfélagið átti þátt í sýningunni „Líknandi hendur“ sem fjallar um hjúkrun á Akranesi og var sett upp í Safnaskálanum. Þar er stuttur leikþáttur sem tekinn var upp og er sýndur á skjá ásamt viðtölum.

Guðbjörg Árnadóttir



Leikfélagið Sýnir

Át-takið

Höfundur: Ólafur Þórðarson

Leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendafjöldi: 5

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 23

Bláskaði

Höfundurog leikstjóri: Ármann Guðmundsson

Þátttakendafjöldi: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 23

**Ferðamannastraumur**

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson

Leikstjóri: Ásta Elínardóttir

Þátttakendafjöldi: 4

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 23

Að undirbúa jarðveginn

Höfundur og leikstjóri: Ásta Elínardóttir

Þátttakendafjöldi: 3

Sýningarfjöldi: 1

Áhorfendafjöldi: 23

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stjórn leikfélagsins var þannig skipuð á leikárinu:

Ármann Guðmundsson, formaður

Gísli Björn Heimisson, varaformaður

Helga Björk Pálsdóttir, gjaldkeri

Ninna Karla Katrínardóttir, ritari

Unnar Reynisson, meðstjórnandi

Varastjórn: Ásta Elínardóttir, Halldór Magnússon

og Stefán H. Jóhannesson

Stjórn hafði svipað vinnulag og undanfarin ár, fundaði ef ástæða var til en átti þess á milli samskipti í gegnum netið.

Það er óhætt að segja að þetta leikárið hafi blað verið brotið í 17 ára sögu Leikfélagsins Sýnir. Það fór í sína fyrstu leikferð til útlanda strax í byrjun leikársins, nánar tiltekið á NEATA-hátíð í Þorvoo

í Finnlandi með hvorki meira né minna en 25 manna leikhóp auk leikstjóra og búningameistara. Þar sýndum við leikgerð leikstjórans Guðmundar Erlingssonar á klassískri bíómynd Akira Kurosawa, Sjö samúræjum. Hátíðin stóð dagana 1.-6. júlí og var boðið til hennar leikfélögum frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum auk gestasýninga frá leiklistarsamböndum mið- og suður-Evrópu sem í þetta sinn voru frá Póllandi og Ítalíu. Það er skemmst frá því að segja að íslenski hópurinn vakti talsverða athygli og ekki bara vegna þess að hann var langfölmennastur og sérlega duglegur í að halda uppi stuðinu í hátíðarklúbbnum, heldur tókst sýningin sjálf gríðarlega vel. Við renndum auðvitað býsna blint í sjóinn með leikmynd þar sem ljóst var að aðstæður yrðu mjög frábrugnar Elliðaárdalnum þar sem verkið var sýnt hérlendis, en leikmyndin sem við fundum á toppi gömlu kastalahæðarinnar í Þorvoo hentaði verkinu talsvert betur en Elliðaárdalurinn og svo vorum við talsvert heppnari með veður en hér heima.



Við sýndum tvær sýningar og eins mikið og hægt er að segja að það sé „fullt“ á útileiksýningu þá var „fullt“ á þær báðar og við heyrðum það úr mörgum áttum að þetta hefði verið hápunktur hátíðarinnar og gagnrýnendur hrósuðu sýningunni í hástert.

Sýningarnar sem við sáum voru, eins og alltaf á svona hátíðum, allt frá því að vera lélegar yfir í að vera frábærar og allt þar á milli en eins og reyndir hátíðargestir vita er það sem lifir sterkast í minningunni aðbúnaðurinn og hann hefði að ósekju mátt vera miklu betri. Okkar var holað niður í frekar niðurníddar stúdentaíbúðir í jaðri bæjarins,

í hálf tíma göngufæri frá miðbænum þar sem hátíðin fór að mestu fram. Svefnaðstaða var frumstað svo ekki sé meira sagt og við gáfumst fljótlega upp á mötuneyti hátíðarinnar. Samt sem áður var ferðin hin skemmtilegasta og alls ekki ólíklegt að félagið hyggi á fleiri slíkar í framtíðinni.

Þegar til baka var komið og líða tók að hausti var byrjað að huga stóra verki leikársins. Hugmyndin var að gera götuleikhússýningu sem unnin yrði af hópnum og sýnd undir lok leikársins. Hugmyndavinna hófst en vegna anna félaga með öðrum leikfélögum varð ljóst þegar á veturinn leið að ekki myndi nást að klára sýninguna á fyrirhugðum tíma auk þess sem fjárhagsleg staða félagsins var með versta móti og leyfði ekki nauðsynleg útgjöld til að sýningin gæti orðið að veruleika að svo stöddu. Því var ákveðið að fresta henni um ár og var þess í stað ákveðið að setja upp stuttverkasýningu sem frumsýnd yrði í lok maí. Auglýst var eftir verkum og bárust 7 verk. Enn voru annir að flækjast fyrir fólki og úr varð að sýnd voru fjögur verk þann 30. maí undir samheitinu Vorverkin en þema sýningarinnar var hið meinta íslenska vor.

Verkin sem sýnd voru voru Ferðamannastraumur eftir Aðalstein Jóhannsson og Að rækta garðinn sinn eftir Ástu Elínardóttur, bæði í leikstjórn þeirrar síðarnefndu og Át-takið efir Ólaf Þórðarson og Bláskaðinn eftir Ármann Guðmundsson sem jafnframt leikstýrði þessum tveimur verkum. Aðeins var sýnd þessi eina sýning þar sem ekki reyndist gerlegt að finna tíma þar sem hægt var að ná öllum hópnum saman aftur um sumarið.

Ármann Guðmundsson formaður

Leikhópurinn Lopi

Útskriftarferðin

Höfundur: Björk Jakobsdóttir
Leikstjóri: Magnús J. Magnússon
Þátttakendafjöldi: 10
Sýningarfjöldi: 6
Áhorfendafjöldi: 200

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Ákveðið var á fundi í september 2014 að einbeita sér að Þjóðleik 2015 sem yrði á

Stokkseyri helgina 1. – 2. maí 2015.

Eftir að hafa lesið þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga leikritið Útskriftarferðin eftir Björk Jakobsdóttur. Um var að ræða unglíngaverk sem fjallaði um útskriftarferð 10. bekklinga að loknum skólaslitum.

Æfingar hófust í janúar. 10 leikarar tóku þátt í sýningunni. Æfingar gengu vel og var frumsýnt 29. apríl 2015 við góðar undirtektir. Til viðbótar voru sýndar 2 skólasýningar og ein almenn sýning. Á Þjóðleik voru sýndar 2 sýningar. Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 29. frumsýning Lopa og 22. leikárið. Sýnir að starfsemin er í gangi.

Magnús J. Magnússon formaður



Leiknefnd Umf. Grettis

Öfugu megin uppí

Höfundur: Derek Benfield
Þýðandi: Árni Ibsen
Leikstjóri: Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir
Þátttakendafjöldi: 10
Sýningarfjöldi: 3
Áhorfendafjöldi: 257

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Formaður ungmennafélagsins hóf að líta yfir verk í október síðastliðnum. Fyrir valinu varð farsinn Öfugu megin uppí.

Í nóvember var haft samband við Jóhönnu Friðriku leikstjóra og komist að samkomulagi að hefja æfingar í febrúar/mars þar sem áætlaðar sýningar voru um komandi páska. Í lok febrúar fór Jóhanna yfir handritið með leikurum og í byrjun mars hófust æfingar. Æfingar gengu vel og var fyrsta sýningin þriðjudagskvöldið 31. mars, önnur sýning 1. apríl og sú síðasta, föstudaginn langa 3. apríl. Mæting var heldur dræm á fyrstu tveimur sýningunum, enda grunnskóli svæðisins nýbúinn að halda flotta Thriller sýningu auk þess sem Jóhann Pétur Sigfússon var með uppistand á Hvammstanga 2. apríl. Hinsvegar var félagsheimilið Ásbyrgi fullt á þriðju og síðustu sýningunni.

Rétt fyrir frumsýningu fékk formaðurinn símtal þar sem hópnum var boðið að koma með sýninguna á hina árlegu Jörfagleði í Búðardal. Tók hópurinn vel í það og lagði af stað frá Laugarbakka á hádegi þann 24. apríl. Sýning gekk vel og mæting ágæt.

Í heild var hópurinn ánægður með leikárið. Var ákveðið að athuga skyldi nánar næst hvort aðrar sýningar á svæðinu væru í bígerð til að komast hjá því að sýningar væru margar á sama tíma.

Þeir sem komu að sýningunni voru:

Leikstjóri: Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir.

Leikarar: Herdís Harðardóttir, Gísli Grétar Magnússon, Þórarinn Óli Rafnsson, Arnar Hrólfs-son og Álheiður Ösp Haraldsdóttir.

Leikmynd: Guðjón Þórarinn Loftsson.

Hljóð: Inga Þórey Þórarinsdóttir og Magnea Gísladóttir.

Ljós og allt muligt man: Regína Þórarinsdóttir.

Förðun: Kristín Arnardóttir og Eydís Anna.

Undirbúningur og utanumhald: Ingibjörg Jónsdóttir.

Með þökk fyrir skemmtilegt starf á leikárinu

Ingibjörg Jónsdóttir formaður

Litli leikklúbburinn**Kallarðu þetta leikrit?**

Höfundur: Ágúst T. Magnússon

Leikstjóri: Kári Halldór Þórsson

Þátttakendafjöldi: 35

Sýningarfjöldi: 7

Áhorfendafjöldi: 316

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Haustið var notað til undirbúnings 50 ára

afmælisins sem var 24. apríl 2015, þar á meðal

heimildaöflunar fyrir afmælisritið, undirbúnings sögusýningar og afmælisuppsetningar.

Ný stjórn var kosin. Formaður Steingrímur Rúnar



Guðmundsson, hélt áfram sínu sæti, gjaldkerinn Halla Sigurðardóttir og ritarinn Harpa Henrysdóttir einnig. Nýtt fólk í stjórn kom inn, þau Jóhanna Ása Einarisdóttir og í varastjórn þeir Rúnar Breiðdal Smáráson og Davíð Rist Sighvatsson.

Þann 21. mars frumsýndum við leikritið „Kallarðu þetta leikrit?!“ eftir Ágúst T. Magnússon. Leikstjóri var Kári Halldór og tónlistarstjóri Stefán Jónsson. Leikarar voru 11 en alls tóku 25 – 30 manns þátt í uppsetningunni.



Á afmælisdaginn opnaði Sögusýningin í sal Listasafns Ísafjarðar í gamla sjúkrahúsinu og stóð sýningin fram í júní. Um hönnun og uppsetningu sýningar sá Nina Ivanova.

Þann sama dag kom út veglegt afmælisrit þar sem öllum 86 verkefnum klúbbsins eru gerð skil. Í ritnefnd voru félagar úr LL. Um hönnun og umbrot sáu þau hjónin Ómar Smári Kristinsson og Nina Ivanova.

Laugardaginn 25. apríl var svo lokasýning á leikritinu og LL party þar sem yngri og eldri félagar skemmtu sér saman.

Á starfsárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir og 1 félagsfundur.

Steingrímur Rúnar Guðmundsson formaður

Snúður og snælda

Syngdu í dag

Höfundar: Bjarni Ingvarsson og leikhópurinn

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson

Þátttakendafjöldi: 14

Sýningarfjöldi: 9

Áhorfendafjöldi: 523



Stúdentaléikhúsið

Stundarfríður

Höfundur: Guðmundur Steinsson

Leikstjóri: Karl Ágúst Þorbergsson

Þátttakendafjöldi: 20

Sýningarfjöldi: 11

Áhorfendafjöldi: 330

MIG

Höfundar: Ástbjörg Rut Jónsdóttir og leikhópurinn

Leikstjóri: Ástbjörg Rut Jónsdóttir

Þátttakendafjöldi: 21

Sýningarfjöldi: 11

Áhorfendafjöldi: 465

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Stundarfríður - haustönn

Ný stjórn Stúdentaléikhússins tók við árla sumars 2014 og samanstóð hún af þeim Vilhelm Þór Neto formanni, Tómasi Gauta Jóhannssyni varaformanni, Hákonni Jóhannessyni gjaldkera, Stefáni Ingvari Vigfússyni ritara og Ingu Sörens stjórnarmanni. Fljótlega hætti Inga í stjórninni. Það voru því Vilhelm, Tómas, Hákon og Stefán sem ákváðu

að ráða Karl Ágúst Þorbergsson til starfa í ágúst 2015.

Það var vilji stjórnar að setja upp þekkt íslenskt leikrit og í samráði við leikstjórnann var ákveðið að setja upp Stundarfrið eftir Guðmund Steinsson. Rétthafi verksins, Kristbjörg Kjeld, gaf leikhúsinu góðfúslegt leyfi sitt og rausnarlegan afslátt af sýningargjaldi. Sextán manna leikhópur var valinn eftir námskeið sem stóð í tæpa viku. Í september árið 2014 hófust æfingar. Hákon Jóhannesson sagði skilið við stjórnina vegna tækifæris sem honum bauðst hjá Herranótt. Sýningin var unnin eftir samsettum aðferðum og því margt sem breyttist í handritinu. Til dæmis var ákveðið að hafa tvo leikara í öllum hlutverkum, þrjú hlutverk voru sameinuð í eitt og sýningin sýndi annars vegar fjölskyldu árið 1984 og hinsvegar árið 2014. Annað leikárið í röð leitaði stúdentalleikhúsið á náðir Reykjavíkurborgar til þess að fá að sýna í vatnstanki í Perlunni, sem var mikil áskorun og heilsuspillandi ákvörðun. Friðrik Guðmundsson samdi tónlist fyrir verkið og keyrði hljóð á sýningum. Ljós voru með óhefðbundnum hætti og féll það jafnt á Tómas Gauta og Stefán Ingvar að stýra þeim, auk þess að leika í sýningunni og annast sýningarstjórnun. Verkið var frumsýnt 14. nóvember og leikið ellefu sinnum fyrir fullum sal. Áhorfendafjöldi var mjög takmarkaður á hverja sýningu og komust því einungis 330 manns að.

MIG – vorönn

Við upphaf haustannar ákváðu eftirstandandi stjórnarmeðlimir að bæta í stjórnina. Björk Guðmundsdóttir tók við embætti gjaldkera og Friðrik Guðmundsson bættist við sem stjórnarmaður. Stefán Ingvar Vigfússon tók lítinn þátt í starfinu sökum náms.

Í janúar 2015 réð Stúdentalleikhúsið til sín leikstjórnann Ástbjörgu Rut Jónsdóttur og var það einróma vilji leikstjóra og stjórnar að setja upp frumsamda sýningu unna með samsettum aðferðum. Námskeið var haldið í lok janúar og átján manna leikhópur valinn. Næstu vikur fóru í að framleiða efni og æfa. Að þessu sinni fengum við inni í Hafnafirði, í gömlu bifvélaverkstæði að Strandgötu 75. Það fór mikil vinna í að umbreyta húsnæði í leikhús en að lokum tókst okkur að skapa ferðalag í rýminu. Sýning var leikin ellefu

sinnum fyrir fullum sal og sáu því í kringum 500 manns sýninguna.



Tækjabúnað leigðum við af Bæjarbíói í Hafnafirði. Friðrik Guðmundsson annaðist tæknikeyrslu á sýningum og samdi tónlistina. Lokasýning var haldin 29. apríl.

Umf. Íslendingur, leikdeild

Skýrsla stjórnar leikárið 2014-15:

Starf leikdeildar var lítið starfsárið 2014-2015. Ekki var sett upp leikrit á starfsárinu, hefð hefur skapast fyrir því að leikrit séu sett upp annað hvert ár. Samkvæmt þeirri hefð var áætlað að setja upp leikrit á starfsárinu 2014-2015, en það var fallið frá því að þessu sinni. Þáttaka í Jónsmessugleði ungmennafélagsins er fastur liður í starfsemi okkar, þar stjórnnum við leikjum. Fáir fundir voru haldnir.

Valdimar Reynisson formaður leiknefdar

Umf. Skallagrímur, leikdeild

Barið í brestina

Höfundur: Guðmundur Ólafsson

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Þátttakendafjöldi: 40

Sýningarfjöldi: 12

Áhorfendafjöldi: 800

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 22. mars fyrir leikárið 2014-15:

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi Leikdeildar 16. mars 2014. Hana skipa: Olgeir Helgi Ragnarsson formaður, kjörinn fyrst 2013, Elísabet Hildur Haraldsdóttir ritari, kjörin fyrst 2014,

Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir gjaldkeri, endurkjörin 2013, Jónas Þorkelsson meðstjórnandi, kjörinn að nýju 2013 og Eygló Lind Egilsdóttir kjörin að nýju 2014.

Stjórnarskiptafundur var haldinn í aðstöðu Leikdeildar í Sláturhúsi þann 14. apríl sama ár. Stjórnarfundir hafa verið haldnir í Sláturhúsi og í Lyngbrekku. Alls hafa verið haldnir sex formlegir stjórnarfundir en auk þess hefur stjórn fundað óformlega og verið í tölvusamskiptum.

Á Brákarhátíð 28. júní hélt Leikdeildin tónleika í Grímshúsi í Borgarnesi með söngleikjatonlist. Flutt voru lög úr verkefni vetrarins, Stöngin inn ásamt nokkrum lögum úr Vesalingunum sem æfð voru fyrir þetta tækifæri.

Þann 8. október söng Leikdeildin hluta úr þessari dagskrá á skemmtikvöldi Lionsklúbbs Borgarness fyrir eldri borgara á Hótel Borgarnesi og bætti við lögum úr Skugga-Sveini og Gullna hliðinu sem voru sett upp fyrir nokkrum árum.



Á yfirstandandi starfsári var ákveðið að sækja á sömu slóðir og á síðasta starfsári og setja upp gamanleikinn Barið í brestina sem er eftir Guðmund Ólafsson eins og Stöngin inn. Gunnar Björn Guðmundsson var ráðinn leikstjóri. Fyrsti samlestur var 19. nóvember. Mæting var mjög góð en alls mættu 32 á fyrsta samlestur. Fjórir samlestrar voru í lok nóvember, allir í Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Söngæfingar hófust í janúar undir stjórn Steinunnar Pálsdóttur. Sviðsæfingar hófust í

byrjun febrúar og frumsýning var föstudaginn 6. mars. Að þessu sinni eru alls 20 leikarar á sviði og er hátt í helmingur þeirra nýliðar í starfi leikdeildarinnar. Þriggja manna hljómsveit leikur með undir stjórn Steinunnar Pálsdóttur.

Alls koma hátt í þrjátíu manns að hverri sýningu þegar allir sjálfsboðaliðar á vegum leikdeildarinnar eru taldir, en yfir fjörutíu manns hafa lagt verkefninu lið með einum eða öðrum hætti.



Barið í brestina hefur gengið afar vel, andinn í hópnum er mjög góður og aðsókn er vaxandi eftir að veður fór batnandi. Uppselt hefur verið á tvær síðustu sýningar (6. og 7. sýningu).

Leikdeildin gerði samning við eigendur Lyngbrekku um að taka húsið á leigu frá og með 1. mars síðastliðins til næstu tveggja ára og mun Leikdeildin annast útleigu hússins og hirða af því tekjur en sjá um rekstur þess og minniháttar viðhald. Það er ljóst að þetta verkefni útheimtir töluverða vinnu af hendi leikdeildarfólks, en fjárhagslega áhætta er ekki talin mikil. Árleg leiga er 300.000 krónur en það er svipuð upphæð og leikdeildin hefur verið að greiða fyrir aðstöðu til sýninga eingöngu hingað til.

Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram sem formaður leikdeildarinnar og vil nota þetta tækifæri til að þakka samstarfsfólki mínu fyrir ánægjulegt samstarf.

Ég er sérstaklega þakklátur fyrir þann góða anda og áhuga sem ríkir í leikhópnum og óska Leikdeild Umf. Skallagríms velfarnaðar í framtíðinni.

Olgeir Helgi Ragnarsson formaður

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2014-2015



Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og annað sinn.

Það er ekki úr vegi að rifja það upp núna, þegar rúmir tveir áratugir eru liðnir frá því valið á áhugasýningu ársins fór fram í fyrsta sinn, hvaða leikfélög hafa hingað til sýnt áhugasýningu ársins.

Sum leikfélaganna hafa komið oft en einu sinni til okkar í Þjóðleikhúsið, eins og Freyvangsleikhúsið sem hefur átt áhugasýningu ársins í fjórgang. Fimm leikfélög hafa tvisvar sýnt áhugasýningu ársins, en þau eru Hugleikur, Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Selfoss, leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar og Stúdentaleikhúsið. Önnur leikfélög sem hafa sýnt í Þjóðleikhúsinu eru Halaleikhópurinn, Leikfélag Fljótshálsbæjar, Leikfélag Hornafjarðar, Leikfélag Keflavíkur, Leikfélag Sauðárkróks, Litli leikklúbburinn og svo Leikfélag Ólafsfjarðar og Leikfélag Siglufjarðar sem nú eru sameinuð í Leikfélagi Fjallabyggðar.

Að þessu sinni sóttu alls sextán leikfélög um að

koma til greina við valið með átján sýningar. Sýningar leikársins einkenndust af mikilli fjölbreytni og metnaði og eins og oft áður var dómnefnd vandi á höndum að velja eina sýningu úr. Í dómnefnd í ár sátu fjórir leikarar úr leikhópi Þjóðleikhússins, þau Baldur Trausti Hreinsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Tinna Gunnlaugsdóttir og Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Borgarbörn, barna- og unglíngaleikhús: Mamma Gjú? Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir.
2. Freyvangsleikhúsið: Fiðlarinn á þakinu eftir Stein, Bock og Harnická. Leikstjórar: Oddur Bjarni Þorkelsson og Margrét Sverrisdóttir.
3. Halaleikhópurinn: Tíu litlir strandaglópar eftir Agóthu Christie. Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason.
4. Leikdeild Umf. Skallagríms: Barið í brestina eftir Guðmund Ólafsson. Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

5. Leikfélag Fjallabyggðar: Brúðkaup. Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Ólafsson.

6. Leikfélag Hafnarfjarðar: Ubbi kóngur eftir Alfred Jarry. Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir.

7. Leikfélag Hólmavíkur: Sweeney Todd eftir Christopher Bond. Leikstjóri: Eyvindur Karlsson.

8. Leikfélag Hörgdæla: Verksmiðjukrónikan eftir Sögu G. Jónsdóttur og Stefaníu Elísabetu Hallbjörnsdóttur. Leikstjóri: Saga G. Jónsdóttir.

9. Leikfélag Hörgdæla: Þöggun. Höfundur og leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson.

10. Leikfélag Keflavíkur: Killer Joe eftir Tracy Letts. Leikstjórn: Davíð Guðbrandsson.

11. Leikfélag Kópavogs: Elskhuginn eftir Harold Pinter. Leikstjóri: Örn Alexandersson.

12. Leikfélag Mosfellssveitar: Ronja ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren. Leikstjóri: Agnes Wild.

13. Leikfélag Rangæinga: Fullkomið brúðkaup eftir Robin Hawdon. Leikstjóri: Ármann Guðmundsson.

14. Leikfélag Vestmannaeyja: Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Leikstjóri: Jón Stefán Kristjánsson.

15. Leikfélag Ölfuss: Enginn með Steindóri eftir Nínu Björk Jónsdóttur. Leikstjóri: F. Elli Hafliðason.

16. Leikfélagið Hugleikur í samstarfi við Tónlistarskólann í Reykjavík: Sæmundur fróði. Höfundur og leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir.

17. Stúdentaleikhúsið: MIG eftir Ástbjörgu Rut Jónsdóttur og leikhópin. Leikstjóri: Ástbjörg Rut Jónsdóttir.

18. Stúdentaleikhúsið: Stundarfriður eftir Guðmund Steinsson. Leikstjóri: Karl Ágúst Þorbergsson.

Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhuga-leiksýningu leikársins 2014-2015 sýningu Leikfélags Mosfellssveitar á Ronju ræningjadóttur.

Umsögn dómnefndar um sýninguna:

Sýning Leikfélags Mosfellssveitar á Ronju ræningjadóttur er heillandi og fjörug barnasýning þar sem fjölmargir þættir koma saman og mynda áhrifaríka heild. Leikhópurinn er fjölmennur og sterkur, og leikarar í aðalhlutverkum standa sig afar vel. Tónlist er veigamikill þáttur í sýningunni, og söngatriðin vel útfærð. Sviðið er notað á skemmtilegan hátt þar sem hljómsveitin er hluti af sýningunni. Mikil alúð er lögð við útlit sýningarinnar, leikmyndin er hugvitssamleg og búningar og leikgervi vel unnin.

Þjóðleikhúsið óskar Leikfélagi Mosfellssveitar til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Ronju ræningjadóttur á Stóra sviði Þjóðleikhússins fyrstu helgina í júní.



Stuttverkahátíð NEATA

Leikhúsinu að Funalind 2 í Kópavogi 4. október 2014

NEATA stuttverkahátíðin var haldin í Leikhúsinu að Funalind 2 í Kópavogi laugardaginn 4. október. Hátíðin hófst kl. 13.00 og endaði á sameiginlegum hátíðarkvöldverði í Hlégarði í Mosfellsbæ. Á hátíðinni voru sýnd 15 stuttverk frá 3 upp í 15 mín. að lengd.

Að sýningum loknum var gagnrýni sem Sigríður Lára Sigurjónsdóttir leikskáld, þýðandi og doktorsnemi í sviðslistum og Karl Ágúst Úlfsson leikari, leikskáld og leikstjóri sáu um.

Þetta er fyrsta stuttverkahátíðin sem haldin er undir merkjum NEATA, Norður evrópska áhugaleikhúsráðsins. Að þessu sinni komu leikþættir frá Færeyjum og Íslandi og áheyrnarfulltrúar komu frá Danmörku. Kynnir hátíðarinnar var trúðurinn Sessa, aka Erna Björk Hallbera Einarisdóttir.

Dagskráin var þannig að leikþættirnir 15 voru sýndir hver á fætur öðrum með stuttum skiptingum á milli, 2 stuttum hléum og einu löngu þar sem seldar voru veitingar.

Hugleikur, Reykjavík



Án titils

Höfundur: Rosa Liksom

Þýðandi: Kristín Mäntylä

Leikstjórar: Hulda B. Hákonardóttir og Þorgeir Tryggvason

Elsku Unnur

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Mávagrátur

Höfundur og leikstjóri: Árni Friðriksson

Leikfélag Hafnarfjarðar



Möguleikarnir 2014

Höfundur og leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Fuglaskoðararnir

Höfundur: Ólafur Þórðarson

Leikstjórar: Stefán H. Jóhannesson, Halldór Magnússon og Gísli Björn Heimisson

Leikfélag Kópavogs

Reiði

Höfundur og leikstjóri: Örn Alexandersson

Leikfélag Selfoss



Ostakakan

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason



Fyrir

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjórar: Halldóra Ósa Örfjörð og Rakel Ýr Stefánsdóttir

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn



Laugardagsmorgunn

Höfundur: Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir

Leikstjóri: Magnþóra Kristjánsdóttir

Leikfélagið Peðið, Reykjavík



Vodka

Höfundur: Davíð Stefánsson

Leikstjóri: Gunnar Gunnarsson

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Þrjár sögur

Höfundur : Leikstjóri og leikhópur

Leikstjóri: Jakob S. Jónsson



Charlie

Höfundar: Fjölur Gíslason og Jón Gunnar Garðarsson

Leikstjóri: Jón Gunnar Garðarsson

Meginfélag Áhugaleikara Føroya, MÁF



Professionalisma

Höfundur : Björg Jacobsen

Leikstjóri: Katrin S. Reynisdóttir



Koks-Kiks

Höfundur : Björg Jacobsen

Leikstjóri: Katrin S. Reynisdóttir



Nærvera

Höfundur: Björg Jacobsen

Leikstjóri: Gunnvør Joensen

Leiklistarhátíð NEATA 2014

Haldin í Porvoo í Finnlandi 1. – 6. júlí 2014
Porgeir Tryggvason fjallar um sýningar hátíðarinnar



Finnarnir Sofia Wégelius og Albert Hægglom setja hátíðina



Forseti NEATA, Kristína Omer frá Eistlandi

Frá því fyrsta leiklistarhátíð Norður-evrópska leiklistarsambandsins NEATA var haldin í Trakai í Litháen árið 2000 hafa þær fylgt sama formi. Ein sýning frá hverju landi (Danmörk, Eistland, Finnland, Færeyjar, Ísland, Lettland, Litháen, Noregur, Svíþjóð), stundum fleiri frá gestgjöfunum og síðan fulltrúar evrópsku systursambandanna CEC og CIFTA. Tvær til þrjár sýningar síðdegis og á kvöldin, fundir með gagnrýnendum og stutt námskeið fyrri hluta dags. Já og hátíðaklúbbur þar sem fulltrúar landanna kynna sig, tónlist og þjóðdansa síns lands, sem og framandi hluta matarhefðarinnar.

Aðildarlöndin skiptast á að halda hátíðina. 2010 var hún á Akureyri, tveimur árum síðar í Sønderborg á Jótlandi í boði danska áhugaleikhúsbandalagsins, DATS, og 2014 var komið að Finnum. Þeir kusu að bjóða nágrönnum sínum til Porvoo, fallega bæjar á suðurströndinni, sem einkum er nafnkunnur fyrir að þar bjó þjóðskáldið Johan Ludvig Runeberg og sonur hans, myndhöggvarinn Walter.

Hátíðin fór vel fram, sýningaraðstaða var með ágætum en aðbúnaður leikhópa með frumstæðara móti. Frændur okkar Færeyingar lentu í einhverju klandri og mistókst að koma leikhóp til Porvoo, en aðrir voru mættir auk Pólverja frá CEC og Ítala frá CIFTA. Hér fara á eftir stuttar umsagnir um sýningarnar - en þær eru þrátt fyrir allt aðalmálið á svona hátíð, með fullri virðingu fyrir öllum hinum ómissandi þáttunum.



CHAPLIN

Leikhús- og sirkusskólinn í Tikkurila – Finnland

Þau eru greinilega búin að læra fullt, krakkarnir í Tikkurila. Það dugar nú samt ekki til að gera heilsteypta sýningu með þessum krefjandi aðferðum sem þau vinna með, látbragðs- og sirkusleik. Verkefnið er þeim einfaldlega ofviða, og kannski bara misráðið almennt – að segja sögu Chaplins með glefsum úr bíomyndum, æviatvikum og allskyns mismarkvissum smásketsum. Nokkur ágæt atriði samt og sumir leikenda „meððetta“. Meiri nákvæmni og vandaðri sviðsetningarvinna hefði bætt talsvert úr, sem og samband við áhorfendur (gamla trikkið), en varla skapað þann galdur sem þessi miskunnarlausu form krefjast.



BARBORA RADVILAITÉ

Ernst Vichert amateur theatre – Litháen

Ein af sterkari sýningum hátíðarinnar. Hér var allt látið tala til að miðla ástar- og örlagasögu Sigismundar Pollandskóns og litáísku stórhertogaynjunnar Barböru Radziwill. Já og snarklikkaðrar drottningar, móður Sigismundar. Kröftugur og stemningsríkur leikur, nákvæm og útspekúleruð propsvinna og síðast en ekki síst frábær hljóðmynd sköpuð af múltiinstrumentalista sem er jafnvígur á flautur, sekkjapípur og trommur. Hásætið var reyndar ljótt og skór hinnar eiturbýrlandi tengdamóður full-móðins. Engu að síður fin sýning sem ríghélt þrátt fyrir að vera orðmörg og synopsis-laus (skamm).



UNTOUCHED

Salme Vallteater – Eistland

Í þessu verðlaunaleikriti segja feðgar frá gatinu í lífi sínu. Hvorugur veit af hinum, faðirinn veltir fyrir sér hvernig væri að eiga son og sonurinn lýsir þörf sinni fyrir pabba, sem vegna dauða móður hans er skyndilega orðin aðkallandi. Lágstemmt leikrit, eiginlega pínu rýrt í roðinu (veit ekki með þessi verðlaun), sem fékk afar hófstilla túlkun hjá raunverulegum feðgum frá Saremaaeyju. Góðu heilli voru skjátextar, annars hefði þessi kyrrstæða sýning reynt allnokkuð á taugar- og augnlokin. En allt í lagi bara.



ORPHEUS
Magapar Theatre – Pólland

Mikil tjáningarþörf skilar ekki endilega öðru yfir sviðsbrúnina en tilfinningu fyrir þessari sömu þörf. Það gerist til dæmis þegar lítt þjálfaðir unglingar eru látnir líkja eftir dansleikhúsi undir stjórn leiðbeinanda að leika kóreógraf. Æ, þetta var nú svolítið agalegt.



NEATA YOUTH
allra norðurevrópskra þjóða kvikindi

Deginum lauk síðan með afraksturssýningu ungmennanámskeiðs NEATA Youth. Sem bar þess merki að vel hafi verið unnið síðustu vikuna og var auk þess ágætlega skemmtileg á köflum, þó sum atriðin hafi fyrst og fremst verið æfingar hópsins. Þrír íslendingar voru í þessum skóla, Ármann Ingunnarson, María Björt Ármannsdóttir og Óskar Þór Hauksson, og voru þau landi og þjóð til sóma.



HUNDLIV
Teater Nea – Svíþjóð

Líkt og á Akureyri 2010 árum gerir Teater Nea tilkall til toppsins. Þetta eintal einmana konu sem hefur sóað lífi sínu í að lifa því ekki er glæsilega skrifað, að frátöldu smá spennufalli í lokin, en það er frammistaða Ingelu Nilsson sem flytur þetta upp í úrvalsdeildina. Glæsilega gert, tímasetningar og rythmi fullkominn, nærveran alger og að blanda saman trúðatækni með sambandi við áhorfendur og afhjúpanði og nærgöngulu sálfræðilegu raunsæi gengur algerlega upp. Rosalegt bara.



I SKUGGAN AF EN DRÖM
Sonia Haga – Finnland

Úff, að þurfa að leika annað eintal í framhaldi af þessu. En það var ekki bara þess vegna sem þetta útskriftarverkefni leikkonunnar úr einhverskonar leiklistarnámi virkar ekki. Þetta er einfaldlega ekki nógu sterkt, ekki nógu skýrt, ekki nógu áhugavert. Því miður.



FORVANDLINGEN ETTER METAMORFOSIS Hokksund ByTeater – Noregur

Já, þetta var nú að mörgu leyti alveg ómögulegt. Stirðbusalegt og frumstætt, bæði leikgerð, leikur og sviðsferð. Þriðja dæmið á þessari hátíð um tilraun til stílfærslu sem leikhópurinn ræður tæknilega ekki við. En samt. Einhvernvegin bætti klunnagangurinn og grófleikinn í leiknum bara á framandleikann og klástrófóbíuna í hinni alkunnu sögu. Litaði hina kafaíska martröð í norsku fánalitunum.



TYSKEREN Skank Zoo – Danmörk

Þessi var skrítin. Að mörgu leyti ágæt, vel smíðaðar og gegnumfærðar týpur t.d. Þau geta ýmislegt þessir fjórmenningar. Og einhver furðuleg og dálítið frumleg gróteska í gangi sem hefði átt að gleðja þennan svarthúmorhaus. En gerði það bara alls ekki. Ómarkviss og klaufaleg handritsgerð á sinn þátt í því. Og skortur á innri lógík í sögunni af þessum þremur furðulegu stelpum sem loka þýskan túrista inni í búri (af

hverju?) og sjálfar sig um leið (hvers vegna?) án þess að hann fái rönd við reist (hvurnig þá?). Tilraunir til að segja eitthvað af viti um valdatafl, gíslatöku og kynjasamskipti féllu flatar innan um allt flippið, en svo var þetta heldur ekkert fyndið, fannst mér. Einhver hluti áhorfenda var auðheyr-anlega á öðru máli samt.



LA CATTEDRALE Compagnia Teatrale Costellazione – Ítalía

Jæja, þessi fer alveg upp að hliðinni á hinni sænsku Neu. Enginn leið að úrskurða milli þeirra, enda af andstæðum endum leiklistarlitrófsins. Hér fékk melódrama Hugos um Esmeröldu, Quasimodo og félagi aldeilis ótrúlega hugmyndaárka og kraftmikla „ágústíska“ meðhöndlun í samkrulli við Túskildingsóperu Brechts/Hauptmann og Weills. Feikilega flinkur leikhópur skapaði endalaust nýjar myndir og stemmingar með nokkrum áltröppum og efnisströngum en þó einkum með sjálfum sér. Hér kom loksins fýsísk sýning þar sem saman fór hugmyndaauðgi og færni til að koma hugdettunum til skila. Og engin hræðsla við að mála með breiða penslinum, í leiktjáningu og tónlistarnotkun. Dýrð og dásemd.

SJÖ SAMÚRÆJAR Leikfélagið Sýnir – Ísland

Það var stoltur Bandalagsformaður sem klappaði sínu fólki lof í lófa í Linnanmäki-garðinum í útjarðri gamla bæjarins í Porvoo í dag. En hitt er þó enn betra: þetta var líka hæstánægður leikhúsgestur. Þetta er alveg stórvel heppnuð semi-promenade útisýning sem Guðmundur Erlingsson og hans sýnaraðilar buðu upp á fyrir okkar hönd. Nosturssamlega útfærð, leikin af krafti og nákvæmni af stórum og glæstum leikhóp og fir-



Ísland

navel útlítandi, þökk sé Dýrleifu Jónsdóttur (öðru nafni Dýrleif með töfrabrogðin). Sagan skilaði sér, sem og dramað, en kómískka blikid í auganu var þarna líka og stækkaði upplifunina umtalsvert. Svo leið sýningunni svona líka stórvel í mögnuðu umhverfi sem var eins og sniðið utan um hana. Já og gagnrýnendur hátíðarinnar voru sammála mér, svona ef þið haldið að hér skrifi heimaðómari. Til hamingju Ísland!

BLOW, WIND!

Metalurgu Community Theatre – Lettland

Hátíðinni lauk á lettneskri klassík. Hér sagði frá kvonbænum og ástarflækjum í þorpi einu fyrir á öldum. Held ég, því engar upplýsingar lágu á

lausu um innihald eða söguþráð verksins.

Nokkuð sem hefur verið gegnumgangandi galli á sýningum hátíðarinnar, en kom sérstaklega að sök hér. Greinilega mjög flinkur leikhópur og vel uppsett sýning í grunninn, fallegir búningar líka. Hinsvegar fannst mér leikstjórinn beita allskyns brellum af talsverðu smekkleysi. Rammi utan um sýninguna (hún hófst á samlestri sem þróaðist út í fullblown sýningu) var reyndar ágætur, en uppbrot þar sem áhorfendur voru látnir taka þátt var bara kjánalegt. Strobe-effekt undir lokin sömuleiðis og eitthvað með tjald sem átti örugglega að vera mjög áhrifaríkt. En sem sagt – heilt yfir sterk sýning sem gaman hefði verið að fá betra aðgengi að.

Já og svalasta leikfélagsnafn hátíðarinnar.



Lettland

Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga, haldinn í Vestmannaeyjum 4. maí 2014

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf A. Þórðardóttir, Þrúður Sigurðardóttir, Bernharð Axelsson, Gísli Björn Heimisson og Vilborg Valgarðsdóttir.

1. Þorgeir stingur upp á óbreyttri skipan stjórnar. Samþykkt.

2. Ákveðið að halda úthlutunarfund þriðjudaginn 24. júní í þjónustumiðstöðinni klukkan 13:00.

3. NEATA stuttverkhátíð fyrstu helgina í október 2014. Rætt var um staðsetningar og mun Ólöf athuga með húsnæði í Mosfellsbæ, en húsið þeirra er upptekið. Annað í stöðunni þar er t.d. Hlégarður eða einn af skólunum sem er með fína aðstöðu. Einnig var rætt um staðsetningu jafnvel í Kópavogi, Hafnarfirði eða á Selfossi. Ólöf mun hafa umsjón með nefnd fyrir þessari hátíð og með henni verða þau Þorgeir og Vilborg. Stungið var uppá að fá Ármann til að skipuleggja og raða niður sýningum en hann er hokinn af reynslu þegar að svona verkefnum kemur. Auglýst verður eftir verkum ekki lengri en 15 mínútur og verður frestur til að sækja um til 10.09.14. Gísli ætlar að athuga með ljósánámskeið sem gæti tengst hátíðinni.

4. Rætt var um IATA hátíðina í Belgíu júlí 2015 en þegar hefur verið auglýst eftir verkefnum á hana þar sem vinnuferlið þar er mjög langt og þurfa umsóknir að hafa borist skrifstofu BÍL fyrir 01.10.2014.

5. Umræður voru um námskeið í framkvæmdastjórnun leiksýninga og hvernig á að setja upp sýningu. Tillögur voru um Þórdísi Elvu eða Karen Maríu sem leiðbeinendur á svona námskeiði.

Í lokin var fólk minnt á að hampa handbók leikstjórans í sínu félagi þar sem hún er mjög gott

vinnuþagg fyrir uppsetningar leiksýninga. Fleira ekki gert á þessum fundi.

Fundargerð ritaði Ólöf A. Þórðardóttir

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn að Kleppsmýrarvegi 8, þann 24. júní 2014

Fundur settur kl. 13.00

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Embla Guðmundsdóttir, Þrúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir, Gísli Björn Heimisson og Vilborg Valgarðsdóttir. Ólöf mætti klukkan 13:30.

Dagskrá:

1. Úthlutun styrkja Mennta- og menningar- málaráðuneytisins leikárið 2013-14

Farið var yfir innsendar umsóknir:

Hugleikur – Stund milli stríða – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Hveragerðis – Mjallhvít og dvergarnir sjö – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Keflavíkur – Ávaxtakarfan – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélag Kópavogs – Þrjár systur – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Selfoss – Bróðir minn ljónshjarta – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélag Seyðisfjarðar – Villa og sjóræningjarnir – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélagið Grímnir – Lýðræði – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélagið Peðið – Hrótsþáttur hreðjamikla – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frumsaminnar tónlistar.

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn – Sagnakonan – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Leikfélagið Sýnir – Sjö Samúræjar – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frum-saminnar tónlistar.

Ungmennafélagið Efling – Í beinni – Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna nýrrar, frum-saminnar tónlistar.

Ungmennafélag Reykdæla – Ert' ekk' að djóka elskan mín – Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Alls bærust umsóknir frá 38 félögum vegna 110 leiksýninga og leikþátta, 20 námskeiða og 30 nemenda Leiklistarskóla Bandalags ísl. leikfélaga. Niðurstaða úthlutunar er að styrkurinn verður 3.204 kr. pr. mín. eða 256.301 kr. fyrir leikrit 80 mín. eða lengra. Frumflutningsálag (30%) er 76.890 kr. og álag fyrir sérstakt frumkvæði (20%) 51.260 kr. Veitt var til 110 leikrita og leikþátta, 16 námskeiða og 30 nemenda í Leiklistarskóla BÍL.

2. Farið yfir starfsáætlun 2014 – 15 og samþykktir aðalfundar 2014

1. *Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.* - Leiklistarskólinn – Talað um í framhaldi af aðalfundi námskeið í hvernig á að gera leiksýningu eða framkvæmdastjórn leiksýningar. Athuga hvort að skólanefndin hafi áhuga á að hafa umsjón með þessu verkefni.

Aðstaðan á Húnavöllum er ágæt en endurnýjun á aðstöðunni er ekki til staðar, slæm nettenging ásamt nokkrum öðrum þáttum gæti verið betri. Staðarhaldari er með lausan samning við sveitarfélagið, hann lætur okkur vita hvort hann endurnýjar hann eða ekki þegar hann hefur tekið um það ákvörðun.

– Rekstur þjónustumiðstöðvarinnar gengur samkvæmt áætlun og mikil sala verið sl. tvo mánuði. Þorgeir og Vilborg eru að fara til Finnlands á NEATA fundi og leiklistarhátíð á eigin kostnað. Leikfélagið Sýnir verður þar líka með sýninguna Sjö Samúræjar.

- Vilborg ætlar fyrir næsta fund að fá uppgefið hjá Herði kostnaðaráætlun á uppfærslu á vefnum.

- Sýnileiki BÍL og leikfélaganna – Toggi ætlar að smíða texta sem gæti verið „klausa“ í leikskrár félaga þannig að félögin samræmi sig í auglýsingu

á Bandalagi íslenskra leikfélaga

2. *Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.*

Bóka þarf fund hjá mennta- og menningar-málaráðuneytinu strax í haust þar sem fara þarf yfir styrkjámál og skýra þarf fjárþörf þjónustumiðstöðvar fyrir ráðuneytinu og að leita eftir hækkun styrkja til verkefna aðildarfélaganna.

Sérverkefni ársins:

1. *Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi 4. október 2014.*

Leikfélag Mosfellssveitar og Mosfellsbær mun leggja til húsnæði. Veitingar þurfa að vera hressing yfir miðjan daginn og kvöldmatur. Færeyingar ætla að koma með fimm þætti og við munum auglýsa eftir verkum frá félögum hér á landi og þarf að skila inn til BÍL fyrir 10. september. Næsti fundur verður 13. september klukkan 10:00 til frekari undirbúnings vegna stuttverkahátíðar.

3. Önnur mál

a) Rætt var um fósturfélögin – hver tilgangurinn er með þeim, Vilborg fór í gegnum það.

b) Toggi sagði frá því að Leikfélagið Sýnir sótti um ferðastyrk til Menntamálaráðuneytis vegna ferðar þeirra til Finnlands og þeir fengu neitun. Þetta er í fyrsta sinn sem að það gerist.

Þetta hefur verið hingað til styrkur upp á ca. 2 – 300 þúsund. Þetta mál verður sett á listann sem farið verður með til ráðherra í haust .

Fundi slitið klukkan 16:40.

Fundinn ritaði Ólöf A. Þórðardóttir.

Stjórnarfundur fimmtudaginn 18. september kl. 17.00 haldinn að Kleppsmýrarvegi 8, Reykjavík.

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson og Vilborg Valgarðsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarin og rædd

Ekkert fundið athugavert.

2. Starfsáætlun 2014-15

1) Tekin staða á föstum liðum:

- Þjónustumiðstöð, rekstur gengur skv. áætlun en fjárhagsstaðan verður tæp í árslok eins og vitað var. Tveir sjálfboðaliðar hafa nýverið létt undir með vinnu á skrifstofunni, Ármann Guðmundsson við skráningu nýrra leikrita í leikritasafnið og Hörður Sigurðarson við uppsetningu verkefna, mynda og skýrslna aðildarfélaganna í Ársritið sem Vilborg hafði að öðru leyti klárað í sumar. Þeim Ármanni og Herði þakkað innilega fyrir hjálpinu.

- Leiklistarskólinn gekk vel í sumar, nemendur almennt ánægðir og góður andi sveif yfir vötnum að venju. Rekstrarafgangur er um 130.000 kr. Þar sem skólanefndarkonan Gunnhildur Sigurðardóttir féll frá í sumar fer stjórn þess á leit við skólanefnd að koma með tillögu að nýjum nefndarmeðlim og hafa í huga umræðu um kynjahalla í nefndinni hingað til.

- Leiklistarvefurinn. Áætlun Harðar um uppfærslu á Leiklistarvefnum rædd. Þar færir hann sterk rök fyrir því að það geti ekki dregist öllu lengur að uppfæra vefinn m.a. með tilliti til öryggismála. Ný uppfærsla er löngu tímabær en hún mun kosta ca. 100.000. Ákveðið að fara í þetta núna og reyna að fjármagna þetta með einhverjum styrkjum ef hægt er.

2) Hækkuð framlög hins opinbera. Ákveðið að herja á fjárlaganefnd um hækkun styrkjarins til verkefna aðildarfélaganna. Toggi skrifar textann. Ath. hvort stjórnarliðar þekkja einhverja nefndarmenn persónulega en oft er vænlegra til árangurs að tala beint við fólk sem maður þekkir heldur en að senda póst.

3) NEATA stuttverkahátíðin undirbúin. Frábær þátttaka verður á hátíðinni en alls hafa 10 leikfélög tilkynnt samtals 22 stuttverk til leiks. 3 verk koma frá Færeyjum en restin er frá Hugleik, Leikfélagi Kópavogs, Leikfélagi Hafnarfjarðar, Leikfélaginu Skagaleikfloknum, Leikfélagi Ölfuss, Halaleikhópnum, Leikfélaginu Peðinu, Leikfélagi Selfoss og Leikfélagi Mosfellssveitar. Tveir áheyrnarfulltrúar frá Danmörku hafa boðað komu sína. Nú þarf að mynda vinnuhóp með undirbúningsnefndinni. Stefnt er að fundi í

Hlégarði næsta mánudag til að skoða aðstöðuna og skipulegga hátíðina nánar. Toggi, Ólöf, Vilborg og Gísli Björn mæta og reyna að finna með sér fleira fólk.

2. Leiklistarhátíð IATA 2015

Umsóknarfrestur er til 25. sept. Heyrst hefur að amk. 3 félög ætli að senda inn umsóknir og því ljóst að þarf að skipa valnefnd. Tillaga stjórnar að nefnd: Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson og Hörður Sigurðarson. Skila þarf tillögu til Belgíu fyrir 1. okt.

3. Önnur mál

a) Spurt var um fréttir af NEATA fundinum í Porvoo í júlí sl. Næsta NEATA hátíð verður í Noregi 2016. Þorgeir kom með tillögu á fundinum um að áhugahreyfingin tæki sig saman og skrifaði ávarp á alþjóðlega leikhúsdaginn, svipað og atvinnuleiklistarfólkið gerir en. Hún var samþykkt og honum falið að skrifa fyrsta pistilinn 2015. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.20

Fundargerð ritaði Vilborg Valgarðsdóttir.

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga. Settur kl. 09:00 sunnudaginn 15. mars 2015 að Kleppsmýrarvegi 8.

Mættir: Þorgeir Tryggvason, Bernharð Arnarson, Þrúður Sigurðardóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Vilborg Valgarðsdóttir, Ólöf A. Þórðardóttir og Þráinn Sigvaldason á Skype. Embla boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn, rædd og samþykkt.

2. Starfsáætlun 2014 – 2015:

1) Þjónustumiðstöðin gengur sinn vanagang og er rekin dag frá degi. Skráning í Leikslitarskólann byrjaði núna um miðnætti og hafa um 20 manns þegar skráð sig. Leiklistarvefurinn – stefnt verður að uppfærslu á honum núna um páskana.

2) Hækkun framlags hins opinbera – Samningurinn við skrifstofuna er laus núna um áramótin og mun Vilborg hafa samband við Guðnýju Helgadóttur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og falast eftir fundi. Óskir okkar eru þær að við fáum það sama og við vorum með fyrir hrun.

Einnig er brýnt að fá verkefnastyrk aðildarfélaganna hækkaðan en umbeðin fundur með ráðherra er ekki enn kominn á dagskrá.

Sérverkefni ársins – NEATA stuttverkahátíð tókst mjög vel og ætlar Vilborg að tala við gest okkar, hinn danska Morten og athuga hvort að hann geti sent okkur rapport um hátíðina til birtingar í Ársritinu.

Leikfélagi Kópavogs og Leikfélagi Mosfellssveitar eru færðar þakkir fyrir sinn þátt í hátíðinni.

3. Aðalfundur 2015 undirbúinn

Fundurinn byrjar laugardaginn 2. maí og verður haldinn að Melum í Hörgárdal en gistiástaða verður í Skjaldarvík. Þar er aðgengi fyrir fatlaða mjög gott. Farið var yfir tilboðið frá Hörgdælum og það samþykkt.

Ársreikningur - Vilborg fór yfir reikninginn og útskýrði nokkra liði. Stjórnarmenn skrifuðu undir reikninginn.

Starfsáætlun næsta árs – Umræður um stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund á næsta ári eða jafnvel haustfund. Stuttverkahátíð þarf að tengjast einhverjum viðburði þar sem hún stendur ekki ein og sér. Sett á bið fram á aðalfund.

Þráinn minnti á að Bandalagið verður 65 ára í ágúst á þessu ári og væri gaman að gera eitthvað af því tilefni.

Þeir sem eiga að ganga úr aðalstjórn eru Þorgeir og Ólöf. Þrúður, Embla og Salbjörg ganga úr varastjórn samkvæmt reglunni.

Að lokum vill stjórn þakka Vilborgu fyrir gott utanumhald um rekstur þjónustumiðstöðvar.

4. Höfundarréttarmál

Farið yfir bréf S. Samúelssen um höfundaréttarmál. Ákveðið var að senda félagi leikstjóra bréf og koma með ábendingu að gefnu tilefni um að félög sem að þau eru að leikstýra hjá, sæki um höfundarétt og að þeir taki ekki að sér verkefni nema að þau mál séu kláruð.

5. Önnur mál

1. Tekið fyrir bréf frá Tryggva Líndal – formanni falið að svara bréfinu.

2. Formaður er að fara til Belgíu á leiklistarhátíð með Hugleik og þar verður einnig fundur hjá IATA og mun hann sækja fundinn f.h. Bandalagsins.

Fundi slitið klukkan 11:00

Fundargerð ritaði Ólöf Þórðardóttir

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 1. maí 2015 haldinn að Skjaldarvík í Eyjafirði.

Mættir eru: Vilborg Valgarðsdóttir, Guðfinna Gunnarsdóttir, Þráinn Sigvaldason, Ólöf Þórðardóttir, Bernharð Arnarson, Þrúður Sigurðardóttir, Embla Guðmundsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir.

Fjarverandi: Þorgeir Tryggvason, Ylfa Mist Helgadóttir og Gísli Björn Heimsson.

1. Stjórn fór yfir dagskrá aðalfundar og skipti með sér verkum:

Embla les menningarstefnuna. Þráinn skýrir inntöku nýrra félaga og félög tekin af félagaskrá. Guðfinna les skýrslu stjórnar, drög að starfsáætlun og stjórnar skiptingu í hópa. Vilborg fer yfir ársreikninginn. Ólöf ber upp tillögu stjórnar um framlag af verkefnastyrk félagana til reksturs skrifstofunnar. Benni tekur liðinn árgjald aðildarfélaga.

Rætt var um hækkun árgjalds og einnig af verkefnastyrk. Tillaga gerð um hækkun árgjalds en hluti af verkefnastyrk verði óbreyttur.

Fundargerð ritaði Ólöf Þórðardóttir.

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga



Nýr formaður; Guðfinna Gunnarsdóttir frá Leikfélagi Selfoss

Fundargerð aðalfundar Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Melum í Hörgárdal 2. maí 2015

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Guðfinna Gunnarsdóttir, varformaður Bandalagsins, setti fundinn og stakk upp á þeim Aðalsteini H. Hreinssyni og Stefaníu E. Hallbjörnsdóttur frá Leikfélagi Hörgdæla sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni, Leikfélaginu Sýnir og Magnþóru Kristjánsdóttur, Leikfélagi Ölfuss sem fundarriturum.

Samþykkt.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd afgreiddi kjörbréf og afhenti atkvæðaspjöld. 19 félög eiga atkvæði á fundinum. Því næst kynntu fundargestir sig.

Dýrleif Jónsdóttir, kjörnefndarfulltrúi, sagði frá stjórnarkjöri og óskaði eftir framboðum.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Embla Guðmundsdóttir, las Menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Þráinn Sigvaldason kynnti. Leikfélagið Baldur sótti um inngöngu í Bandalagið og Leikfélag Patreksfjarðar sagði sig úr því.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerð síðasta aðalfundar borin upp og samþykkt einróma.

6. Skýrsla stjórnar.

Skýrslu stjórnar flutti Guðfinna Gunnarsdóttir í fjarveru Þorgeirs Tryggvasonar formanns. *Sjá skýrslu á bls. 8.*

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir skýrði reikninga.

473.000 kr. tap varð á rekstrinum árið 2014. Reksturinn stendur enn í járnum þótt skorið hafi verið niður í flestum liðum.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss, spurði hvernig gengi að ræða við stjórnvöld um hækkun framlaga frá ríkinu. Vilborg sagði það ekki ganga neitt, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir til að fá fund með mennta- og menningarmálaráðherra. Hins vegar væri samningur um framlög til skrifstofu útrunninn og því þyrfti að funda.

Nanna Vilhelmsdóttir, Hugleik, spurði hvort hætta væri á framlög frá ríkinu legðust af með öllu. Vilborg svaraði að því væri ómögulegt að svara, hún teldi þó velvilja í garð Bandalagsins innan ráðuneytisins og það væri vonandi rétt mat.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs, sagði að þar sem mennta- og menningarmálaráðherrar hefðu sjaldnast tíma eða áhuga til að kynna sér starfsemi áhugaleikfélaga, væri ekki úr vegi að herja á þingmenn. Vilborg sagðist binda vonir við að núverandi ráðherra sýndi málum okkar skilning þar sem hún vissi til þess að hann þekkti til starfsemi áhugaleikfélaga.

Nanna Vilhelmsdóttir lagði til að fólk nýtti samfélagsmiðla til að afla leikfélögunum stuðnings og auka meðvitund um þau í samfélaginu.

F. Elli Hafliðason sagði að pólitíkusar væru áhugasamastir fyrir kosningar og því lægi á að fá kosningar sem fyrst. Hann sagðist líka vilja þakka stjórn og framkvæmdastjóra fyrir frábært starf í fjármálum sl. ár.

Ársreikningur 2015 borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrslu skólanefndar. Sjá skýrslu á bls. 10.

Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar. Sjá skýrslu á bls. 11.

Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handrita-safnsnefndar. Sjá skýrslu á bls. 12.

F. Elli Hafliðason lagði fram spurningar til skólanefndar varðandi hækkun á skólagjöldum og hvort von væri á frekari hækkunum, hvort samið hefði verið áfram við staðarhaldara og hvort íhugað hefði verið að skoða aðrar staðsetningar á skólanum. Hann beindi spurningum til handrita-safnsnefndar um hvort handrit yrðu ekki örugglega áfram skráð þrátt fyrir niðurskurð á skrifstofu. Einnig spurði hann hvort það væri hugmynd að halda einhverskonar sýningu á handritum til að kynna þau.

Vilborg Valgarðsdóttir kom í pontu og svaraði að öll handrit yrðu áfram skráð eins og verið hefur.

Hrefna Friðriksdóttir svaraði fyrir hönd skólanefndar og sagði að skoðaðir hefðu verið nokkrir staðir fyrir skólann ef svo færi að ekki yrði áfram raunhæft að halda hann að Húnavöllum. Það er jafnvel í kortunum að breyta þurfi staðsetningunni þar sem flókið er fyrir staðarhaldara að taka við skólanum í þeirri mynd sem verið hefur. Samið var til eins árs í þetta sinn.

Ármann Guðmundsson svaraði F. Ella og benti á að sýning á handritum væri sennilega ekki fýsilegur kostur þar sem þau eru almennt fremur óspennandi fyrir augað. Þessi hugmynd hefði því ekki komið upp áður.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir andmælti Ármanni harðlega og sagði leikhandrit síður en svo óspennandi. Hún taldi að til sé nægt efni í sýningu fyrir þá sem hafa áhuga. Lagði til að handritasafnsnefnd athugaði málið.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna kynnti drögin og skipaði í hópa.

Hörður Sigurðarson kynnti hugmynd að umræðu í starfshópum. Leikfélag Kópavogs hefur rætt að bjóða Bandalaginu að flytja í húsnæði sitt í Funalind í Kópavogi í 2-3 ár í þeim tilgangi að spara húsaleigu sem er núna 1,1 milj. kr. á ári. Bandalagið myndi ekki borga leigu en taka þátt í rekstrarkostnaði hússins.

Árman Guðmundsson bað hópstjóra um að skila niðurstöðum á tölvutæku formi og muna eftir því að skrá alla meðlimi hópanna.

Sigríður Hafsteinsdóttir, Leikfélagi Selfoss, benti á að þótt leiklist sé komin inn í aðalnámskrá grunnskóla væri það á valdi skólustjóra hvort hún sé á stundaskrá.

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir sagði frá verkefni sem unnið er á hennar heimaslóðum þar sem boðið er upp á námskeið fyrir kennara til að gera þá færari um að innleiða leiklist í kennslu. Hún benti á að smærri skólar ættu margir erfitt með að setja leiklistina inn í stundaskrá.

Niðurstöður hópa

Hópur 1

Hópstjóri: Daníel Freyr Jónsson, Freyvangsleikhúsinu

Gísli Björn Heimisson, Leikfélagi Hafnarfjarðar
Anna María Hjálmarsdóttir, Freyvangsleikhúsinu
Salbjörg Engilbertsdóttir, Leikfélagi Hólmavíkur
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, Leikfélagi Fljótsdalshéraðs

Rúnar Gunnarsson, Leikfélagi Seyðisfjarðar
Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss
Brynhildur Sveinsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.

Rætt var um rekstur þjónustumiðstöðvar og yfirfærslu í nýjan vef. Gísli skýrði ástæður fyrir yfirfærslu í nýjan vef.

Mælt með að farið verði í samstarf við Þjóðskjalasafnið frekar en Landsbókasafnið.

Sigríður Lára velti upp þeirri hugmynd að

skilgreina og skrá handritasafnið sem skjalasafn (opinbert) sem myndi auðvelda leiðir til að æskja eftir styrkjum.

Athuga með upptökur á verkum, eru þær geymdar rafrænt? Þær eru einnig mikilvæg heimild sem ekki má glatast. Upptökusafn öðru nafni. Stofna varðveislunefnd.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Hugmynd varpað fram um að leikfélögin komi inn í lögbundna menntun (kennara) á leiklistarsviðum grunnskóla. Því yrði bætt við starfsemi leiklistarskóla Bandalagsins. Einnig að skipaður yrði „fræðslufulltrúi Bandalagsins“, ráðgjafi fyrir leiklistardeildir grunnskólanna vegna leiklistarkennslu, sem veitti þeim aðgang að handritum og sérfræðiþekkingu vegna þess.

Lagt til að sótt verði um styrki frá einkaaðilum til afmarkaðra verkefna innan félagsins, frekar en að fá styrk fyrir almenna starfsemi. Það skipti máli hvaða fyrirtæki það eru.

Betra er að hækka gjöld félaga til Bandalagsins jafnt og þétt frekar en í fáum stórum skrefum.

Fara þarf í markaðsátak til að auka sýnileika og sölu Bandalagsverslunarinnar, sérstaklega í ljósi þess að nú er komin vefverslun á Leiklistarvefinn.

Flutningur Bandalagsins í Funalind til að minnka leigukostnað. Hópurinn treystir dómgreind Harðar og Vilborgar og ef þau segja að þetta sé gerlegt þá er það hið besta mál, en við myndum samt vilja frá frekar útlistun á því hvernig t.d. eigi að koma handritasafninu fyrir í Litla leikhúsinu, eða hvort það fari þá í geymslu.

BÍL-bíllinn – Vilborg og bandalagsskrifstofan verði gerð hreyfanleg og þjónustumiðstöðin verði sett í rútu sem ferðist um landið og haldi heimakynningar, gæti tekið upp fólk á leiðinni á Bandalagsþing o.fl. Teknar verði saman 65 mest uppsettu sýningarnar hjá áhugaleikfélagunum og þær sýndar umhverfis landið. Einnig ferðist BÍL-bíllinn á allar bæjarhátíðir og selji þar smink og



Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir skólastýrur

farði hátíðargesti, líkt og aðrir vinsælir bílar eins og Brúðubíllinn, Ísbíllinn og Partybíllinn. Fara í samstarf við Blóðbankann.

Sérverkefni ársins:

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.
2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalagsins með því að safna saman staðreyndum um Bandalagið og félögin innan þess: *Á 65 árum höfum við...*

Stuttverkahátíð og 65 ára afmælishátíð í tengslum við haustfund.

Búa til litlar sýningar og stemningu á stuttverka-hátíðum og öðrum samkomum Bandalagsins með því að einhver félög komi með muni úr sinni eigu sem hafa sögulegt gildi.

Hópur 2

Hópstjóri: Nanna Vilhelmsdóttir, Hugleik
 Ásta Gísladóttir, Hugleik
 Halldóra Vilhjálmsdóttir, Freyvangsleikhúsinu
 María Guðmundsdóttir, Leikfélag Mosfellssveitar
 Oddfreyja H. Oddfreysdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Pórður Vilhelm Steindórsson, Leikfélagi Hörgdæla
 Jóhanna Ása Einarsdóttir, Litla leikklúbbnum
 Snævar Örn Ólafsson, Leikfélagi Dalvíkur

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

- Að færa þjónustumiðstöð til LK – góð hugmynd
 – gæti myndað svigrúm fyrir hlutastarf ritara.

- Spurning hvort hægt sé að finna sambærilega aðstöðu hjá öðrum.

- Fyrst og fremst ákvörðun Vilborgar, sé hún samþykkt því.

- Umsýslugjald fyrir innsend handrit.

- Uppsetning á rafrænum eyðublöðum – rukka félög fyrir þann kostnað 5.000-10.000 – félögum er frjálst að senda meira. Ábending til stjórnar.

- Bæta við í vefumsjónarnefnd til að dreifa álagi. Ábending til stjórnar.

- Bæta upplausn mynda á vefnum, hafa góðar myndir.

- Skóli – hvernig gengur að senda fólk í skóla? Gengur misvel en allir þekkja skólann. Veltur svolítið á því hversu dugleg leikfélögin eru að styrkja nemendur.

- Hvetja fólk til að senda inn óuppsett leikrit í handritasafnið.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

- Auka sýnileika Bandalagsins – m.a. með handrita/leikmunasýningu (mögulegt samstaf við leikmunadeild eða leikhúsin, setja upp brot úr verkum o.þ.h.)

- Tala við Félag handritshöfunda, Félag leikstjóra, Þjóðminjasafn, Þjóðarbókhöfðu – finna eitthvað samstarf.

- Fá atvinnuleikara og leikstjóra til að segja frá uppruna sínum og tengslum við áhugaleikfélög og tengja við stuttverkahátíðina (t.d. leikara vikunnar á leiklist.is).

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.

- Hvernig gengur að setja upp stuttverk? Flestir með eitthvað.

- Freyvangur var með stuttverkasýningu fyrir nokkrum árum. Karl Ágúst var með námskeið í vetur.

- Hörgdælir – lítið – aðallega það sem Stefanía Elísabet hefur unnið á námskeiðum – Betan 2013.

- Litli Leikklúbburinn – haldin var handrita-smiðja, þau ætla að gera eitthvað við afraksturinn í haust

- Leikfélag Mosfellssveitar – Hafa haldið nokkrar stuttverkadagskrár

- Hugleikur heldur a.m.k. eina stuttverkadagskrá á ári. Oft tvær.

- Leikfélag Dalvíkur – hefur ekki sett upp stuttverkadagskrár síðustu ár nema í samstarfi við grunnskólann. Ætla að hafa hitting og búa til höfundasmiðju.

- Hvetja leikfélög til að taka þátt. Senda inn a.m.k. eitt verk.

- Athuga endurtekið samstarf við Borgarleikhúsið. Eða flytja þetta út á land og tala við Leikfélag Akureyrar eða Menningarhúsið Hof.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

- Í samhengi við þetta: kynning hvers félags fyrir sig, á vef sveitarfélagsins. Sérstaklega þar sem er lítil áhugi, voru afi og amma í leikfélagi? Hvað var sýnt? Hvenær? Hvar? Fróðleiksmoli vikunnar. Virkja heimabæinn. Elskaðu félagið þitt, er eitt-hvert seleb úr bænum?

- Brýna fyrir leikfélögum að auka sýnileika þeirra á opinberum vefjum.

Hugmynd frá Ólöfu: „Þjóðleikur“ fyrir fullorðna, allir sýna sama verkið um allt land á sama tíma. Heimsviðburður!

- Góð hugmynd.

- Passa að það sé ekki of mannmargt svo það sé gerlegt fyrir smærri félög.

- Og nógu langur fyrirvari.

- Verkefnisvalnefnd? Leggjum til þriggja manna nefnd.

Hópur 3

Halla Rún Tryggvadóttir, Leikfélagi Húsavíkur
Aðalsteinn Jóhannsson, Leikfélagi Ölfuss
Fanneý Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla
Hákon Svavarsson, Leikfélagi Ölfuss
Sesselja Ingólfssdóttir, Leikfélagi Hörgdæla
Guðbjörg Anna Óladóttir, Leikfélagi Dalvíkur
Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfells-
sveitar, Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsinu.



Hördur Sigurðarson Lénsherra og Ása Hildur Guðjónsdóttir Halaleikhópnun

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskólans, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Hugmynd Harðar um flutning þjónustumiðstöðvar í Leikhúsið í Kópavogi mjög góð og um að gera að skoða þetta nánar.

Leiklistarskólinn. Erum almennt mjög ánægð með skólann og hann má endilega vera áfram eins og hann hefur verið. Skólinn er heilsuhæli leikara.

Leiklistarvefurinn. Erum mjög spennt að sjá nýja vefinn. Skemmtilegt þegar birtir eru leikdómar á vefnum. Hugmynd um rafræn eyðublöð tær snilld.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Já auðvitað viljum við leita eftir hækkuðum framlögum og fá meiri peninga. Hægt að herja á þingmenn sem við hér inni þekkjum eins og gert var um árið.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

Endilega höldum stuttverkahátíð, t.d. í tengslum við næsta aðalfund. Ræddum hátíðina sem var í Borgarleikhúsinu um árið, er möguleiki að kanna slíkt samstarf á þessu ári? Í tilefni afmælisins að hafa stóra fina hátíð í Borgarleikhúsinu, kanna það. Um að gera ef áhugi er fyrir stuttverkum að hafa hátíð.

Hugmynd um að halda haustfund eða afmæli í haust. Hafa 65 stuttverk, eitt fyrir hvert ár. Eða örverk. Halda upp á afmælið með einhverjum hætti. Stofna afmælisnefnd sem skipuleggur afmælið. Nota afmælið til að koma Bandalaginu á framfæri í fjölmiðlum.

Hópur 4

Hópstjóri: Axel Vatnsdal, Leikfélagi Hörgdæla
Bára Einarsdóttir, Umf. Reykdæla
Auður Jónasdóttir, Leikfélagi Húsavíkur
Gerður Halldóra Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss
Ingibjörg Lárusdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar
Bjarki Ingason, Leikfélagi Norðfjarðar

Jenný Dögg Heiðarsdóttir, Leikfélagi Dalvíkur
Stefán Steinar Jónsson, Litla leikklúbbum

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla,
Leiklistarvefs og annarra fastra liða í starfseminni.

Vísun til stjórnar og framkvæmdastjóra að skoða hvort húsnæði Leikfélags Kópavogs henti undir skrifstofu Bandalagsins. Mjög ánægð með fjárhaldsstjórn og útsjónarsemi í rekstri Bandalagsins.

Viljum lýsa mikilli ánægju með vefinn og lénsherrann og vonumst til að hægt verði að finna leiðir til að halda honum betur við fram-vegis. Viðburðadagatal?

Skólinn. Já. Halda áfram góðu starfi. Big læk. Já og námskeið tengd tónlist í leiksýningum?

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Bara halda áfram að reyna. Senda ályktun aðalfundar til ráðuneytis um mikilvægi skrifstofunnar fyrir starfsemi leikfélaganna?

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

65 ára bandalagsafmælis-þjóðleiks-stuttverkahátíð með viku fyrirvara og handritasýningu.

Hópur 5

Hópstjóri: Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss
Vilhjálmur Jón Guðjónsson, Halaleikhópnum
Svanur Kristjánsson, Leikfélagi Hólmavíkur
Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir, Leikfélagi Norðfjarðar

Eygló Björg Jóhannsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar
Sigríður Hafsteinsdóttir, Leikfélagi Selfoss
Inga Hólmfríður Gunnarsdóttir, Umf. Skallagrími

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskólans, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Þjónustumiðstöð er mest nýtt fyrir verslunina, handrit, styrki og ýmis samskipti við þýðendur og höfunda. Vilborg er hægri hönd allra, ótrúlega gott að eiga hana að. Frábært að það sé að koma netverslun fyrir vörur. Kemur sér sérstaklega vel fyrir leikfélög úti á landi

Ábending: Það vantar upplýsingar á síðuna fyrir nýtt fólk um hvar maður setur inn handrit sem maður hefur verið að gera og er búinn að sýna.

Um að gera að deila leiklistarsíðunni nýju svo fleiri viti af þjónustunni sem er í boð. Búðin er fyrir alla, tilvalið að minna á hana fyrir hrekkjavöku, við grunnskóla og fleiri.

Frábært ef hægt væri að komast í húsnæði hjá Leikfélagi Kópavogs. Staða húsnæðismála hefur samt sjaldan verið betri en nú svo það er spurning hvort það myndi borga sig fyrir Bandalagið að flytja sig í húsnæði Leikfélags Kópavogs. Full ástæða fyrir stjórnina að skoða þessi mál nánar bæði kosti þess og galla. Við vitum hvað við höfum en hvað gerist eftir 2 til 3 ár með húsnæði hjá Leikfélagi Kópavogs?

Leiklistarskólinn hefur umbreytt öllu leiklistarstarfi um allt land, fólk finnur fyrir meira öryggi, reynslu og þekkingu, hittir fólk í sömu hugleiðingum. Skólinn hefur skilað mjög miklum metnaði í leikfélögin. Það þarf að ná til fleiri leikfélaga úti á landi. Gott væri að kynna hann betur út á við.

Tillaga um að skoða hvort hægt sé að finna ódýrara húsnæði fyrir Leiklistarskólann, í það minnsta að fylgjast með þróun mála. Gott að skoða hvernig fyrsta árið með nýjum rekstraraðilum reynist. Spurning um Laugargerði og Varmaland?

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.



Þráinn Sigvaldason, Þrúður Sigurðardóttir, Ólöf Þórðardóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir

Það þyrfti að koma ályktun frá fundinum til ráðherra um aukið framlag. Leikfélögin gætu sent bréf á alla þingmenn í hverju umdæmi fyrir sig. Væri gott ef bréf væri samið og allir myndu senda það sama. Tillaga að stjórn og framkvæmdastjóri hafi samband við menntamálaráðherra og ræði við hann um framtíð Bandalagsins. Höldum áfram að leita að hærri framlögum.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

Mjög góð hugmynd að leikfélögin í landinu sameinist og vinni með sama verkið í tilefni afmælishátíðarinnar. Myndi skapa mikla athygli útávið. Höfundarnir okkar gæti skrifað handrit. Með þessu eru leikritahöfundar á svæðinu virkjaðir, leikfélögin tengd saman og það væri gaman að sjá hvað aðrir eru að gera.

Tillaga til stjórnar um að skoða möguleika á þessari hugmynd og sameina stuttverkahátíð, afmæli og sýningu sem væri í svipuðu formi og Þjóðleikur. Nauðsynlegt að hafa góða fréttuumfjöllun um þennan viðburð.

Önnur hugmynd er að hafa handritakeppni í anda Uppspretunnar. Öllum frjálst að senda inn handrit. Hægt væri að velja síðan 3-4 verk (eða bara eitt) sem væri síðan hægt að sýna á sama tíma í öllum landshlutum.

Stuttverkahátíðir í hverjum landshluta fyrir sig væri hentugra til að fleiri leikfélög gætu tekið þátt og ferðalög myndu ekki hamla þátttöku um of.

Hópur 6

Hópstjóri: Árný Leifsdóttir, Leikfélag Ölfuss
 Ásta Þórisdóttir, Leikfélagi Hólmavíkur
 Ása Hildur Guðjónsdóttir, Halaleikhópnum
 Jónheiður Ísleifsdóttir, Leikfélagi Selfoss
 Jónas Þorkelsson, Umf. Skallagrími
 Stefán H. Jóhannsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar
 Ágúst Freyr Magnússon, Leikfélagi Seyðisfjarðar

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskólans, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Þjónustumiðstöð – Almenn ánægja var með starfsemi þjónustumiðstöðvar og þegar kom að umræðum um flutning þá vorum að við sammála

um að það væri hugmynd sem vert væri að skoða ef möguleiki væri að samræma starfsemi Leikfélags Kópavogs og þjónustmiðstöðvarinnar. Í því samhengi þarf að skoða tímaramma þ.e. til hve langs tíma er verið að flytja, það borgar sig kannski ekki til skamms tíma og einnig þarf að kanna hvort öryggi lagers og handritasafns sé tryggt.

Þá var rætt um skólann og hve mikilvægt væri að hann héldi áfram í núverandi mynd og viljum við hvetja öll leikfélög að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja skólann og kynna hann fyrir leikfélögum sínum. Einnig á skólanefnd hrós skilið fyrir að hafa náð að halda kostnaði þó þetta lágum (undir 100 þús) fyrir 10 daga námskeið, fæði og húsnæði. Þá kom fram sú hugmynd að Bandalagið gæti staðið fyrir styttri tækninámskeiðum og örfyrirlesturum og þá sérstaklega um tæknimál (búninga, ljós, hljóð, leikgerfi, smink, leikmyndahönnun og smíði). Einnig var kallað eftir námskeiði í kynningarmálum, fjáröflun, styrkjum og öflun nýrra félaga og var bent á í umræðum að nota facebook og landsnetið í svoleiðis umræður. Einnig kom fram að komin væri tími á námskeið í stjórnun leikfélaga sem tekur á mörgum þessara þátta.

Þá var rætt um nýjan vef og mikilvægi þess að nýta hann vel. Hafa góðar upplýsingar um hvar hægt er að sækja styrki t.d. til leikferða og einnig mætti bæta inn meiri upplýsingum um aðildarfélögin en að sjálfsgöðu er það á þeirra ábyrgð að halda upplýsingum um sig uppfærðum á síðunni og linka á vefi og facebook síður. Upp kom hugmynd um hvort væri hægt að selja auglýsingar á vefnum.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Já það á endilega að vinna í að sækja aukið fjármagn í starfsemi Bandalagsins og styrki til leikfélagana. Við þurfum að vinna í því að vera sýnileg. Kynna Bandalagið og mikilvægi þess í menningarstarfi landsins, sérstaklega í minni samfélögum úti á landi. Nýta 65 ára afmælið til að gera kynningarátak, fá fjölmiðla umföllum og skrifa sjálf greinar í blöðin. Það væri gott að fá standard texta

um Bandalagið, sérstaklega til að setja í leikskrár því við þurfum að sjálfsgöðu að vera dugleg að kynna Bandalagið.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu.
2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga.

Við ræddum sérverkefni 1 og 2 saman og vildum stinga upp á því að haldin yrði stuttverka samkeppni þar sem valin yrðu 3-4 verk sem leikfélög gætu valið úr og sett upp eitt eða fleiri og svo yrðu haldnar leiklistarhátíðir í hverjum landsfjórðungi á sama tíma í tengslum við 65 ára afmælið. Við leggjum til að reyna að gera mikið úr þessu og bjóða merku fólki á hátíðarnar og skipa afmælisnefnd til að sjá um undirbúning ásamt stjórn. Einnig leggjum við til að mennta- og menningarmálaráðherra verði afhent bókin Allt fyrir andann, með viðhöfn.

Umræður:

Hörður Sigurðarson fór yfir nokkur atriði sem komu fram í hópastarfinu varðandi vefinn. Mikilvægt að félögin sendi inn myndir í góðri upplausn svo þær skili sér sem best. Viðburðadagatal er vel framkvæmanleg hugmynd og hefur verið reynt en þótti of frekt á tíma starfsfólks. Biðlaði til félaganna að fara yfir upplýsingar um sitt félag á vefnum og bæta við ef þörf væri á. Upplýsingasíða á vefnum er til en það má bæta við upplýsingum. Tók vel í að setja inn standard texta um Bandalagið inn á vefinn fyrir félög til að setja í leikskrá.

Eygló Björg Jóhannsdóttir stakk upp á að sent yrði bréf til menntamálaráðuneytis og þingmanna og því fylgt eftir til að kynna Bandalagið.

F. Elli Hafliðason lýsti yfir ánægju sinni með hugmynd um að fá atvinnuleikhúsfólk til að segja frá reynslu sinni af áhugaleikhúsi. Benti á gagnsemi námskeiða og þá sérstaklega í stjórnun leikfélaga. Hann stakk upp á að útbúinn yrði listi með leiðbeinendum í leiklist, sambærilegt við leikstjórastann.



Aðalsteinn H. Hreinnsson, Stefania E. Hallbjörnsdóttir og Bernharð Arnarson frá Leikfélagi Hörgdæla

Nanna Vilhelmsdóttir bætti við umræðu úr hópastarfinu sem gleymdist að nefna, um að halda ætti stuttverkahátíð t.d. fyrir norðan. Ekki alltaf á höfuðborgarsvæðinu.

Hrefna Friðriksdóttir sagðist taka öllum hugmyndum varðandi skólann fagnandi og þær yrðu skoðaðar. Benti fólki á að nota Facebook-hópin (Landsnetið) til að kynna hugmyndir og gefa góð ráð t.d. varðandi öflun félaga og aðra fræðslu.

Jónheiður Ísleifsdóttir og Hulda Gunnarsdóttir hvöttu fólk til að nota Facebook-hópin meira.

Embla Guðmundsdóttir þakkaði hópum fyrir margar góðar hugmyndir.

Guðfinna Gunnarsdóttir steig í pontu og árétt- aði að ræða þyrfti við mennta- og menningarmálaráðherrann og knýja fram úrbætur varðandi Bandalagið, hækkun styrkja til bæði félaganna og þjónustumiðstöðvarinnar.

Bernharð Arnarson benti á að í starfsáætlun vantaði liðinn um samstarf við Þjóðleikhúsið og væri það af ásettu ráði þar sem allir hafi verið sammála um að það haldi áfram.

Ármann Guðmundsson bætti við það sem Guðfinna talaði um varðandi mennta- og menn-

ingarmálaráðuneytið að einnig þyrfti að fá skýringu á hvers vegna ekki væru lengur veittir styrkir til félaga sem fara með leiksýningar til annarra landa.

F. Elli Hafliðason benti á að liðurinn varðandi Þjóðleikhúsið væri ekki í höndum Bandalagsins heldur alfarið á Þjóðleikhússins vegum og því óþarfi að ræða hann á aðalfundi.

Vilborg Valgarðsdóttir sagði frá því að hún hefði spurst fyrir hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi styrkveitingar til utanferða leikfélaga og hún fékk þau svör að sjóðurinn hefði verið tæmdur þegar Leikfélagið Sýnir sótti um. Leikfélögin yrðu að sækja um tímanlega, helst um leið og fyrir lægi að þau væru að fara.

Hrefna Friðriksdóttir stakk upp á því að talað yrði við sjónvarpið í tengslum við 65 ára afmæli Bandalagsins og það fengið til að gera þátt um starf leikfélaganna í gegnum tíðina, t.d. sýna brot úr uppsetningum.

Daníel Freyr Jónsson lýsti yfir hrifningu á hugmynd Hrefnu og taldi líklegt að hægt væri að selja sjónvarpinu þessa hugmynd því það gæti þarna framleitt mjög ódýra þætti þar sem efnið sé að mestu til.

Hörður Sigurðarson ræddi höfunda- og þýðendalaun og nefndi að stuttir leikþættir væru hlutfallslega dýrari en lengri í uppsetningu þar sem skv. samningi þyrfti alltaf að greiða fyrir að lágmarki 8 sýningar fyrir hvern þátt. Hann rifjaði upp að hann hefði beðið stjórn um að reyna að semja um þetta upp á nýtt við Félag leikskálda og handritshöfunda á aðalfundi fyrir tveimur árum en ekkert hefði gerst í þessum málum.

Vilborg Valgarðsdóttir svaraði Herði að þetta hefði verið rætt í stjórn en ekkert verið aðhafst. Ef þetta kæmi inn sem liður á starfsáætlun yrði stjórn að taka málið fyrir.

Ingvar Guðni Brynjólfsson, Leikfélagi Selfoss, sagði frá hugmyndum sínum um að bæta starfs- umhverfi tæknifólks í leikhúsum. Tæknifólk væri oft einangrað í sínu starfi þegar settar eru upp sýningar og finnst honum að það vanti einhverskonar stuðningsnet. Hann stofnaði hóp á Facebook fyrir tæknifólk þar sem hægt er að miðla upplýsingum og kynnast og væri til í að sá hópur yrði stærri og virkari. Hann lagði til að haldin yrðu tækninámskeið samhliða uppsetningu valinna sýninga þar sem farið yrði yfir öll þau atriði er tæknimál varða. Hann óskaði eftir því að fá fólk í lið með sér til að gera hugmyndina að veruleika.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Gerður Sigurðardóttir kynnti stöðuna í framboðsmálum.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingatillögur lágu fyrir fundinum.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf Þórðardóttir bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 1 m. kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.

Fh. stjórnar, Ólöf Þórðardóttir

Brynhildur Sveinsdóttir lagði fram breytingartillögu um að hækka upphæðina í 1,5 m.kr. Ólöf benti á að miðað við að 38 leikfélög settu upp verk í fyrra myndi tillaga Brynhildar þýða að styrkur leikfélaga lækkaði um 13.000 kr. á leikfélag ef hvert þeirra setti upp eitt verk á næsta leikári.

Tillaga Brynhildar borin upp og samþykkt einróma.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Hörður Sigurðarson lagði fram eftirfarandi viðbótartillögu við starfsáætlun:

Stjórn beiti sér fyrir endurskoðun á taxa höfundar- og þýðendalauna (með það fyrir a ugum að ná fram lækkun á gjaldi fyrir styttri verk).

Ármann Guðmundsson, benti á að ef farið yrði fram á að opnaður yrði einn þáttur samninga við Félag leikskálda og handritshöfunda yrðu menn að vera viðbúnir því að samningsaðilinn mundi mögulega vilja skoða fleiri liði og því þyrfti að meta það hvort það væri þess virði. Hann tók það fram að hann sæti sjálfur í stjórn þess félags þannig að hann væri beggja vegna borðsins í þessu máli. Hann sagðist ekki vita til þess að nokkurt leikfélag hefði borgað fyrir 8 sýningar á stuttverki ef sýndar hefðu verið 1-3 eins og er algengast með íslensk stuttverk.

Hörður sagði ákvæðið um að alltaf skuli greiða fyrir 8 sýningar sé nóg til að endurskoða samningana. Hann sakaði Ármann um blygðunarlausa hagsmunagæslu, í hálfkæringi þó.

F. Elli Hafliðason spurði hvort hætta væri á að Félag leikskálda og handritshöfunda segði upp samningum einhliða svipað og Bandalagið gerði með leikstjórasmninga á sínum tíma.

Vilborg Valgarðsdóttir sagði að það væri sitthvað höfundalaun og verktakasamningar eins og gerðir eru við leikstjóra.

Ármann taldi að ekki þyrfti að óttast uppsögn samninga frá hendi Félagi leikskálda og handritshöfunda.

Hörður sagði að þetta væri einfalt, hann legði til



Magnþóra Kristjánsdóttir og Ármann Guðmundsson fundarritarar

að farið væri fram á það við Félag leikskálda og handritshöfundu að tekinn yrði upp liðurinn um 8 sýninga lágmark á stuttverkum, engu öðru. Hann bað fólk um láta ekki hræðsluáróður Ármanns hafa áhrif á sig.

Tillagan borin upp og samþykkt með 15 atkvæðum gegn 1.

Starfsáætlun borin upp með viðbótartillögu Harðar og hún samþykkt samhljóða og er því svona:

*Starfsáætlun
Bandalags íslenskra leikfélaga
leikárið 2015-2016*

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskólans, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð á leikárinu

2. Vekja athygli á 65 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga

3. Stjórn beiti sér fyrir endurskoðun á taxta höfundar- og þýðendalauna (með það fyrir augum að ná fram lækkun á gjaldi fyrir styttri verk).

15. Stjórnarkjör.

Porgeir Tryggvason gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku Bandalagsins. Guðfinna Gunnarsdóttir gaf ein kost á sér í formannsstöðuna og var sjálfkjörin.

Gísli Björn Heimison gaf einn kost á sér til stjórnar til tveggja ára og var sjálfkjörinn.

Ólöf Þórðardóttir gaf ein kost á sér til stjórnar til eins árs og var sjálfkjörin.

Þrúður Sigurðar, Embla Guðmundsdóttir og Salbjörg Engilbertsdóttir gáfu kost á sér til varastjórnar í tvö ár og voru sjálfkjörnar.

Ágúst T. Magnússon gaf einn kost á sér til setu í varastjórn til eins árs og var sjálfkjörinn.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Dýrleif Jónsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Gerður H. Sigurðardóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi kjörnefndarsetu og voru sjálfkjörnar og Erna Björk Hallbera Einarsdóttir var endurkjörin til vara.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis og Hrefna Friðriksdóttir voru endurkjörnar sem skoðunarmenn reikninga og Júlía Hannam, Hugleik, til vara.

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Bernharð Arnarson lagði fram tillögu stjórnar að árgjaldi:

Tillaga stjórnar að árgjaldi 2015-2016:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2015-2016 verði kr. 65.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 97.500 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 130.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 32.500.

F. Elli Hafliðason bað um rökstuðning fyrir hækk-uninni.

Ólöf Þórðardóttir sagði að þar sem samningurinn við mennta- og menningarmálaráðuneytið væri laus vissum við ekki hvað við fengjum til rekstrar Bandalagsins næstu árin. Uppsetningum verka hefði farið fækkandi, útlit væri fyrir að sú þróun héldi áfram og það þýddi tekjumissi fyrir Bandalagið.

Vilborg Valgarðsdóttir sagði þetta vera litla hækkun fyrir leikfélögin í krónum talið en munaði miklu fyrir Bandalagið.

Tillagan samþykkt.

18. Önnur mál

Bernharð Arnarson og Þráinn Sigvaldason lögðu fram eftirfarandi ályktun fyrir fundinn:

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn að Melum í Hörgárdal laugardaginn 2. maí 2015, skorar á ráðuneyti mennta- og menningarmála að hækka framlag ráðuneytisins til

Bandalags íslenskra leikfélaga þannig að það verði a.m.k. 8.5 millj.kr. á ári næstu 3 árin. Með því sé litið svo á að verið sé að leiðrétta skerðingu á framlögum til rekstrar Bandalagsins frá árinu 2008.

Samþykkt einróma.

Stefanía E. Hallbjörnsdóttir, fundarstjóri, las yfirlýsingu frá Leikfélagi Vestmannaeyja:

Kæru félagar,

Stjórn Leikfélags Vestmannaeyja þykir afar miður að geta ekki verið með ykkur á þinginu og skilum við kærnum kveðjum til ykkar og vonum við að þið skemmtið ykkur vel.

En ástæða þess að við viljum koma smá yfirlýsingu frá okkur er vegna þessa leiðinlega máls sem við höfum verið að vinna að í þó nokkurn tíma, sem þið fenguð vitneskju um í vefpósti sem að Vilborg hjá Bandalaginu sendi frá sér um rannsóknina á Leikfélagi Vestmannaeyja tengd höfundar- og sýningarrétti.

Við viljum einnig láta koma fram að nokkur verk sem talað er um í bréfinu frá Nordiska voru greidd og þeir höfðu ekki fengið vitneskju um það af einhverjum ástæðum, en við erum að leysa þessi mál í samstarfi með Nordiska. En hin verkin sem ekki var fengið leyfi fyrir aftur á móti erum við að fara yfir og munum við að sjálfsögðu greiða fyrir það sem okkur ber.

Langar okkur í stjórninni að koma þessum skilaboðum frá okkur:

Stjórnin sem nú situr hefur það að markmiði sínu að vinna af heiðarleika og hvetur aðrar stjórnir að gera slíkt hið sama.

Við eigum ekki að þurfa að þrifa upp klúður sem aðrir forverar okkar í stjórnnum leikfélagana okkar taka ákvarðanir um.

Við hjá Leikfélagi Vestmannaeyja höfum þurft að vinna að mjög alvarlegum málum á síðastliðna ári t.d. kynferðisbrotamáli gagnvart félögum okkar og einnig höfundar- og sýningarréttarmálinu, ásamt minni málum.



Aðalfundarfulltrúar

Og tökum við mjög alvarlega á þessum málum, til að mynda höfum við ásamt Félagsmálaþjónustu Vestmannaeyjabæjar unnið að gerð siðareglna, sem við vinnum nú samkvæmt innan leikfélagsins og nú þurfa allir meðlimir okkar 18 ára og eldri að veita samþykki fyrir því að heimilt sé að Félagsmálaþjónustan fái að sjá sakavottorð viðkomandi aðila ef þess þarf. Með því erum við að vonast til að sporna við því að óprúttir aðilar séu að ganga til liðs við leikfélagið okkar.

Við höfum ákveðið að á næsta aðalfundi leikfélagsins, sem verður nú í haust, verði tekin upp lagabreyting þar sem mun segja, að þeir sem sitja í stjórn félagsins sæti persónulegri fjárhagslegri ábyrgð ef viðkomandi stjórn ákveður að brjóta á lögum um höfundar- og sýningarrétt.

Og hvetjum við önnur aðildarfélög að huga að þessum málum innan síns félags til að sporna við því að þurfa að takst á við svona álíka mál eins og við höfum þurft að gera.

Við vitum að Leikfélag Vestmannaeyja hefur óorð á sér vegna þessara mála, en við sem sitjum í núverandi stjórn getum ekki borið endalausa ábyrgð á því sem fyrrum stjórnarmeðlimir hafa tekið ákvarðanir um.

Einnig hvetjum við til þess að skipuð verði nefnd eða fundin lausn á því, að mynda eftirlit gegn stuld á höfundar og sýningarrétti. Því þetta er ekkert annað en stuldur og við eigum ekki að líða það.

Að lokum vonumst við til að nafn Leikfélags Vestmannaeyja verði nú hreinsað af þessum ósóma og eigi eftir að starfa hreint um ókomna tíð.

Takk fyrir áheyrnina og megi áhugaleikfélög landsins lengi lifa.

Kær kveðja
stjórn Leikfélags Vestmannaeyja

Guðfinna Gunnarsdóttir þakkaði fyrir formannskosninguna og sagðist hlakka til að vinna að spennandi verkefnum með því góða fólki sem starfar fyrir Bandalagið. Hún sagði ánægjulegt að Leikfélag Vestmannaeyja hefði tekið á sínum málum og önnur leikfélög mættu skoða hvort það væri eitthvað í þessum aðgerðum sem þau gætu nýtt sér í sínu starfi.

F. Elli Hafliðason spurði hvort að eitthvað væri vitað um hvort fleiri þjóðir hafi lýst áhuga á að



Nanna Vilhelmsdóttir og Ásta Gísladóttir Hugleik

taka þátt í íslensk-færeysku stuttverkahátíðinni. Hann spurði líka hvaða þættir þjónustumiðstöðvar hefðu skerst við niðurskurð og hvort fósturfélagakerfið væri enn við lýði. Einnig langaði hann að vita hvort einhver leikfélög hefðu áhuga á að vera í samfloti með Leikfélagi Selfoss í tækjakaupum sem það hyggðist fara í, upp á að fá betra verð.

Vilborg Valgarðsdóttir svaraði honum því að Danir hefðu áhuga á stuttverkahátíðinni en óvíst væri um framhald hennar. Hún sagði að það eina sem hún gæti bent á að hefði skerst í þjónustu þjónustumiðstöðvar væri aðföng handrita. Hún sagði að fósturfélagakerfið væri enn við líði en sagðist ekki gera svarað neinu um tækjakaup.

Bernharð Arnarson sagði að magninnkaup á tækjabúnaði væri klárlega eitthvað sem auglýsa ætti á landsneti áhugaleikara á facebook.

Ólöf Þórðardóttir lýsti yfir ánægju með framtak Leikfélags Vestmannaeyja en sagði það alls ekki ráðlegt að einstaklingar í stjórn gengju í persónulega fjárhagslega ábyrgð á uppsetningum leikfélaga, það væri vægast samt varasamt.

Hörður Sigurðarson hvatti stjórn til að uppfæra hið snarasta fósturfélagakerfið og setja á nýja vefinn. Hann sagði sitt leikfélag áhugasamt um að taka þátt í magninnkaupum á tækjabúnaði. Hann lýsti samstarfi leikfélaga á SV-horninu, sem m.a. er fölgð í afslætti á sýningar, og hvatti önnur leikfélög til að koma á svipuðum samböndum. Hann rifjaði upp að hann hefði boðist til að halda námskeið í notkun Qlab hugbúnaðarins, sem er tól til að setja upp og keyra hljóð og (hreyfi)myndir á leiksýningum. Hann fyrirhugar að halda námskeiðið í lok maí í húsnæði Leikfélags Kópavogs.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Ágúst T. Magnússon lýsti yfir áhuga Leikfélags Seyðisfjarðar á að halda næsta aðalfund.

Guðfinna Gunnarsdóttir þakkaði Ágústi og Leikfélagi Seyðisfjarðar fyrir gott boð, fundargestum fyrir góðan og afkastamikinn fund, Þorgeiri fyrir frábært starf sem formaður undanfarin 8 ár og sleit því næst fundi.

Fundargerð rituðu Ármann Guðmundsson og Magnþóra Kristjánsdóttir.

Nokkrar ónafngreindar myndir frá hátíðakvöldverði 2. maí 2015
- fólk skemmti sér konunglega á Melum.





Ársreikningur 2014



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2014

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Kt.: 440169-0239

Bandalag íslenskra leikfélaga**ÁRSREIKNINGUR**

2014**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2014 með áritun sinni

Reykjavík, 15. mars 2015

Stjórn:

Þórgís Tiggsson
Barbra Arnarson
Guðrún Gunnarsdóttir
Dlög H. Þórfarinn
Katrín Elvén
Lis 3 H 88

Framkvæmdastjóri:

Vilborg A. Valgarðsdóttir

Áritun Bókhalds og kennslu ehf


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 20. febrúar 2015



Bókhald og kennsla ehf

Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2014 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 11. mars 2015



Anna Jóna Stefánsdóttir



Hrefna Friðriksdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2014

Rekstrartekjur	skýr	2014	2013
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarféлага		3.270.000	3.415.000
Ríkissjóðsstyrkur		5.084.000	5.000.000
Aðrir styrkir		1.000.000	2.584.000
Leiklistarskóli BÍL	1	3.779.000	2.974.500
www.leiklist.is	2	50.982	78.676
Aðrar tekjur	3	518.898	428.739
Samtals		<u>13.702.880</u>	<u>14.480.915</u>
Sala:			
Sala á farða		3.490.723	3.380.551
Sala á handritum		433.958	483.170
Sala á bókum		16.589	6.075
Samtals		<u>3.941.270</u>	<u>3.869.796</u>
Rekstrartekjur samtals		<u>17.644.150</u>	<u>18.350.711</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		2.421.383	1.696.127
Handrit		552.214	607.274
Birgðabreyting		-284.486	499.213
Afskrifaðar ónýttar vörur		121.473	5.059
Samtals		<u>2.810.584</u>	<u>2.807.673</u>
Laun og launat. gjöld	4	8.871.121	8.793.200
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	1.274.305	2.008.174
Húsaleiga		1.101.037	1.073.589
NEATA-leiklistarhátíðin	6	124.760	0
Leiklistarskóli BÍL	1	3.652.324	2.894.670
www.leiklist.is	2	25.063	24.270
Vaxtagjöld		122.931	201.332
Afskriftir fastafjármuna	6	135.028	252.166
Samtals		<u>15.306.569</u>	<u>15.247.401</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>18.117.153</u>	<u>18.055.074</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u><u>-473.003</u></u>	<u><u>295.637</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	skýr	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og húsbúnaður		89.501	120.959
Áhöld og tæki		0	103.568
Samtals		<u>89.501</u>	<u>224.527</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	3.132.802	2.969.790
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		105.505	146.802
Inneign í vsk		202.816	0
Handbært fé	8	271.388	275.921
Samtals		<u>3.712.511</u>	<u>3.392.513</u>
Eignir samtals		<u><u>3.802.013</u></u>	<u><u>3.617.040</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eigið fé og skuldir	skýr	31.12.2014	31.12.2013
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		1.334.375	1.038.738
Rekstrarhagnaður (tap)		-473.003	295.637
Eigið fé alls		<u>861.372</u>	<u>1.334.375</u>
Skuldir			
Bankareikningslán		1.866.349	1.970.459
Ýmsir lánadrottnar		740.725	140.000
Ógreiddur virðisaukaskattur		84.970	113.859
Ógreidd laun og launatengd gjöld		248.596	58.347
Samtals		<u>2.940.640</u>	<u>2.282.665</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>3.802.012</u></u>	<u><u>3.617.040</u></u>

Sundurliðanir

	2014	2013
1. Leiklistarskóli BÍL		
Tekjur		
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	3.779.000	2.974.500
Samtals	3.779.000	2.974.500
Gjöld		
Húnavallaskóli	3.652.324	2.894.670
Stjórnun leikfélaga	0	0
Samtals	3.652.324	2.894.670
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Auglýsingar	14.982	46.676
Skráningargjöld	36.000	32.000
Samtals	50.982	78.676
Gjöld		
Dropbox vefafritun	12.740	12.323
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	12.323	11.947
Samtals	25.063	24.270
3. Aðrar tekjur		
Vaxtatekjur - fjárskattur	33.070	11.952
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	485.828	416.787
Samtals	518.898	428.739
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	6.069.109	5.982.400
Lífeyrissjóðsgjöld	606.919	598.240
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	95.881	94.518
Tryggingagjald	506.712	506.042
Dagpeningar	1.592.500	1.612.000
Samtals	8.871.121	8.793.200
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Ræsting	82.500	197.540
Vátryggingar	104.269	100.690
Burðargjöld	15.030	170.538
Símakostnaður	207.540	185.739
Ríttföng	10.717	18.020
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	112.687	99.374
Kaffi og hreinlætisvörur	6.733	36.907
Framhald á næstu síðu	539.476	808.808

Sundurliðanir, framhald

	2014	2013
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Flutt af fyrri síðu	539.476	808.808
Stjórnarfundir	66.305	140.179
Aðalfundur BÍL	922.290	1.384.130
Innheimtur kostn. vegna aðalfund	-724.500	-1.078.100
Kostnaður vegna nefnda	8.923	8.473
Félagsgjald IATA	0	103.788
Félagsgjald Leiklistarsambands Ísl	20.000	20.000
Securitas, vöktun	188.436	157.526
Hugbúnaðarleiga, netbókhald.is	92.059	89.040
Ársuppgjör og bókhaldspjónusta	112.008	358.507
Áskrift og bókakaup	7.490	4.990
Gjafir	7.901	6.980
Útgáfa ársrits	20.000	0
Annar kostnaður	12.440	2.490
Fjármagnstekjuskattur	1.477	1.363
Samtals	1.274.305	2.008.174

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókfært virði 01.01	120.958	103.571	224.529
Afskrifað á árinu	31.457	103.571	135.028
Bókfært virði 31.12	89.501	0	89.501

7. Birgðir

Birgðir greinast þannig :

Saga BÍL, bókabirgðir	276.585	373.270
Farði	2.856.217	2.596.520
	3.132.802	2.969.790

8. Handbært fé

Húsaleigutrygging 0301-13-304003	268.163	262.693
Sjóður - peningakassi	3.225	13.228
	271.388	275.921

Menningarstefna

Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárinn
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inni mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldtagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
- 16.a Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé

Því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012